

Milli mála

Milli mál

Tímarit um erlend
tungumál og menningu

13. ÁRGANGUR

Ritstjórar
Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórhildur Oddsdóttir



STOFNUN
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

*Styrktarsjóði SVF er þakkaður
stuðningur við útgáfu tímaritsins*

*Milli mála er ritrýnt tímarit
og er ritrýnum þakkað þeirra framlag*

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2021

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og höfundar/þýðendur efnis.

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson
Prentun: Litlaprent ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

U201404
ISBN 978-9935-23-026-3

Efni

<i>Geir Pórarinn Pórarinsson og Þórþildur Oddsdóttir</i> Frá ritstjórum	9
RITRÝNDAR GREINAR	
<i>Birna Arnþjörnsdóttir</i> Tölvutengd tungumálakennsla: Kennslufræði, árangur og möguleikar Icelandic Online námskerfisins	15
<i>Þórþildur Oddsdóttir, Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, Vár í Ólavsstovu, Eeva-Liisa Nyqvist og Bergþóra Kristjánsdóttir</i> Når kladserne falder på plads: Ordforråd ved tekstlæsning – elevernes reaktioner	40
<i>Núria Frías Jiménez og Carmen Quintana Cocolina</i> <i>Entre visillos:</i> una propuesta didáctica para trabajar la novela de Carmen Martín Gaite con alumnado universitario no nativo	83
<i>Erla Erlendsdóttir og Oddny G. Sverrisdóttir</i> <i>Kurz und biündig, raso y corto eða stutt og laggott:</i> Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku	115
<i>Rósa Elín Davíðsdóttir</i> <i>Pieux mensonge ou mensonge blanc?</i> Les collocations dans les dictionnaires bilingues	142
<i>Yuki Minamisawa</i> Semantic Prosody in Icelandic: Focusing on the adverb <i>gersamlega</i>	165

<i>Danila Sokolov</i>	
“Pen, paper, inke, you feeble instruments”: The Precarity of Lyric Ontology in Elizabethan Sonnets	187
<i>Ásdís Rósa Magnúsdóttir</i>	
Um bókmenntaleg ævintýri í Frakklandi á 17. öld: „Hamingjueyjan“ og „Blái fuglinn“ eftir Madame d’Aulnoy	223
ÞÝÐINGAR	
<i>Pórir Jónsson Hraundal</i>	
Ibn Miskawayh og frásögn hans af innreið víkinga í Kákasusfjöllum árið 943	253
<i>Ibn Miskawayh</i>	
Umsátur víkinga í Barda árið 943	258
<i>Rúnar Helgi Vignisson</i>	
Washington Irving og „Rip Van Winkle“	263
<i>Washington Irving</i>	
Rip Van Winkle	268
<i>Atli Harðarson</i>	
Ljóðið um ketti heilags Nikulásar eftir Gíorgos Seferis . .	285
<i>Gíorgos Seferis</i>	
Kettir heilags Nikulásar	289
<i>Erla Erlendsdóttir</i>	
Um Virgilio Piñera Llera	292
<i>Virgilio Piñera Llera</i>	
Órjúfanlegt samband	295

<i>Virgilio Piñera Llera</i>	
Læðan	296
Höfundar, þýðendur og ritstjórar.	298

Frá ritstjórum

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum hefur gefið út *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu* frá árinu 2009. Tímaritið hefur hingað til komið út árlega og því er heftið, sem hér birtist, það þrettánda í röðinni. Frá og með næsta ári bætist við þemabundið sérhefti að hausti auk hins almenna vetrarheftis. Birna Arnbjörnsdóttir ritstýrir fyrsta sérheftinu sem ber yfirschriftina Nýjar rannsóknir í annarsmálsfræðum og fjölyngi á Íslandi. Tekið er við greinum til 20. febrúar 2022. *Milli mála* er í opnum vefsíðgangi (millimala.hi.is) og þar birtast ritrýndar fræðigreinar á svíði erlendra tungumála, bókmennta, málvísinda, málakennslu og þýðingafræði. Aukinheldur er hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum þýðinga smásagna og styttri ritverka. Að þessu sinni birtum við átta ritrýndar greinar um máltaekni og málakennslu, orðasambond og málnotkun og um bókmenntir.

Þrjár greinar fjalla að þessu sinni um málakennslu. Birna Arnbjörnsdóttir skrifar um notkun stafrænnar tækni í kennslu íslensku sem annars máls; Þórhildur Oddsdóttir, Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, Vár í Ólavssstovu, Eeva-Liisa Nyqvist og Bergþóra Kristjánsdóttir birta grein um kennslu dönsku og sánsku sem annars máls; og Núria Frías Jiménez og Carmen Quintana Cocolina skrifa um spænsku kennslu á háskólastigi.

Í grein Birnu er fjallað um þá möguleika sem felast í tölvutengdri tungumálakennslu. Þar fer Birna yfir sögu og þróun námskerfisins Icelandic Online en rúmlega hundrað þúsund notendur hafa lokið að minnsta kosti einu námskeiði í kerfinu og mun fleiri notendur hafa heimsótt og notað vefinn. Í grein sinni „Når kloksen falder på plads: Ordføreradet, indholdet og kulturen i teksten – elevernes reaktioner“ fjalla þær Þórhildur, Brynhildur, Vár, Eeva-Liisa og Bergþóra um val á textum í kennslu norðurlandamála. Hér er byggt á rannsókn á lesskilningi nemenda sem lærðu dönsku sem annað mál í grunnskólum á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum,

nemenda sem stunduðu nám í dönsku fyrir unga innflytjendur í Danmörku og nemenda sem lærðu sáensku í skólum þar sem finnska er ríkjandi mál.

Núria Frías Jiménez og Carmen Quintana Cocolina fjalla einnig um val á textum í kennslu en í grein sinni fjalla þær um notkun skáldsögunnar *Entre visillos* eftir spænska rithöfundinn Carmen Martín Gaite í kennslu spænskra bókmennata 19. og 20. aldar á háskólastigi.

Þrjár greinar fjalla um orðasambönd og málnotkun, hver með sínum hætti. Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir skrifa um orðapör í íslensku, þýsku og spænsku. Þær fjalla í grein sinni um flokkun orðapara en ýmist er flokkað eftir formgerð, hljóm-rænum einkennum og öðrum stíleinkennum og að lokum merkingarlegum venslum kjarnaorða. Samanburður þeirra á orðapörum í málunum þremur leiðir í ljós að bygging og notkun orðapara er sambærileg í málunum þremur.

Í greininni „Pieux mensonge ou mensonge blanc? Les collocations dans les dictionnaires bilingues“ fjallar Rósa Elín Davíðsdóttir um skráningu orðastæðna í tvímála orðabókum – ekki fastra orðasambanda, heldur laustengdra orðasambanda sem þó standa sem eining innan setningar og mynda merkingarlega heild. Það getur reynst málnotendum snúið að finna samsvörun slíkra orðasambanda í erlendu máli enda alls óvist að nákvæm hliðstæða sé til og því brýnt að skrá slík orðasambönd og leiðbeina um notkun þeirra í tvímála orðabókum.

Þriðja greinin um orðasambönd og málnotkun er eftir Yuki Minamisawa sem skrifar um notkun íslenska atviksorðsins „gersamlega“. Yuki fjallar um merkingarlegt hljóðfall orðsins, þ.e.a.s. um merkingarblæ sem greina má í notkun þess með öðrum orðum. Yuki bendir á að orðið „gersamlega“ hafi tilhneigingu til þess að vera notað með lýsingarorðum sem hafa neikvæða merkingu og hefur þar af leiðandi neikvætt merkingarlegt hljóðfall.

Að lokum birtum við tvær greinar um bókmennir eftir Danila Sokolov og Ásdísi Rósu Magnúsdóttur en bæði skrifa þau um bókmenntagreinar þar sem ástin er hefðbundið viðfangsefni. Danila fjallar um skáldlega óvissu og sjálfhverfu lýrísks kveðskapar á ensku

á síðari hluta 16. aldar. Samfélagsbreytingar og tækninýjungar, svo sem tilkoma prenttækninnar og stirð sambúð prentaðra texta og handrita, skópu bókmenntum þá ákveðinn óstöðugleika. Danila rýnir í kvaði eftir Philip Sidney, Samuel Daniel, Edmund Spenser, Giles Fletcher og Barnabe Barnes og kemst að þeirri niðurstöðu að hin hefðbundnu viðfangsefni sonnetta, þ.e. ástin, sé í raun sjálfhverf allegóría um verufræðilega stöðu textans sjálfs.

Grein Ásdísar Rósu fjallar um ævintýrabókmenntir sem voru ný bókmenntagrein í frönskum bókmenntum 17. aldar og einkum samdar af konum og handa konum en ástin var gjarnan meginviðfangsefni þeirra. Ásdís fjallar um tvær af sögum Madame d'Aulnoy, „Hamingjueyjuna“ og „Bláa fuglinn“, og setur þær í bókmenntasögulegt og menningarlegt samhengi.

Auk ritrýndra greina birtum við þýðingar úr fjórum tungumálum auk formála þýðendanna. Þórir Jónsson Hraundal hefur þýtt úr arabísku frásögn Ahmad ibn Muhammad ibn Ya'qub ibn Miskawayh af ferðum víkinga til Kákasusfjalla um miðja 10. öld en víkingar sátu um borgina Barda (í núverandi Azerbaijan) árið 943. Ritgerð ibn Miskawayh er ein af tíu til fimmtíð textum sem ritaðir voru á arabísku á 9. og 10. öld og nefna norræna menn. Hún er því mikilvæg samtímaheimild um ferðir víkinga í austurvegi eins og ritgerð Ahmad Ibn Fadlan um ferðir víkinga við Volgubakka árið 922 en hún birtist í *Milli mála* árið 2019, einnig í þýðingu Þóris.

Rúnar Helgi Vignisson birtir þýðingu sína á sögunni „Rip Van Winkle“ eftir bandaríksa rithöfundinn Washington Irving (1783–1859). Þessi smásaga hefur áður birst í íslenskri þýðingu, árið 1966, en Rúnar Helgi hefur þýtt hana að nýju og fer mun nær frumtextanum.

Atli Vilhelm Harðarson hefur þýtt úr nýgrísku ljóðið „Kettir heilags Nikulásar“ og kynnir höfundinn Giorgos Seferis, sem hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1963. Kvæðið, sem birtist árið 1969, er byggt á þjóðsögum frá 15. og 16. öld og er talið tengjast andófi gegn herforingjastjórninni á Grikklandi, sem hafði verið við völd í tæp tvö ár þegar kvæði Seferis birtist.

Að lokum birtast hér tvær örsögur eftir kúbverska höfundinn Virgilio Piñera Llera í þýðingu Erlu Erlendsdóttur. Sögurnar eiga

það sameiginlegt að bregða upp ögrandi myndum af furðulegum kringumstæðum en undir niðri verður lesandi var við óþægilega firringu og jafnvel örvaentingu persónanna.

Ritstjórar þakka höfundum, þýðendum og ritrýnum fyrir ánægjulegt samstarf. Einnig færum við prófarkalesurum þakkir: Júlían Meldon D'Arcy, Pétri Rassmussen, Pierre de Lépinay, Sigríði Harðardóttur og Sigrún Á. Eiríksdóttur; og umbrotsmanni, Valgerði Jónasdóttur. Þá var Rúnar Helgi Vignisson ritstjórum innan handar og á þakkir skildar fyrir greiðvikni og góð ráð. Minnt er á skilafrest greina og þýðinga í næsta hefti – sem er 1. apríl 2021. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu tímaritsins: millimala.hi.is.

*Geir Pórarinn Pórarinsson
Þórbildur Oddsdóttir*

Pemagreinar

Tölvutengd tungumálakennsla: Kennslufræði, árangur og möguleikar Icelandic Online námskerfisins

1. Inngangur

Fjarkennsla hefur verið mikið til umræðu í heimsfaraldri og í kjölfarið ræddar breytingar á kennsluháttum. Mála- og menningsardeild við Háskóla Íslands hafði setti sér það markmið við upphaf kennsluársins 2019–2020 að auka fjarkennslu í deildinni, sérstaklega þó blandaða kennslu þ.e. samþland af staðnámi og fjarhnámi. Gerð var áætlun um að endurskoða smám saman kennsluaðferðir í tengslum við innleiðingu á Canvas-námsumsjónarkerfinu sem myndi stuðla að blandaðri kennslu. Á sama tíma var hafist handa við að auka möguleika nýnema á tungumálanámi í sjálfsnámi þ.e. á netinu eingöngu, svokölluðu brúarnámi, m.a. í þýsku og frönsku, með það fyrir augum að auka færni nýnema í tungumálinu áður en þeir hæfu formlegt nám í deildinni. Fyrir sjálfsnámið er notað námskerfi *Icelandic Online (IOL)* sem er sérstaklega þróað fyrir tungumálakennslu á netinu en óháð ákveðnu tungumáli.

Síðan skall Covid á og áætlanir um innleiðingu blandaðrar kennslu með aðstoð tækni breyttust þegar öllu náminu í deildinni var breytt í fjarnám gegnum Canvas á einni helgi. Í kjölfarið varð umræðan í samfélaginu oft á þann veg að fjarnám væri í eðli sínu verra en hefðbundið nám, sérstaklega þjálfun tungumála. Þessi viðhorf eru m.a. rökstudd með miklu brottfalli nemenda úr fjarnámi eða svo kölluðum Massive Open Online námskeiðum (MOOC)

(LMOOC þegar tungumál eiga í hlut)¹. Hugtakið *fjarnám* er oft notað sem samheiti yfir margs konar nám, s.s. *blandað fjar- og staðnám*, *fjarnám með kennara*, *eiginlegt sjálfsnám gegnum tölvur*, *eða stýrt sjálfsnám*, en þessar myndir náms eru ólíkar og krefjast mismunandi kennslunálgana. Í þessari grein er hugtakið *blandað nám* notað um kennslu að hluta með aðstoð tækni en að hluta með kennara, oft í staðnámi. *Fjarnám með kennara* er, eins og nafnið bendir til, stutt af kennara. Eiginlegt *sjálfsnám* fer fram í annars konar námsumhverfi, án stuðnings kennara eða samnemenda og reynir þá meira á hvata nemandans sjálfss til námsins. Í *sjálfsnámi* þarf inntak námsefnisins og uppbygging kennslunnar að styðja við þann hvata til að auka líkur á því að nemandinn haldi sig við námið, en *sjálfsnám* byggð á viðeigandi kennslufræði fyrir markhópinn er góður kostur fyrir nám í fámennismálum (tungumál með fáa málhafa) í strjálbýli eins og þar sem erfitt er að koma við staðnámi vegna fólksfæðar. Þetta á við um alls konar tungumálanám, s.s. móðurmál jafnt sem erfðarmál (e. *heritage languages*) og erlend mál.

Stundum hefur heyrst að óþarfí sé að byggja upp sérstakt fjarnám í tungumálum því mikið efni á mismunandi tungumálum sé aðgengilegt á netinu. Vissulega er það rétt að aðgengi að frumgögnum á ýmsum tungumálum hefur aukist en að sama skapi mætti þá segja að ekki þurfi að kenna sagnfræði því það sé til svo mikið efni um fortíðina á netinu. Kennrarar og nemendur vita að námsefni nægir ekki alltaf eitt og sér til að nám leiði til aukinnar þekkingar eða færni í tungumáli. Og hér erum við hugsanlega komin að kjarna málsins, þ.e. að kennsla eða handleiðsla, hvort sem hún er á netinu eða ekki, felst fyrst og fremst í því að greiða fyrir góðum árangri með vali á viðeigandi námsefni, framreiðslu efnisins þannig að það gagnist nemendum við námið, og aðstoði nemendur við túlkun og tileinkun viðfangsefnisins. Þegar tungumál eiga í hlut þarf að styðja nemandann í að tileinka sér málid með því að meta málfærni við upphaf náms, setja upp námsáætlun, velja námsviðföng sem henta færnistigi, aldri og áhuga nemandans og tilgangi námsins, setja skýr markmið og marka leiðir til að ná þeim markmiðum, þ.e. stýra nemandanum gegnum námið til að greiða fyrir

¹ Lederman, „Why MOOCS didn't work“.

náminu. Þá er talað um *stýrt sjálfsnám* (*e. curated*) sem er tilvísun í val sýningarstjóra á listaverkum til sýningar eftir þema eða öðrum markmiðum, til að innihaldið myndi heild og höfði til neytandans þannig að hann átti sig á viðfangsefninu. Það sama á við um tungumálakennslu á netinu þegar búið er að velja saman aðferðir og innihald sem hæfa nemandanum og aðstoða hann við að ná námsmarkmiðum sínum².

Námsumsjónarkerfi eins og Canvas www.canvas.net eða Moodle www.moodle.com eru ágæt til að halda utan um kennslu en þess konar kerfi eru ekki hugsuð til málþjálfunar. Tungumálanám byggist ekki nema að litlu leyti á öflun upplýsinga, mati og nýmyndun (*e. synthesis*) heldur á stöðugri uppbyggingu færni í tungumáli þar til sjálfvirkni er náð bæði í samskiptaflæði (*e. fluency*) og hittni (*e. accuracy*) þ.e. að geta notað viðeigandi orð og orðmyndir í setningum sem líkjast markmálinu með skiljanlegum framburði. Til að ná færni í tungumáli í sjálfsnámi gegnum tölvur þarf nemandi aðgang að tækjum og tólum til að ná bæði flæði og hittni í tungumáli.

Icelandic Online www.icelandiconline.com er dæmi um stýrt sjálfsnám í tungumáli með vefadgangi. Kerfið er aðgengilegt í tölvum og snjalltækjum. *Icelandic Online* býður upp á sex námskeið í íslensku sem öðru máli á fimm færnistigum frá A1 til C1 á evrópska tungumálarámanum (Council of Europe). Fyrsta námskeiðið er ætlað innflyttendum en síðari námskeiðin eru þróuð með háskólaþólk í huga og miðast þemu, söguþræðir og málnotkun við þann markhóp. *IOL* er opið og gjaldfrjálst og í umsjá Tungumálamiðstöðvar við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands. Námskeiðin hafa verið notuð af yfir 330.000 notendum; innflyttendum, nemendum Háskóla Íslands og erlendra háskóla í blönduðu námi ásamt áhugamönnum um íslenskt mál og menningu um allan heim í stýrðu sjálfsnámi. *Icelandic Online (IOL)* gjörbreytti aðgengi að námi í íslensku sem öðru máli þegar það kom fyrst út árið 2004 og telst nú til opinna risanet-námskeiða (*e. Language Massive Open Online Courses*) (LMOOC). Próun kerfisins hófst fyrir 20 árum sem svar við ákalli um úrræði til að kenna íslensku sem annað/erlent mál á netinu. Skömmu áður

² Hubbard, „Curation for systemization of authentic content“; Hubbard, „Digital content curation“; Dörnyei og Ibrahim, „Directed motivational currents“; Hew, „Promoting engagement in online courses“; El Said, „Understanding how learners use Massive Open Online Courses“.

hafði komið út skýrsla starfshóps á vegum Menntamálaráðuneytisins³ um stöðu og framtíð tungutækni þar sem fram kom að grunntól í máltaekni vantaði næstum alveg fyrir íslensku og að auki vantaði fólk með menntun til að þróa slík tól. Vísað er í skýrsluna hér til að gefa mynd af því tækniumhverfi sem *IOL* bjó við í upphafi því að málföng í íslensku voru afar rýr,⁴ m.a. gátu engin forrit greint íslenskt talmál, engir talgervlar voru til og engin tól til að þýða vélrænt eða leiðréttu ritvillur, engin málöggn til að byggja á þjálfun í framburði eða þjálfa flæði í málnotkun og samtalsfærni, og orðabækur voru gjarnan alfræðirit sem nýttust byrjendum í íslenskunámi að takmörkuðu leyti.⁵ Hugmyndin um að þróa íslenskukennslu á netinu naut góðs af umræðunni um máltaekni og fékk því mikinn meðbyr innan Háskóla Íslands strax í upphafi þó að ekki væri um grunntól að ræða til að styðja við vefnámskeið á borð við *Icelandic Online* eins og lýst var í skýrslunni frá 1999.

Kennslufræði *IOL* hefur staðist tímans tönn og niðurstöður frumrannsókna á hegðun nemenda samkvæmt rakningarkerfi námskeiðanna hefur vakið alþjóðlega athygli þar sem þær hafa verið kynntar. Aðalinntak þessarar greinar er kennslufræðileg uppybyggинг *IOL* og árangur hennar og verður vikið að henni síðar en framlag *IOL* til rannsókna á tölvutengdri tungumálakennslu og hegðun nemenda á LMOOC-námskeiðum er ekki síður mikilvægt. Öllum þeim sem skrá sig á *IOL* er fylgt eftir með innbyggðu rakningarkerfi en fyrsta úrvinnsla gagna gefur góða mynd af hegðun þeirra í námskeiðunum og mismunandi námsleiðum og virkni þeirra aðferða sem þar eru notaðar. Kannanir sem gerðar hafa verið sýna viðhorf nemenda til innihalds námskeiðanna og kennslufræði vefsins og í því sambandi er vísað í doktorsrannsóknir Kolbrúnar Friðriksdóttur⁶ lesendum til nánari glöggvunar. Óhætt er að fullyrða að rakningargöggnin séu nánast einsdæmi í heimi tölvutengdrar tungumála-kennslu þar sem árangur námskeiða er oftast metinn annaðhvort út

³ Menntamálaráðuneytið, *Tungutækni*.

⁴ Menntamálaráðuneytið, *Tungutækni*.

⁵ Birna Arnþjörnsdóttir, „Orðabækur, málfræðigrunnar og netkennsla“.

⁶ Kolbrún Friðriksdóttir, „The impact of different modalities“; Kolbrún Friðriksdóttir, „The effect of tutor-specific and other motivational factors“; Kolbrún Friðriksdóttir, „The effect of content-related and external factors“; Kolbrún Friðriksdóttir, „Significant determinants of student retention“.

frá rafrænum rakningarkerfum eða viðhorfum nemendanna⁷ en ekki hvoru tveggja, sem er raunin varðandi *Icelandic Online*. Rannsóknir Kolbrúnar eru byggðar á úrvinnslu gagna úr rakningarkerfi *IOL* um hegðun nemenda (hvað þeir gera) en líka úr viðhorfskönnunum (hvað þeir segjast gera og hvers vegna).⁸ Rannsóknir Kolbrúnar hafa þegar leitt í ljós að nemendur í blönduðu fjar- og staðnámi eru líklegastir til að halda sig að náminu.⁹ Þá benda niðurstöður Kolbrúnar á rakningu nemenda í *IOL* til þess að endurskoða þurfi hefðbundin viðmið um brottfall í LMOOC-námskeiðum almennt og að með endurskoðuninni muni þessi tala um brottfall lækka til muna.¹⁰

En hér er sjónum beint að námskerfi *Icelandic Online* og þá aðallega að þeim kennslufræðilegu meginreglum sem kerfið er byggt á. Þá verður lýst viðtökum nemenda við þeim námsviðföngum sem þar eru í boði. Viðtökurnar grundvallast á niðurstöðum blandaðrar rannsóknar á *Icelandic Online* út frá innbyggðu rakningarkerfi annars vegar og viðhorfskönnunum hins vegar. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um hvaða/hvers konar námsefni og kennslufræði hentar uppbryggingu tungumálanáms í stafrænu umhverfi almennt. Að lokum eru fáein orð um framtíðarnotkun námskerfis *Icelandic Online*.

2. Aðdragandi og þróun *Icelandic Online* námskerfisins

Í *Icelandic Online* er notað námskerfi sem er sérstaklega þróað fyrir sjálfsnám í tungumálum á netinu en óháð ákveðnu tungumáli.¹¹ Höfundur hefur verið verkefnisstjóri *Icelandic Online* frá upphafi og aðalhöfundur þeirrar kennslunálgunar sem einkennir *IOL*, auk þess að hafa leiðbeint við doktorsrannsóknir sem tengjast verkefninu og vísað er í síðar í þessari grein. Sem fyrr segir er *IOL* í grunninn stýrt

⁷ Gillespie, „CALL research: Where are we now?“.

⁸ Kolbrún Friðriksdóttir, „Significant determinants of student retention“.

⁹ Kolbrún Friðriksdóttir, „The effect of tutor-specific and other motivational factors“.

¹⁰ Kolbrún Friðriksdóttir, „The effect of content-related and external factors“; Kolbrún Friðriksdóttir, „The impact of different modalities“.

¹¹ Birna Arnþjörnsdóttir, „Teaching morphologically complex languages online“.

sjálfsnám sem er opið öllum á netinu en sum námskeið eru líka kennd í blönduðu námi, þ.e. fjarnámi með staðnámi á vegum Námsbrautar í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands og enn önnur í fjarnámi með aðstoð kennara á vegum Tungumálamiðstöðvar. Í öllum þremur námsleiðum er námið byggt á sama stýrða sjálfsnáminu en mismunandi námsleiðir gefa mikla möguleika á því að rannsaka árangur mismunandi tegunda fjarnáms, hegðun nemenda í námi á netinu og þá hvort kennslufræðin sem er undirstaða námskeiðanna nýtist nemendum við námið. Notendum *IOL* hefur verið fylgt eftir nánast frá upphafi með innbyggðu rakningarkerfi og úrvinnsla rakningargagna er hafinn. Hér verður sjónum beint að árangrinum af þeim viðamikla undirbúningi sem fór fram til að þróa árangursríkar kennsluaðferðir í *IOL* í ljósi þess hvernig verið er að þróa kennsluaðferðir almennt í fjarnámi á netinu. Greinin er innlegg í umraðu um kennslufræði netkennslu sem enn er langt á eftir nettengdum tækninýjungum. Tölur úr rakningarkerfinu og niðurstöður úr viðhorfskönnunum Kolbrúnar Friðriksdóttur¹² eru m.a. notaðar til að skoða virkni þeirra kennslufræðilegu meginreglna (e. *principles*) sem einkenna námskeiðin í *IOL*, þar á meðal notkun stuðningsmiðla, vali á námsefni og almennt skipulag þess, skýr markmið í upphafi, notkun vinnupalla (e. *scaffolded*) þ.e. lagskipta framsetningu efnisins, söguþræði, *fókus á form* og lagskipta framsetningu málfræði. Í viðhorfskönnunum er jafnframt spurt um viðhorf til fjölbreytni í framsetningu námsviðfanga í því skyni að mæta þörfum fullorðinna með mismunandi námsstíl (e. *learning style*). Því betur sem efnið hæfir nemandanum og markmiðum hans, því líklegra er að tungumálanám hans verði árangursríkt.

Þróun *Icelandic Online* hófst árið 2001 sem samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Námsbrautar í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands, Stofnunar Sigurðar Nordals (nú Alþjóðasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum) og fjögurra evrópskra háskóla sem kenndu námskeið í íslensku, auk háskólans í Wisconsin sem lagði til íslenskenska orðabók. Þróun *Icelandic Online* fór fram hjá Stofnun Vigdísar og var mikilvægt að verkefnið skyldi strax fá mikinn meðbýr bæði

12 Kolbrún Friðriksdóttir, „Significant determinants of student retention“.

frá lykilstjórnendum Háskólans og helstu stofnunum innan skólans. Evrópusambandið og síðar Nordplus hafa stutt verkefnið fjárhagslega á þeim 20 árum sem það hefur verið í þróun og er óhætt að segja að án stuðnings þessara erlendu sjóða, sérstaklega þeirra norrænu, hefði ekkert orðið af verkefninu.

Meðal þeirra sem tóku þátt í upphaflegum undirbúningi *Icelandic Online* voru sérfræðingar í annarsmálsfræðum, íslenskufræðingar og reynslumiklir kennarar á sviði íslensku sem annars máls bæði á Íslandi og erlendis. Þessi breiði hópur lagði til kennslufræðinnar að baki *IOL* afar gagnlega reynslu og þekkingu. Þá fékkst til samstarfs reyndur verkefnisstjóri úr tæknigeiranum sem var líka málfræðingur að mennt. Pátttaka hans í verkefninu átti eftir að skipta sköpum því að á þessum tíma var mest áhersla lögð á að nýta allra nýjustu tækni við kennslu með tölvum (e. *computer assisted language learning (CALL)*) í þessum geira en kennslufræðin varð hornreka. Tæknistjórinn lagði hins vegar strax upp með að tæknin ætti að þjóna þörfum nemenda en ekki öfugt. Þessi stefna hefur verið höfð að leiðarljósi í verkefninu frá upphafi en kennslufræðin og verklagið sem notað var til að þróa verkefnið áfram er enn við lýði þó að *IOL*-vefurinn hafi verið uppfærður tæknilega, t.d. til notkunar í snjalltækjum.

Námskerfi *IOL* er byggt á 40 grunnmynstrum, m.a. videóum og margskonar gagnvirkum námsviðföngum sem má raða saman eftir því hvaða þættir málsins eru þjálfaðir hverju sinni. Skýrir verkferlar stýra þróuninni frá markmiðum til miðlunar. Ritstjórn setur fram markmið í orðaforða, málfræði og málnotkun fyrir hvert færnistig sem byggist á evrópska tungumálarammanum,¹³ stikaðar eru leiðir að markmiðunum og handrit unnin og endurbætt á tíðum ritstjórnarfundum áður en forritun hefst. Í dag geta kennarar og náms-efnishöfundar *IOL* þróað ný námskeið án aðkomu sérstakrar forritunar. Verklagið sem mótað var í upphafi gerði það að verkum að fjögur ár tók að þróa fyrsta námskeiðið í *Icelandic Online*, *IOL1*, en sum hinna síðari aðeins nokkra mánuði.

Ein af þeim áskorunum sem höfundar kennsluefnis *IOL* stóðu frammi fyrir í upphafi var skortur á grunnmáltækni í íslensku sem

¹³ Council of Europe, *Common European Framework of Reference for Languages*.

hægt væri að nýta sem stuðningsmiðla, eins og áður er lýst. Þau hefðbundnu uppsláttarrit sem til voru, s.s. orða- og málfræðibækur, hentuðu ekki vel byrjendum í íslenskunámi enda ekki ætluð þeim. Verkið hófst því á að þróa og aðlaga stuðningsmiðla, svo sem málfræðilýsingar og orðabækur, svo að þær nýttust sem handbækur aðlagðar að færnistigi nemenda og innihaldi námskeiðsins.¹⁴ Síðar fengu nemendur aðgang að beygingarlýsingu íslensks nútímamáls (BÍN). BÍN og aðra stuðningsmiðla *IOL* má finna í svokölluðu Resource Center sem nefnt hefur verið *Úlfar* (mynd 1) eftir einum helsta hvatamanni *Icelandic Online*, Úlfari Bragasyri, fv. forstöðumanni Stofnunar Sigurðar Nordals.



Mynd 1. Úlfar Resource Center.

Bæði þá og nú er erfiðara að þjálfa talmál og veita endurgjöf á ritun gegnum tölvur en í hefðbundnu námi nema í stærstu tungumálum heims þar sem máltaekni er lengst komin. Það er mikill kostur að í dag er greiður aðgangur að fjölmálaorðabókum, m.a. íslensku s.s. Íslex <https://islex.arnastofnun.is/is/> sem tengja má námskeiðum með einföldum krækjum. Enn er þó hvorki unnt að veita endurgjöf á ritun né þjálfa samtalsfærni eða framburð en það stendur til bóta eins og fram kemur í lokaorðunum. Netkennsla býður engu að síður upp á mikla möguleika til að kenna orðaforða, hlustun og lestur en þó sérstaklega til að gera málfræðiæfingar gagnvirkar og myndrænar í merkingarlegu samhengi. Með tölvum er hægt að sýna hvernig tungumálið virkar fremur en að lýsa því og slíkir mögu-

¹⁴ Birna Arnþjörnsdóttir, „Orðabækur, málfræðigrunnar og netkennsla“.

leikar er vel nýttir í *Icelandic Online*. Kennslufræði *Icelandic Online* verður lýst í næsta undirkafla.

3. Kennslufræðin að baki *IOL*: Að kenna fullorðnum tungumál á netinu

Kennslufræðin tók mið af því að fyrir 20 árum höfðu nemendur litla reynslu í notkun stafrænna miðla. Þar var mikill munur á eldri og yngri nemendum og það kallaði á skýrar leiðbeiningar með námskerfinu. Þetta hljómar nú nánast spaugilega þegar mismunandi tölvuviðmót er ekki talið til mikilla trafala í námi á netinu. Þá hamlaði takmarkaður nethraði notkun gagnvirks námsefnis og myndefnis. Hraði niðurhals var ekki lengur fyrirstaða þegar kerfið var uppfært til notkunar í snjalltækjum árið 2016 og þá var hægt að bæta við myndefni og fjölda gagnvirkum æfingum.

Kennsluaðferðir *IOL* miðast við skýrt afmarkaðan markhóp sem eru aðallega fullorðnir nemendur með einhverja menntun og reynslu af tungumálanámi. Kennslufræðin er m.a. byggð á sam-skiptakenningunni (e. *communicative language teaching*),¹⁵ félags- og menningarnálgun Vygotskis (e. *socio-cultural approach*) og kenningum um máltileinkun fullorðinna eins og lýst er hér að neðan, þ.e. tækni sem þjónar námsmarkmiðunum og fjölbreyttu innihaldi sem höfðar til markhópsins. Það sem greinir námskeið *IOL* frá þeim mikla fjölda smáforrita og tungumálanámskeiða sem til er á netinu¹⁶ er að *IOL* byggir upp málfærni á markvissan hátt eftir fyrirfram ákveðinni kennslufræði sem hentar markhópnum og markmálinu og byggist á almennum, viðurkenndum kenningum um eðli tungumála og tungumálanáms og fjölbreyttri framsetningu sem hentar alls konar námsstíl.¹⁷ Mikil vinna fór því í að setja fram markmið í náminu og þróa kennsluaðferðir til að ná þessum markmiðum, sem byggðust á kenningum annarsmálsfræða um tungumálanám fullorðinna (en ekki t.d. ungra barna). Tillit var líka tekið til þess að íslenska hefur ríkulegt beygingarkerfi sem reynst hefur

¹⁵ Sjá t.d. Canale og Swain, „Theoretical bases of communicative approaches“.

¹⁶ Blake, „Current trends“; Sigurbjörn Valdimarsson, „English language learning apps“.

¹⁷ Chapelle, *Computer applications in language teaching*.

fullorðnum nemendum erfitt að tileinka sér. Með tölvum er hægt að kenna beygingar nafnorða og sagna á gagnvirkan og lifandi hátt.¹⁸ Fjarnám *IOL* flokkast því undir stýrt sjálfssnám.

4. Prenns konar markmið: Orðaforði, málfræði og málnotkun í merkingarlegu samhengi

Færnistig *IOL* fylgja evrópska rammanum¹⁹ og kennslunálgunin er löguð að færni nemenda. Í byrjun er mesta áherslan lögð á málíð sjálft, m.a. með því að byrja á að kenna málnotkun við málathafnir sem fullorðnir nemendur þekkja, s.s. kveðjur og kynningar, og almenna málnotkun við hversdagslegar athafnir. Oftast fylgjast nemendur með daglegu lífi ákveðinna persóna og fylgja söguþræði. Prenns konar markmið eru sett fyrir hvert námskeið: á svíði orðaforða, málfræði og málnotkunar, og allt efni er valið eftir því hvort það þjónar markmiðunum en alltaf í merkingarlegu samhengi við söguþráðinn. Nemendum eru kynnt markmiðin í upphafi hverrar námslotu, eða bálks, þ.e. hvað þeir eru að fara að læra og hvers vegna. Leiðir að þessum markmiðum fylgja eftirfarandi kenningarlegum viðmiðum og meginreglum:²⁰ Nemendur (sem eru fullorðnir) hafi gagn af markvissri kennslu við uppbyggingu tungumálsins (og meiri þörf fyrir beina kennslu en t.d. börn), þeir búa yfir mikilli, almennri samskiptafærni sem nýtist í náminu, þeir hefja tungumálanám eins og hvert annað nám þar til sjálfvirkni fer að gæta á efri færnistigum, þeir kunna fyrir a.m.k. eitt tungumál sem þeir geta nýtt sér (þótt það geti líka verið hamlandi við námið), þeir læra beygingar eftir reglum en líka utanbókar, þeir hafa tamið sér ákveðinn námsstíl og nota ýmsar námsaðferðir til að tileinka sér reglur, muna orð, átta sig á mynstrum o.s.frv.²¹ Í næsta hluta verður lýst hvernig þessar meginreglur stýrðu kennslu málfræði, orðaforða og málnotkunar.

18 Birna Arnþjörnsdóttir, „Teaching morphologically complex languages online“.

19 Council of Europe, *Common European Framework of Reference for Languages*.

20 Chapelle, *Computer applications in language teaching*.

21 Birna Arnþjörnsdóttir, „Orðabækur, málfræðigrunnar og netkennsla“.

4.1. Málfræði

Strax í upphafi var ákveðið að fylgja kennungum Vygotskis um félags- og menningarnálgun.²² Það þýðir að allar innlagnir og æfingar eru í merkingarbæru samhengi og í byrjun er notast við lagskipta kennslu, svokallaða vinnupalla, (e. *scaffolding*) sem síðan eru smám saman teknir burt. Nemendur eru aldrei bednir um að leysa verkefni sem þeir hafa ekki verið undirbúnir fyrir. Málfræðin er sett fram samkvæmt kennungum um eftirtekt (e. *noticing*)²³ sem felast m.a. í því sjónarmiði að í upphafi tungumálanáms fullorðinna skipti eftirtekt meira máli en hjá börnum, þ.e. að auðvelda megi námið með því að vekja athygli nemandans á ákveðnum málfræðilegum atriðum í málínu. Þess vegna er notaður *fókus á form* í kennslu málfræðinnar.²⁴ *Fókus á form* þýðir að nemandanum er bent á málfræðileg atriði í merkingarlegu samhengi þeirra. Oftar en ekki er um eitt til tvö atriði í texta að ræða sem eru þá merkt með sérstökum lit til að vekja á þeim athygli. Í *IOL* er þetta gert með því að lita ákveðin orð í textanum og með því að smella á orðin má fá skýringu á málfræði eða notkun. Nemandinn getur kosið að fá 1) engar málfræðiupplýsingar 2) stuttar lýsingar á málfræðiatriðum (ein lína) eða 3) frekari skýringar á málfræðilegri hegðun málsins úr sérstökum málfræðigrunni. Öll atriðin má sjá í eftirfarandi innlögn²⁵ úr *IOL*. Á mynd 2 má sjá textann eins og hann kemur fyrir án *fókuss á form*.

22 Sjá m.a. Lantolf, *Sociocultural Theory of Language Development*.

23 Schmidt, „Attention“.

24 Doughty og Williams, *Focus on Form*.

25 Innlögn á við efni sem er lagt inn í kennslu (e. The women in our study furthermore seem to find themselves torn between, family, the pressure of publishing, and personal ambition and a competitive, male oriented work environment.). Ílag (e. *input*) er notað um málið sem nemandinn heyrir almennt, hvort sem er í eða utan skólastofunnar.

TÖLVUTENGD TUNGUMÁLKENNNSLA

The screenshot shows a task card titled "Hvar er taskan?". It features a photograph of a blue handbag. Three users are interacting: BETTINA, KATRÍN, and another BETTINA. The first BETTINA asks "Hvar er taskan min?". KATRÍN responds with "Ha...taska? Er þetta taskan þín?". The second BETTINA confirms with "Já, þetta er taskan min.". The interface includes a navigation bar with back and forward arrows, a search bar, and a progress bar indicating 2/10 completed.

Mynd 2. Fókus á form með litakóða til að vekja athygli nemandans á ákveðnum málatriðum. Hér eru engar skýringar gefnar.

This screenshot is similar to Mynd 2 but includes a "Grammar help" callout. It states: "Nouns can either have a definite article attached to them or stand on their own. READ MORE..." with a red link button. The rest of the interaction and interface are identical to Mynd 2.

Mynd 3. Ein lína (e. one liner) til að útskýra málfræðiatriði.

Þegar smellt er á rauða hnappinn er í stuttu máli vakin athygli á ákveðnu málfræðiatriði, hér beygingu kvenkynsnafnorða sem enda á -a. Vilji nemandinn frekari skýringu getur hann kallað fram glugga inni í málfræðigrunni til frekari skýringar, eins og sést á mynd 4.

This screenshot shows a detailed grammar explanation for "Nouns". It states: "Nouns can have a suffixed article or stand on their own. When they have the suffixed article, they are definite." Below this, it says: "Nouns are masculine, feminine or neuter. The form of the article depends on the gender of the noun." A table then lists the suffixes for each gender: "masculine" (-inn), "feminine" (-ið), and "neuter" (-ð). Examples include "bolur-inn" (masculine), "peysa-n" (feminine), and "bælti-d" (neuter).

Mynd 4. Hefðbundin skýring á málfræðiatriði í málfræðigrunni.

Með því að framreiða málfræðiupplýsingar í misdjúpum lögum er þeim nemendum þjónað sem ekki kæra sig um frekari málfræðiupplýsingar en líka þeim sem nota aðra námsaðferð eða námsstíl og kjósa nákvæmari skýringar á málfræði.

Önnur meginregla varðandi kennslu málfræði fylgir kenningum Pinkers og Prince²⁶ um skiptingu sagna og (annarra fallorða) í two stóra flokka eftir því hvort þau beygjast reglulega eða ekki, t.d. sagnir sem taka reglulega (veika) beygingu, s.s. *tala / talaði*, sem segja má að séu myndaðar með reglu (t.d. myndun þátiðar með *-aði / -ði*) og sagnir sem taka óreglulega (sterka) beygingu (t.d. *lesa / las*) og eru því ófyrirsjáanlegri en þær reglulegu (en þó ekki alveg). Með tilliti til tileinkunar þarf þá að vekja athygli á forminu og mikilvægi þess í merkingu orðsins og samskiptum og kenna reglu sem beitt er á mjög stóran flokk sagna sem beygist veikt, m.a. með því að sýna hvernig orðmyndir breytast. Innlögninni er fylgt eftir með æfingum í samhengi og utan þess. Þar eð meira reynir á minnið við tileinkun óreglulegra sagna en þeirra reglulegu þarf að auka tíðni þeirra í námsefninu, hjálpa nemandanum að muna formið með minnistækni og vefja það inn í æfingar á seinni stigum til að minna á það og styrkja. Notast er við myndræna framsetningu eins og unnt er og aðrar aðferðir²⁷ til að hjálpa nemendum að muna.²⁸ Í viðhorfskönnununum, sem lýst verður í síðari köflum, var spurt sérstaklega hvernig nemendum líkaði *fókus á form* og vinnupalla, þ.e. lagskipta framsetningin (e. *scaffolding*).

4.2. Orðaforði

Í byrjandanámskeiðunum í *IOL* er orðaforði lagður inn á myndrænan hátt og í merkingarbæru samhengi. Byrjandanámskeiðunum fylgja líka sérstakir orðalistar yfir lykilord í námslotunni. Þá eru settar upp fjölmargar og mismunandi gagnvirkar orðaforðaæfingar áður en nemandinn þarf sjálfur að nota orðin. Þessi aðferð er gamalkunn og hana mætti kalla: innlögn – æfing – notkun (e. *presentation*,

²⁶ Pinker og Prince, „On language and connectionism“.

²⁷ Oxford, *Language Learning Strategies*.

²⁸ Sjá nánar m.a. í Birna Arnbjörnsdóttir, „Teaching morphologically complex languages online“ og „Kennsla tungumála á netinu“.

practice, production). Við kennslu orðaforða er þess gætt að nemandinn hitti fyrir orðið í textum og æfingum sex til átta sinnum í námslotunni. Á síðari færnistigum er nemandinn undirbúinn með svokölluðum foræfingum, m.a. orðaforðainnlögnum, áður en tekist er á við munnlega og ritaða texta. Orðaforði er ofinn inn í söguþráðinn eftir ákveðnum þemum. Mikill undirbúningur felst í því að fléttta saman námsefni til að ganga úr skugga um að nemandanum sé ekki komið á óvart með verkefnum sem honum hafa ekki verið kynnt áður. Að sama skapi reyndi á sköpunargáfu höfunda við að matreiða efnið ávallt þannig að það hefði merkingargildi fyrir nemandann með því að fléttta saman innlögnum og æfingum í merkingarbæra, munnlega og ritaða texta sem fylgja ákveðnum persónum og sögum þeirra. Þannig var málnotkun kynnt og æfð. Í viðhorfskönnum sem lýst er hér á eftir var spurt um hvaða áhrif fjölbreytileiki æfinganna hefði haft.

4.3. Söguþráður og málnotkun

Málnotkun er kennd þannig að hún mæti þörfum þeirra sem stunda námið og þannig að nemendur sjái tilgang í að tileinka sér tungumálið. Fyrsta námskeiðið í *IOL*, sem nefnist Bjargir, er ætlað innflytjendum á Íslandi og þar er fylgst með ungu fólk, Ewu og Daniel, þar sem þau koma sér fyrir í Reykjavík, bæði í vinnu og heima, og farið er yfir helstu málaathafnir sem fylgja því að sækja um vinnu, eiga samskipti í vinnu og utan hennar, og öðru sem nauðsynlegt er við að afla þeirra bjarga sem þarf þegar sest er að í nýju landi. Æfingar miðast að því að nemandinn þjálfist í málnotkun sem fylgir viðkomandi málathöfnum. Í seinni námskeiðunum er fjallað um líf ungs fólk og samskipti við ýmsar almennar athafnir í námi, s.s. að hlusta á fyrirlestra, og eiga samskipti í vinnu og frístundum, t.d. á kaffihúsi og í sundi. Í námskeiðum á efstu færnistigunum er umfjöllunin íslensk menning og bókmennir. Í rannsóknunum á notkun *IOL* var mælt sérstaklega hvort tilgangur með náminu og sérstakur og áhugaverður söguþráður hefði áhrif á hvata nemenda til námsins.²⁹ Notkun námsefnisins og við-

29 Kolbrún Friðriksdóttir, „The effect of tutor-specific and other motivational factors“.

horf nemenda til framsetningar þess og kennsluáherslna hvað varðar m.a. málfræði, orðaforða og málnotkun auk innihalds námsins (söguþráða), notkun stuðningsmiðla voru skoðuð með könnunum og rakningu sem lýst er í næstu undirköflum.

5. Rakningarkerfi *Icelandic Online*

Með innbyggðu rakningarkerfi *Icelandic Online* er notandanafn nemandans, kyn, aldur, menntunarstaða og fyrsta mál við upphaf náms skráð með dulkóðun og safnað í gagnagrunn. Þetta gerir kerfinu kleift að fylgjast með hverjum nemanda frá því að hann skráir sig í námskeið, þ.e. ferli hans eftir því sem hann fikrar sig áfram í námskeiðinu og þar til hann skráir sig út. Gögnunum er safnað í sérstakan gagnagrunn.³⁰ Úr námskeiðunum er því óhemju-mikið til af gögnum um hegðun nemenda sem fræðimenn eru rétt nýlega byrjaðir að skoða. Í næsta kafla verður fjallað sérstaklega um notkun stuðningsmiðla, brottfallsmynstur (m.a. hvaða vísbindingu það gefur um áhrif innihalds námskeiða á brottfall nemenda), áhrif söguþráðar og hvort fjölbreytni skiptir máli í framsetningu efnis, þ.á m. *fókus á form og vinnupallar*. Það skal tekið fram að tölurnar byggjast að miklu leyti á doktorsverkefni Kolbrúnar Friðriksdóttur³¹ sem hefur unnið úr gögnum í rakningarkerfinu. Nákvæmari lýsingar, m.a. á brottfalli og ástæðum þess, má finna í greinum Kolbrúnar³² en umfjöllunin hér fyrir neðan er samantekt um tengsl kennslufræðilegra atriða og hvata nemenda til námsins.³³ Í næsta undirkalpa verða skoðuð tengsl brottfalls og kennslufræði nám-skeiðanna í *IOL*.

³⁰ Kolbrún Friðriksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, „Tracking student retention“. Kolbrún Friðriksdóttir, „Significant determinants of student retention“.

³¹ Kolbrún Friðriksdóttir, „Significant determinants of student retention“.

³² Kolbrún Friðriksdóttir, „The impact of different modalities on student retention“. Kolbrún Friðriksdóttir, „The effect of tutor-specific and other motivational factors“. Kolbrún Friðriksdóttir, „The effect of content-related and external factors“.

³³ Sjá einnig Kolbrún Friðriksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, „The resourceful CALL learner“. Kolbrún Friðriksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, „Determining factors“. Birna Arnbjörnsdóttir, Branislav Bedi og Kolbrún Friðriksdóttir, „Icelandic Online“.

5.1. Niðurstöður rakninga

Á fyrstu árum verkefnisins reyndist nauðsynlegt að þróa og laga einfalda orðalista og málfræðigrunna að færni nemenda og innihaldi námsefnisins og tengja við námskeiðin. Í júlí 2006 var tekin saman tölfraði úr eldra rakningarkerfi um notkun stuðningsmiðlanna. Á þeim tíma höfðu 5.426 nemendur skráð sig í námskeið (ólíklegt er þó að allir hafi í raun lokið öllum námskeiðunum). Þá voru námskeiðin *IOL1 Menning*, *IOL1 Náttúra* og *IOL2* í boði og af þeim tæplega 5.500 nemendum sem skráðu sig inn nýttu aðeins 1,9% þeirra þá fjóra stuðningsmiðla sem tengdust námskeiðinu, þ.e. málfræðigrunn, orðalista, beygingarlýsing (BÍN) og sér vef um sagnbeygingu sem síðan hefur verið lagður niður. Af þeim nýttu sér flestir málfræðigruninn, eða 1,1%, aðeins 0,6% flettu orðabókinni og enn færri sóttu í beygingarlýsingarnar. Í kjölfarið var dregið úr áherslunni á að þróa stuðningsmiðla enda voru umfangsmeiri íslensk tól óðum að verða aðgengileg almenningi, þ.á m. nemendum *IOL*. Í staðinn var reynt að fléttta eins miklum viðeigandi upplýsingum inn í námskeiðin sjálf og hægt var. Frumkannanir á gögnum úr nýja rakningarkerfinu frá 2010 til 2018 benda til þess að meirihluti nemenda á þeim árum hafi notað lagskiptu málfræðilýsinguna, þ.e. einnar línu skýringuna (e. *one liner*) og svo lengri lýsingu í glugga, en einnig orðabókina og Beytingarlýsingu íslensks nútímamáls (BÍN). Mögulegar ástæður fyrir því að notkun hjálparmiðla jókst eru að 1) eldri tölur eru ekki lýsandi þar sem mjög fáir af fyrstu tæplega 5.500 notendum fóru í raun í gegnum allt námskeiðið, 2) með því að fella málfræðina inn í textann með *fokus á form* eru nemendur líklegri en ella til að nota málfræðigrunn, og 3) fleiri en áður nota *IOL* sem hluta af einingabæru staðnámi og fá ein-kunn fyrir námskeiðin og eru því líklegri en áður til að nota stuðningsmiðla, en einnig er hugsanlegt að nemendur séu líklegri nú til að nota þá en heimatilbúnu miðlana forðum þar sem stuðningsmiðlar eru einfaldlega orðnir betri og fjölbreyttari en raunin var í upphafi og nemendur einfaldlega snjallari að nýta sér kosti vefsins en áður. Frekari rannsóknir á gögnunum auka vonandi skilning okkar á gagnsemi stuðningsmiðla og búast má við að þeir séu meira notaðir en fyrstu niðurstöður rannsókna okkar benda til.

Úrvinnsla úr gögnum úr rakningarkerfinu um hegðun 43.000 nemenda í *IOL* frá 2010–2018 leiddi í ljós áhugaverðar niðurstöður um brottfall þvert á þrjú mismunandi námsframboð, þ.e. stýrt sjálfsnám, sjálfsnám með aðstoðarkennara og blandað fjar- og staðnám. Auk þess að kalla eftir breytingum á hvernig brottfall er mælt, eins og lýst var í upphafi greinarinnar, sýndi rakningarkerfið skýra „brottfallstoppa“ á ákveðnum stöðum í námskeiðunum, m.a. við lok söguþráða og fyrir eða eftir verkefni. Þessar niðurstöður leiddu til frekari kannana Kolbrúnar á því hvort tengja mætti brottfall eða dvöl í námskeiði innihaldinu, s.s. söguþræði og tilteknum námsviðföngum.³⁴

Rafrænu rakningunni var því fylgt eftir með viðhorfskönnunum meðal þeirra sem hættu í námskeiðum og þeirra sem eru taldir hafa lokið þeim. Kolbrún sendi þeim nemendum sem sótt höfðu námskeiðið *IOL2* á árunum 2010–2018 könnun og áttu því skráða sögu um námshegðun í rakningarkerfinu. Svör 400 nemenda víða að úr heiminum fengust. Meðalaldur þeirra reyndist vera 39 ár og 74% eru með háskólagráðu.³⁵ Hér verður örlítið fjallað um svör þeirra við spurningum um áhrif námsefnis og framsetningu þess á hvatann til að halda sig við námið en flestir nemendanna töldu að námsefnið hefði haft jákvæð áhrif og leitt til áframhaldandi þátttöku þeirra í námskeiðunum. Spurt var sérstaklega hvort eftirfarandi einkenni námskeiðanna hefðu haft áhrif á hvata svarenda til að halda áfram í námskeiðinu: val námsefnis og almennt skipulag þess, skýr markmið í upphafi námslota, *fokus á form* og lagskipt framsetning málfræði, fjölbreytni námsviðfanga og söguþræðir.³⁶

Um þrír fjórðu svarenda í könnunum sögðu að val og skipulag námsefnisins hefðu haft jákvæð áhrif á hvata þeirra til námsins, eða 73,8% (n = 295), og 60% (n = 240) töldu framsetningu hafa hjálpað þeim að fókusera á efnið í námskeiðinu. Þá sögðu 55% (n = 220) svarenda að skýr markmið í upphafi hefðu haft jákvæð áhrif á hvatann til námsins og 77% þeirra 400 sem svöruðu sögðust frekar kjósa að markmiðin væru sett fyrir þá en að setja sér markmið sjálfir. Í framhaldi af því sögðust langflestir svarenda, eða tæp 85% (n =

³⁴ Kolbrún Friðriksdóttir, „Significant determinants of student retention“.

³⁵ Kolbrún Friðriksdóttir, „The effect of content-related and external factors“.

³⁶ Kolbrún Friðriksdóttir, „Significant determinants of student retention“.

339), vera ánægðir með lagskipta framsetningu námsefnisins og að hún væri hvetjandi. *Fókus á form* og lagskipting málfræðinnar höfðu jákvæð áhrif á hvata hjá 66,2% (n = 265) svarenda. Rúm 82% (n = 329) svarenda voru ánægð með fjölbreytnina í námsviðföngunum. Í tengdum undirspurningum sögðu tær 90% svarenda að fjölbreytni gerði námið skemmtilegt, 81% af 400 svarendum töldu námsefnið skýrt fram sett og tær 80% nýttu sér oft hljóðdæmi og endurgjöf. Tær 70% töldu söguþráðinn mikilvægan fyrir hvatann til námsins og 72% sögðu hann almennt skemmtilegan (e. *fun*). Þeir nemendur sem lýstu sig ánægða með námskeiðin og töldu að þau hvettu til námsins voru líklegrir til að ljúka námskeiðinu en þeir sem hættu námi.³⁷ Þó var ekki mikill munur þar á, sem bendir til þess að nemendur hafi hætt af öðrum ástæðum en þeim sem tengdust námsefinu. Það er ljóst af þessum niðurstöðum að langstærstur hluti nemenda telur námsefnið og framsetningu þess hvetjandi til námsins og að höfundar *IOL* hafi haft erindi sem erfiði við þróun kennsluaðferða *IOL*. Þessar niðurstöður eru góðar leiðbeiningar þegar þróa á kennslufræði tungumála á netinu, sérstaklega fyrir fullorðna.

5.2. Námskerfi IOL og kennsla tungumála

Námskerfi *Icelandic Online* er óháð tungumálum og er þegar nýtt til að kenna færeysku (www.faroeseonline.com) og finnlandssænsku (www.finnlandswedish.fi). Við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands er verið að þróa svokölluð brúarnámskeið í frönsku og þýsku sem byggjast á *IOL*-kerfinu og er ætlað að styrkja undirbúning nýnema í þeim tungumálum. Með þeim er leitast við að mæta þörf sem skapast hefur vegna styttингar framhaldsskólanáms og bitnað hefur á þjálfun nemenda í þriðja máli. Þá eru *IOL*-námskeiðin notuð sem undirbúningur fyrir talæfingar og samskipti í *Virtual Reykjavík* sem er sýndarheimur þar sem sýndarverur eru þróaðar til að tala við íslenskunema og þjálfa þá í málnotkun í svokölluðu millirými (e. *interim learning space*) áður en nemendur nota málid í raunheimum.³⁸

³⁷ Kolbrún Friðriksdóttir, „Significant determinants of student retention“.

³⁸ Bedi, „Learning Icelandic in Virtual Reykjavík“.

Verkefnið, sem stutt er af RANNÍS, er samstarfsverkefni Háskólangs í Reykjavík og Háskóla Íslands, stýrt af Hannesi Högna Vilhjálmsyni og er doktorsverkefni Branislavs Bedi mikilvægur hluti af því. *IOL*-kerfið hefur líka verið aðlagð til notkunar í lestrarkennslu fyrir ung fjölyngd börn sem eru að læra íslensku. Það verkefni, *IOLBörn*, er m.a. stutt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Stofnun Vigdísar Finn bogadóttur í erlendum tungumálum, Barnavinafélaginu Sumargjöf og fleiri opinberum samkeppnissjóðum. Því verkefni lýkur á þessu ári (2021). Þá er *IOL*-teymið þátttakandi í nýju verkefni, *Computer Assisted Pronunciation Training for Icelandic*, sem stýrt er af Jóni Guðnasyni í Háskólanum í Reykjavík og ætlað m.a. að bæta upp skort á framburðarþjálfun í *IOL* (og íslensku almennt). Óhætt er að segja að þróun *Icelandic Online* sé enn í fullu fjöri, 20 árum eftir að hún hófst.

6. Lokaorð

Það er alveg ljóst að þær kennslufræðilegu meginreglur sem stýrðu þróun *Icelandic Online* skýra ánægju nemenda og langlífí námskeiðanna og gefa vísbindingar um hvernig haga megi stýrðu sjálfsnámi fullorðinna í stafrænu formi. Ekki má þó draga of miklar almennar ályktanir af þessum niðurstöðum. Kennslufræði sem dugar fyrir einn markhóp dugar ekki endilega fyrir annan. Sú kennslufræði sem hér er notuð á t.d. ekki við í kennslu ungra barna þótt henni sé beitt hér við kennslu fullorðinna, jafnt innflytjenda sem háskólanema. Innflytjendur hafa aðrar þarfir, annan bakgrunn og læra tungumál í öðrum tilgangi en börn og hafa einnig annan hátt á við máltileinkun. Sama má segja um kennslu tungumála í sérstökum tilgangi, svo sem þegar kenna á akademískt mál eða tungumál fyrir atvinnulífið. Ef gengið er aftur á móti út frá þeim almennu og viðurkenndu einkennum tungumálanáms fyrir menntaða fullorðna og eldri ungmenni er ljóst að kennsla í orðaforða, málfræði og málnotkun í merkingarbæru umhverfi, sem er lagskipt og felld inn í skemmtilegan söguþráð, virkar sem hvati til sjálfsnáms og í ljósi þess er *Icelandic Online* framlag til þekkingar á kennslufræði tungumála á netinu. Stýrt sjálfsnám á netinu sem byggt er upp með þessar meginreglur að leiðarljósi er líklegt til að gefa góðan

- Cómo se describen y actúan los personajes
- Cuáles son los espacios y qué representan
- Cuáles son las palabras que más se repiten y cuáles tienen un sentido metafórico o simbólico.



Durante tu lectura crea un glosario con tus compañeros en *Padlet*, con palabras...

- O expresiones que desconocías sobre el hogar, sobre las relaciones humanas o sobre las costumbres y tradiciones.
- Que se van repitiendo y que consideras que tienen simbolismo en la novela.




Ambiéntate en el contexto de la novela con...

- *Calle mayor* (Juan Antonio Bardem, 1956)
- *Entre visillos* (serie en RTVE, 1974)

Para nuestra primera clase... Análisis del título y la dedicatoria

- Fíjate en las siguientes portadas de diversas ediciones de *Entre visillos*. ¿Sabes lo que son los visillos? ¿Cómo interpretarías el título de la obra después de haberla leído?



- Lee la dedicatoria de la autora al principio del libro. ¿Cómo la interpretarías en relación con la historia de la novela?

Para mi hermana Anita, que rodó las escaleras con su primer vestido de noche, y se reía, sentada en el rellano.

Análisis del contexto sociocultural y literario de la novela

- La siguiente tabla incluye los rasgos elementales del contexto sociopolítico y literario de la novela. ¿Qué características del contexto histórico y sociocultural de posguerra se ven reflejadas en los temas de la novela? ¿Qué rasgos de la corriente del realismo objetivo puedes observar en la novela? Busca ejemplos para traer a clase.

Contexto histórico y sociocultural de la segunda etapa de la posguerra española (años 50 del s. XX)	Contexto literario de la novela
<ul style="list-style-type: none"> Primeros fracasos de la dictadura: acuerdos con EE. UU. (1953) e ingreso en la ONU (1955). La situación económico-social no empieza a mejorar hasta los 60 (el racionamiento desaparece en 1952). Contraposición de la vida en las ciudades de provincias con la vida en la capital. Abismo entre la burguesía y el proletariado. Generación de mujeres que experimentan la falta de libertad. Martín Gaite es una de las pocas mujeres que accede a la universidad y viaja al extranjero. 	<p>Realismo objetivo (la novela social)</p> <p>Temas:</p> <ul style="list-style-type: none"> Dureza de la vida en el campo. El mundo del trabajo y las clases trabajadoras. La emigración. Miseria y marginación en los suburbios. Insustancialidad de la burguesía. La guerra civil como recuerdo.
Contexto literario de la novela	<p>Personajes colectivos:</p> <ul style="list-style-type: none"> Se sustituye al protagonista individual por otro múltiple. Ausencia de valores individualistas. Personajes pacientes o comprometidos que sufren, trabajan duro o están aislados. Todos reflejan la soledad.
<p>Generación de los 50 (o de los niños de la guerra)</p> <ul style="list-style-type: none"> Escritores que fueron niños durante la guerra civil. Comienzan a escribir en los años 50. Suelen pertenecer a la burguesía. Tienen preocupación social y son inconformistas. Rafael Sánchez Ferlosio, Ignacio Aldecoa, Ana María Matute, Josefina Aldecoa, Carmen Martín Gaite, Juan Goytisolo, Jesús Fernández Santos. En teatro: Antonio Buero Vallejo, Alfonso Sastre. 	<p>Reducción espacio-temporal:</p> <ul style="list-style-type: none"> Escenarios o ambientes: el campo, el mar, las carreteras, la ciudad (crítica de los hábitos de la clase media). El tiempo de acción de estas novelas suele ser la actualidad y la duración corta (unas horas, unos pocos días). <p>La técnica:</p> <ul style="list-style-type: none"> El narrador en tercera persona sigue a los personajes como si se tratase de una cámara de cine. Magnetofonismo en los diálogos (parece que han sido grabados). Estilo de la narración: sencillo, desnudo, directo.

Identificación de dos subgéneros literarios

- En la siguiente tabla encontrarás las **características de dos de los subgéneros** literarios que se incluyen en la novela Entre visillos. **Busca ejemplos** en el texto de cada uno de los subgéneros mencionados y tráelos a clase.

Novela rosa	Novela de aprendizaje o formación (<i>Bildungsroman</i>)
<ul style="list-style-type: none"> Narración de fondo sentimental. Los personajes están estereotipados: la protagonista suele ser una mujer joven en edad de casarse que se enamora de un hombre misterioso. La conformidad y la pasividad de los personajes se ven como algo positivo. El argumento contiene una historia de amor que pasa por una serie de problemas y termina con un final feliz (normalmente una boda). 	<ul style="list-style-type: none"> Narración que muestra el paso de la niñez a la vida adulta. El o la protagonista suele tener un conflicto con la sociedad que le impide integrarse en ella. El argumento contiene la historia de evolución del o la protagonista, quien llega a la madurez al final de la novela tras haber pasado una serie de dificultades.

ERLA ERLENDSDÓTTIR
ODDNÝ G. SVERRISDÓTTIR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Kurz und bündig, raso y corto
eða stutt og laggott*
Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku

1. Inngangur

Mikil gróska er í umfjöllun erlendra fræðimanna um eiginleika, formgerðir og flokkun fastra orðasambanda, mikilvægi þeirra sem hluta af orðaforða tungumálsins sem og hlutverk þeirra í námi og kennslu erlendra tungumála. Hér á landi hafa komið út verk um málshætti, orðtok og fleyg orð sem bera miklum áhuga á föstum orðasamböndum glöggt vitni. Sama má segja um þá staðreynd að í íslenskum páskaeggjum er auk góðgætis að finna málshætti sem oft skapa líflegar umræður um tungumálið. Fræðileg umræða um flokkun, eiginleika og einkenni fastra orðasambanda hefur hins vegar ekki verið mjög hávær. Í þessari grein beinum við sjónum okkar að einum undirflokkki fastra orðasambanda, nánar tiltekið flokki sem nefndur hefur verið *orðapör, parasambönd eða samsæður* á íslensku. Við kjósum að kalla orðasamböndin sem hér eru til umfjöllunar *orðapör*, enda þótt heitið hafi verið notað á annan hátt í íslensku, og fylgjum þar þýskum sérfræðingum á fræðasviðinu sem nota jafnan heitið *Wortpaar* um fyrirbærið. Önnur heiti í þýsku eru m.a. *Paarformeln* og *Zwillingspaare*. Í spænsku hefur

heitið *binomio* fest sig í sessi.¹ Orðapör eru ávallt mynduð af tveimur orðum úr sama orðflokki (t.d. nafnorði, lýsingarorði, atviksorði eða sagnorði) sem eru tengd með samtengingum (t.d. *friður og ró*) eða forsetningum (t.d. *skref fyrir skref*).

Orðapörum bregður gjarnan fyrir í daglegu máli en þeim er oft beitt til að krydda tungumálið eða til að gefa orðum aukinn þunga. Nýlegt dæmi um notkun slíkra para er að finna í eftirfarandi ummælum Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis: „Þá þurfum við að skoða hvort við förum í tilviljanakennt úrtak þar; förum þá ekki endilega eftir aldri heldur boðum holt og bolt í bólusetningu“ (mbl. is).² Annað dæmi er fengið úr fréttum RÚV frá júlí 2021 en þar segir frá því að „líf virðist vera að færast í bæjarhátíðir vít og breitt um landið“ og „viðbúið að margir verði á faraldsfæti um borg og bí“. Titill fréttarinnar er „Bæjarhátíðir um hvippinn og hvappinn um helgina“ (ruv.is).

Frá alda öðli hefur notkun orðapara auðgað tungumál og gert þau kjarnmikil og blæbrigðarík. Þetta á við um tungumálin þrjú sem hér eru til umfjöllunar: íslensku, spænsku og þýsku. Fræðimönnum ber flestum saman um að rætur orðapara megi rekja til latneskrar mælkulistar (Burger 2015, 150; García-Page Sánchez 2008, 329; Mellado Blanco 1998, 285–287) og að líkast til hafi þau og notkun þeirra borist yfir í önnur tungumál með latneskum textum. Hvað sem upprunanum líður þá sýna heimildir að pör af þessu tagi koma fyrir í þýskum textum frá miðoldum, einkum lagatextum, í spænsku fyrifinnast þau frá árdögum tungunnar og ef litið er til íslenskunnar virðist notkun orðapara einnig vera nokkuð forn í málinu. Eitt elsta dæmið sem hefur rekið á fjörur greinarhöfunda, og enn er haft á takteinum í málinu, er *glaður og reifur*, orðapar sem kemur fyrir í Hávamálum. *Pögull og iðugull*, eða *þagalt og bugalt* eins og segir í kvæðinu,³ kemur fyrir í sömu heimild (Eddukvæði 1954, 26) og önnur forn orðapör eru *lof og vit*, *snapir og gapir* og *ný og nið*, svo fáein séu nefnd.

Hér verður fjallað um orðapör í íslensku, spænsku og þýsku frá

1 Önnur hugtök og heiti í málinu eru *binomios fraseológicos*, *pares de palabras* (‘orðapör’) og *co-compuestos* (‘samstæður’).

2 Undirstrikunin er höfunda.

3 „þagalt ok hugalt / skyli þjóðans barn / og vígdjarft vera / glaðr og reifr / skyli gumna hverr / unz sinn biðr bana.“

sjónarhóli orðasambandafræði eða fraseólögíu. Markmiðið er annars vegar að komast að raun um hvort orðapör séu algeng í málunum þremur og hins vegar að greina helstu einkenni þeirra, sem og kanna hvort hliðstæður í tungumálunum séu fyrir hendi. Tungumálin sem urðu fyrir valinu til samanburðar við íslenskuna heyra annars vegar til germanskra og hins vegar til rómanskra mála. Slíkur samanburður er áhugaverður þar sem tungumálin tilheyra mismunandi tungumálafjölskyldum. Hér leikur höfundum forvitni á að vita hvort einhver munur sé á gerð, byggingu og notkun orðapara á milli þessara mála.

Umfjöllunarefnið er ekki nýtt af nálinni, í aldanna rás hefur mikil verið ritað um orðapör. Í mælkskulistinni hafa þau gegnt mikilvægu hlutverki og á miðoldum voru orðapör í hávegum höfð (Burger 2015, 150; García-Page Sánchez 2008, 329). Þá hefur athygli fræðimanna á sviði fraseólögíu beinst í vaxandi mæli að þessu fyrirbæri málsins hin síðari ár og eru fjölmargar greinar og skrif til marks um áhuga þeirra og rannsóknir.

2. Orðapör sem föst orðasambönd: Gerð og einkenni

Svissneski málvíssindamaðurinn Harald Burger hefur með rannsóknum sínum á sviði fraseólögíu lagt grunn að flokkun fastra orðasambanda sem fjöldi annarra fræðimanna leggur til grundvallar sínum eigin flokkunum en erlendir fræðimenn víkka sífellt út skilgreiningar á því hvað af orðaforða tungumálsins megi flokka sem föst orðasambönd og hvað ekki. Má benda á t.d. Jürg Häusermann (1977), Wolfgang Fleischer (1988) og Wernfried Hofmeister (2010) sem hafa fjallað um föst orðasambönd í þýsku. Aðrir fræðimenn hafa fylgt í kjölfarið og leitað í smiðju Burgers og annarra þýskra frumkvöðla í fræðunum. Má hér nefna Gloria Corpas Pastor (1997), Mario García-Page Sánchez (2008), Leonor Ruiz Gurillo (2001), Ramón Almela Pérez (2006) og Gerd Wotjak (1998) í spænskumælandi löndum beggja vegna Atlantshafsins. Þá hafa Carmen Mellado Blanco (1998) og Berit Balzer (2008, 2017) rannsakað föst orðasambönd jafnt í þýsku sem spænsku. Hvað varðar rannsóknir á orðasamböndum í íslensku má segja að þær séu

enn bernskar þó að benda megi á nokkur úrvalsverk, orðabækur yfir orðasambönd og orðatiltæki,⁴ sem hafa komið út á undanförnum áratugum og nokkrar greinar sem hafa birst í tímaritunum *Milli mála* og *Orð og tunga*.⁵

Sem föst orðasambönd búa orðapör yfir þeim einkennum orðasambanda að vera fleiryrt, þ.e. samanstanda af fleiri en einu orði. Annað einkenni orðapara er festa þeirra og mörg orðapör búa einnig yfir orðtakseðli (sjá Oddný G. Sverrisdóttir, 2009, 152–157). Burger flokkar föst orðasambönd í þrjá meginflokkka, það eru tilvísandi föst orðasambönd, formgerðarleg föst orðasambönd og samskiptabundin föst orðasambönd (Burger 2007, 36–38). Tilvísandi föst orðasambönd eru fullyrðingar eða ígildi setningarliða, dæmi um þetta eru *hitta naglann á höfuðið*, *den Nagel auf den Kopf treffen* og *darle al clavo en la cabeza*. Formgerðarleg föst orðasambönd eru byggð upp á ákveðinn hátt, fylgja ákveðnu mynstri og eru *kurz und bündig, raso y corto* og *stutt og laggott* dæmi um slík föst sambönd. Orðapör, umfjöllunarefnir þessarar greinar, flokkast undir þessa gerð fastra orðasambanda. Þriðji flokkur Burgers eru samskiptabundin föst orðasambönd. Þau koma fyrir í samskiptabundnu samhengi, dæmi úr íslensku og þýsku eru *gödan dag, takk fyrir síðast, takk fyrir matinn, guten Rutsch* („gleðilegt nýtt ár“, hafðu það gott um áramótin“)⁶ (Burger 2007, 36–38; Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 164). Í spáensku eru „cómo estás?“ („hvað segir þú gott“), *muchas gracias* („kærar þakkir“) og *basta mañana* („sjáumst á morgun“) dæmi um samskiptabundin föst orðasambönd (Corpas Pastor 1997, 187–189).

Orðapör eru skilgreind sem tvö orð í sama orðflokki sem tengd eru með orði sem við kjósum að kalla *tengið*, yfirleitt samtenging eða forsetning, og koma að jafnaði fyrir í ákveðinni röð sem ekki er unnt að breyta, þ.e. festan er alger. Dæmi um þýsk orðapör eru *gang und gäbe sein* („vera mjög algengur“), *klipp und klar* („skýrt og skorinort“) og *fix und fertig sein* („vera búinn að vera“). Í þessum orða-

⁴ Einkum Jón G. Friðjónsson (2006; 1997) og Jón Hilmar Jónsson (2001; 2002; 2004). Sjá einnig Jón Hilmar Jónsson og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Íslenskt orðanet*. Árnastofnun. <https://ordanet.arnastofnun.is/> [sótt 15. mars 2021].

⁵ Sjá t.d. Oddný G. Sverrisdóttir (2009; 2012); Penas Ibáñez, María Azucena og Erla Erlendsdóttir (2017); og Erla Erlendsdóttir og Núria Frías Jiménez (2019).

⁶ Hér og eftirleiðis er merking orðasbandsins höfð innan sviga.

pörum er ekki unnt að breyta orðaröðinni sem myndar orðaparið, **gäbe und gang* er ekki til frekar en **klar und klipp* eða **fertig und fix*. Röð orðanna er *óbreytanleg* (þý. *irreversibel*, sp. *irreversible*). Dæmi um orðapör í spænsku eru *coser y cantar* („mjög auðvelt‘), *a cal y canto* („harðlæst og lokað‘) og *a bombo y platillo* („með lúðrablaðstri og trumbuslaetti‘). Hér er orðaröðin óhagganleg eins og í fyrri dæmum og fyrir vikið eru **cantar y coser*, **canto y cal* eða **platillo y a bombo* ekki til sem föst orðasambond í málínu (García-Page Sánchez 2008, 329; Balzer 2017, 239; Corpas Pastor 1997, 115–117). Dæmi um íslensk orðapör eru *um borg og bý, sultur og seyra og eftir dák og disk*. Í þeim er það sama uppi á teningnum, að orðaröðinni verður ekki breytt **bý og borg* og **eftir disk og dák* er ekki til frekar en **seyra og sultur*.

Í orðapörum getur verið um yfirlærdar merkingu að ræða og þá eru dæmi um að í þeim geti komið fyrir *stakyrði* (þ. *unikale Komponente*, sp. *componente único, fósil fraseológico, palabra diacrítica, palabra idiomática*) (sjá Oddný G. Sverrisdóttir 2012, 165; Aguilar Ruiz 2011, 2020). Það kallast stakyrði ef orð koma einungis fyrir í einu orðasambandi í orðaforða tiltekins tungumáls og eru ekki notuð í öðru samhengi (sjá Burger 2007, 12; Fleischer 1982, 42; Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 157; García-Page Sánchez 1990, 270–290; 2008, 352–362; Aguilar Ruiz 2020). Stuðlaða þýska orðaparið *gang und gäbe sein* („vera mjög algengur“) státar af tveimur stakyrðum. Það samanstendur af *gang* sem dregið er af sagnarlýsingarordinu *gäng* sem síðar breyttist í *gang*. Í forn háþýsku var það *gangi*, í miðháþýsku *genge* og merkti „vera í umferð, ganga manna á milli“ og *gäbe* sem merkir „gjaldgengur“. *Gang und gäbe sein* á rætur sínar að rekja til myntslátta á 13. öld og var notað um þá mynt sem var algeng en fékk síðan víðari merkingu (sjá Röhricht 1982, 301–302; Duden 7 1989, 216). Í orðaparinu *klipp und klar sein* („skýrt og skorinort“) er *klipp* einnig dæmi um stakyrði. *Klipp* má rekja til þess að klappað var þegar verslað var með búfé fyrr á tínum (sjá Röhricht 1982, 517–518). Í spænsku telst *moliente* í orðaparinu *moliente y corriente* („venjulegur, algengur, hversdagslegur“) vera stakyrði og einnig er *daca í toma y daca* („greiði á móti greiða“) dæmi um það sama (Aguilar Ruiz 2020, 168; 2011, 94). *Moliente* er forn lýsingaráháttur nútíðar af orðinu *moler* („mala, pressa“) en *daca*, í *toma y daca*,

hefur myndast fyrir samruna tveggja orða, annars vegar sagnordísins *dar* „gefa, rétta“ og hins vegar atviksordísins *acá* „hingað“. Annað athyglisvert dæmi um stakyrði í spænsku er orðið *cras* sem er atviksord og merkir „á morgun“. Orðið kemur fyrir í orðasambandinu *boy venido y cras garrido* (erfiðleikar sem eru að baki í dag eru það ekki endilega á morgun). Hér er á ferðinni forna latneska orðið *cras* „á morgun“ sem vék fyrir öðru orði á miðoldum en hefur haldist í þessu orðasambandi (García-Page Sánchez 1990, 284). Hvað íslenskuna varðar mætti e.t.v. nefna orðaparið *bolt* og *bolt* („upp til hópa, án þess að gera greinarmun á einstökum hlutum“ (ÍO), „af handahófi, upp og ofan“ (ÍOS) eða „út um allt og óreglulega“ (ÍNO)) þar sem *bolt* er rímorð og stakyrði. Benda má á orðapörin *von* og *ónvon*, *punktur* og *basta*, „á rúi og stúi, hvorki tangur né tetur og lon og don sem dæmi um orðapör með stakyrðum, þó með þeim fyrirvara að sum orðapörin eru tökuorðapör.

Stakyrði geta átt sér *samyrði* annarrar og óskyldrar merkingar (þ. *Homonym*, sp. *homónimo*). Gott dæmi um það er að finna í fasta orðasambandinu *mit Kind und Kegel* („með börn og buru“). Orðið *Kegel* („keila“) er til í þýsku en í orðtakinu kemur hins vegar fyrir samyrðið *Kegel* („óskilgetið barn“) sem er orðsifjalega og merkingarlega annað orð en *Kegel* („keila“) (Fleischer 1982, 45; Sverrisdóttir 2012, 184). Í orðasamböndum kemur fyrir að orð sem til eru í málínu séu notuð í orðapari í þeim tilgangi einum að kalla fram hljómfall og rím. Dæmi um slíkt í spænsku er orðaparið (*prometer*) *el oro y el moro* („lofa“ gulli og grænum skógum“). Seinni liðurinn *moro* merkir „mári, íbúi Norður-Afríku“, og hefur ekkert með merkingu orðasambandsins að gera; *moro* rímar hinsvegar við orðið *oro* (García-Page Sánchez 1990, 287; 2008, 332).

Samkvæmt skilgreiningu Burgers geta orðapör enn fremur verið þannig gerð að sama orðið er endurtekið og tengt með tengiorði. Sem dæmi má nefna *Schulter an Schulter*, *hombro con hombro* og *hlið við hlið* sem öll merkja það sama.⁷

Þá gerir Burger enn fremur greinarmun á orðapörum eftir því

⁷ Hjá Burger er hins vegar ekki alltaf gerður skýr greinarmunur á því sem hann nefnir *Líkanamyndanir* (*Modellbildung*) og orðapörum sem mynduð eru á þennan hátt. Líkanamyndanir fylgja ákvæðnu mynstri s.s. *x für x*, *x tras x* og *x efir x* (Burger 2007, 55). Dæmi: *Tag für Tag, día tras día* og *dag efir dag*. Hins vegar eru *Schritt für Schritt, paso por paso* og *skref fyrir skref* dæmi um hliðstæð orðapör með samsvarandi merkingu á þýsku, spænsku og íslensku.

hvort orðtakseðli er fyrir hendi, *Paarformel*, eða ekki, *Wortpaar* (Burger 2015, 55). Enn aðrir fræðimenn gera greinarmun á heitunum *Zwillingsformel*, *Paarformel* og *Wortpaar* (sjá Stöhr 2007). Hér verður ekki farið út í slíkan mun á orðapörum.

Orðtakseðli orðapara getur verið mismunandi. Til eru orðapör sem ekki hafa orðtakseðli (þ.e. eru ekki ídíómatísk) og má þar nefna orðasamböndin *dick und fett* (þéttur og feitur) í þýsku, *padres e hijos* (foreldrar og börn) í spænsku og *stór og feitur* í íslensku. Orðapar í þýsku sem að hluta til er með orðtakseðli er t.d. dæmis *klipp und klar* (skýrt og skorinort), í spænsku (*perder el perro y la cadena* (tapa öllu)) og í íslensku *titra og skjálfa*. Dæmi um orðapör sem búa yfir orðtakseðli eru þýska orðaparið *gang und gäbe sein* (vera mjög algengur), *carne y uña* (vera samrýmdir) í spænsku og *hafa tögl og hagldir* í íslensku (sjá Burger 2015, 55; García-Page Sánchez, 2008, 389–396).

Eins og áður kom fram eru orðapör alla jafna ekki ígildi setninga, þeim þarf því að bæta inn í setningar. Þau eru yfirleitt samsett úr tveimur liðum, eru *tvíliða* (þ. *doppelgliedrig*, sp. *estructura binaria*), þ.e. samanstanda af tveimur mismunandi orðum, *kjarnaorðum*, úr sama orðflokki sem mynda einskonar par tengt með *tengiorðum* (*Fügewörter*, *nexos*). Ef um orðapör sem mynduð eru með sama orðinu er að ræða eru þau stundum nefnd *eineggja orðapör* (*eineiige Wortpaare*, *palabras siamesas*) og er þá tengiorðið oftast forsetning.

Þau íslensku, spænsku og þýsku orðapör sem fjallað verður um hér eru fyrst og fremst af þeirri gerð að í þeim er ekki um endurtekningu á sama kjarnaorði að ræða. Í næsta kafla verður vikið að helstu flokkum orðapara í málunum þremur.

3. Flokkun orðapara

Orðapörum má skipa í flokka eftir sameiginlegum einkennum þeirra. Flestir fræðimenn telja nærtækast að flokka orðapörin eftir byggingu (Burger, Hofmeister, García-Page Sánchez, Almela Pérez og fleiri). Aðrir hafa beint sjónum að hljómrænum einkennum orðaparanna og hefur sú nálgun gefið af sér flokk þar sem einkum er litið til stuðlunar, ríms og hrynjandi paranna (Burger 2015, 55; García-Page Sánchez 2008, 331–332; 1998; Luque Nada 2017).

Einnig eru orðapörin flokkuð eftir merkingarlegum venslum kjarna-orðanna (Burger 2015, 55; García-Page Sánchez 2008, 332–334; Luque Nada 2017). Hér verða helstu flokkunum gerð skil og dæmi gefin úr málunum þremur. Þess ber að geta að í þýsku hefur mikil verið rannsakað á þessu sviði og fylgdu spænskir fræðimenn fljót-lega í kjölfarið. Rannsóknir á orðapörum í íslensku eiga sér hins vegar ekki ýkja langa sögu.

Víða var leitað fanga til að viða að sér dænum um orðapör, m.a. úr helstu orðabókum viðkomandi tungumála, sögulegum orðabókum, orðsifjabókum og ýmsum gagnagrunnum sem eru aðgengilegir á íslenskum, spænskum og þýskum vefsíðum, eða í seðlasöfnum og stofnunum þar sem stundaðar eru rannsóknir í orð- og orðasambandafræði.⁸

3.1. Flokkun eftir byggingarlegum einkennum: Tengiorð og orðflokkar

Eitt helsta einkenni orðaparanna eru smáorð sem tengja saman kjarnaorðin í orðasambandinu en helstu tengiorðin (to) eru samtengingar (st) og forsetningar (fs). Algengasta tengiorðið er samtengingin og (t.d. *börn og burir*, í þolfalli *börn og buru*) en einnig koma viða fyrir samtengingin *eða* (t.d. *allt eða ekkert*) sem, eins og samtengingin *og*, er einyrt, og hinar fleiryrtu, eða fleyguðu, samtengingar *annaðhvort ... eða* (t.d. *segja annaðhvort af eða a*) og *hvorki ... né* (t.d. *hvorki fugl né fiskur*). Í spænsku og þýsku koma sömu samtengingar við sögu: *y* (t.d. *dares y tomares*), *o*, *o... o*, *ni... ni* og *und*, *oder*, *entweder ... oder*, *weder ... noch* (t.d. *weder Fisch noch Fleisch*).

Þá eru forsetningar einnig nokkuð algeng tengiorð eins og áður sagði. Má hér til að mynda nefna orðapörin *skref fyrir skref* og *trekk i trekk*. Jafngildi sömu forsetninga koma fyrir í orðapörum í spænsku (*día a día*, *poco a poco*, *codo con codo*) og þýsku (*Fragen über Fragen, Jahr um Jahr, Tag für Tag*) eins og vikið verður að síðar.

Kjarnaorðin eru í flestum tilfellum nafnorð og verður bygging orðaparsins þá með þessum hætti: nafnorð + tengiorð + nafnorð ([no+to+no]). Önnur kjarnaorð heyra til orðflokka eins og lýsingar-

⁸ Höfundar þakka Magnúsi Sigurðssyni fyrir greinargóðar og gagnlegar ábendingar.

orða (lýsingarorð + tengiorð + lýsingarorð [lo+to+lo]), atviksorða (atviksorð + tengiorð + atviksorð [ao+to+ao]), sagnorða (sagnorð + tengiorð + sagnorð [so+to+so]) og fornafna (fornafn + tengiorð + fornafn [fn+to+fn]).

Hér á eftir fara nokkur dæmi um íslensk, spænsk og þýsk orðapör úr þessum flokki.

3.1.1. Flokkun eftir tengiorðum og orðfloknum: Orðapör með samtengingum

Eins og áður sagði eru helstu samtengingarnar sem koma fyrir í orðapörunum í íslensku: *og, eða, annaðhvort ... eða, hvorki ... né, í* spænsku: *y, o, o ... o, ni ... ni* og í þýsku eru þau: *und, oder, entweder ... oder, weder ... noch*. Orðin tengja alla jafna saman orð úr sama orðflokki þó að ekki sé það algilt.

3.1.1.1. Nafnorð

Hér á eftir fara orðapör þar sem kjarnaorðin tvö eru nafnorð. Bygging orðaparanna er eftirfarandi nafnorð + samtenging + nafnorð eða [no+st+no].

Íslenska: *ár og dagur, betl og basl, bull og þvættingur, bændur og búalíð, Davíð og Golíat, eldur og eimyrja, eymd og volæði, friður og ró, glaumur og gleði, háð og spott, himinn og haf, happa og glappa, hvorki fugl né fiskur, já og amen, Jón og séra Jón, láð og lögur, líf og limir, lof og dýrð, lof eða last, loft og láð, lon og don, lög og regla, ný og nið, ótti og skelfing, Pétur og Páll, ráð og dáð, Rómeó og Júlia, sníkjur og snapir, sorg og sút, sultur og seyra, svik og prettir, hvorki tangur né tetur, tvist og bast, tögl og bagldir, undur og stórmærki, vein og kvein,ær og kýr, æra og trú.*

Spænska: *alfa y omega* (‘alfa og ómega’), *(coger) carretera y manta* (‘halda í ferðalag’), *dares y tomates* (‘eiga orðaskipti’), *David y Goliat, (llamar) al pan, pan y al vino, vino* (‘vera hreinskilinn’), *los pros y los contras* (‘kostir og gallar’), *uña y mugre* (‘vera samrýndir’), *(negar) el pan y la sal* (‘meta ekki að verðleikum’), *ni paular ni maular* (‘hvorki æmta né skræmta’), *ni rey ni roque* (‘enginn, ekki neitt’), *noche y día* (‘dagur og nótt’), *(contigo) pan y cebolla* (‘gegnum súrt og sætt’), *pan*

y toros (,útdeila dúsíum‘), *paz y tranquilidad* (,friður og ró‘), (como) *perro y gato* (,eins og hundur og köttur‘), *punto y basta* (,punktur og basta‘), *Romeo y Julieta*, (ser) *tortas y pan pintado* (,vera auðvelt‘), (ser) *uña y carne* (,vera mjög nánir vinir‘), *usos y costumbres* (,venjur og hefðir‘).

Pýska: *das A und O* (,aðalatriðið‘), *Furcht und Schrecken* (,ótti og skelfing‘), *Geld oder Leben* (,peningana eða lífið‘), *Gift und Galle* (spucken) (,hella úr skálum reiði sinnar‘), *Hab und Gut* (,aleigan‘), (mit) *Haut und Haar/Haaren* (,í húð og hár‘), *Hinz und Kunz* (,Pétur og Páll‘), *Ja und Amen* (,já og amen‘), *Kommen und Geben* (,rennerí‘), *Krethi und Pletbi* (,allir, Pétur og Páll‘), *Kraut und Rüben* (,hráviði‘), *Land und Leute* (,land og þjóð‘), *Lug und Trug* (,lygar og blekkingar‘), *Lust und Laune* (,eftir hentugleikum‘), *Nacht und Nebel* (,með leynd, í skjóli nætur‘), *Pech und Schwefel* (,óáðskiljanlegir‘), *Romeo und Julia*, *Sack und Pack* (,hafurtask‘), *Samt und Seide* (,í pell(i) og purpura, ríkmannleg klæði‘), *Schall und Rauch* (,innantóm orð‘), (jemandes) *Tun und Treiben* (,það sem e-r hefst að, athafnir e-s‘), *Wohl und Wehe*, (,velferð‘).

3.1.1.2. Lýsingarorð

Kjarnaorðin í eftirfarandi orðapörum eru lýsingarorð og bygging þeirra er þá lýsingarorð + samtenging + lýsingarorð og stytt: [lo+st+lo]. Hér skal á það bent að oft getur verið erfitt að greina á milli lýsingarorðs og atviksorðs í íslensku og þýsku og fyrir vikið getur eftirfarandi flokkun ekki talist óumdeilanleg.

Íslenska: *glaður* og *reifur*, *gott* og *gilt*, *haltur* og *skakkur*, *hár* og *grannur*, *breinn* og *beinn*, *klappað* og *klárt*, *klippt* og *skorið*, *lifs* eða *liðinn*, *ljótur* og *leiðinlegur*, *réttur* og *sléttur*, *ríkir* og *fátækir*, *skýr* og *skorinordur*, *skakkur* og *skældur*, *sléttur* og *felldur*, *slyppur* og *snaudur*, *sírt* og *sætt*, *svart* og *bvíttr*, *svart* og *sykurlaust*.

Spænska: *alto y bajo* (,hár og lágor‘), *ares y mares* (,gnótt‘), *blanco y negro* (,svart og hvítt‘), *bueno y barato* (,gott og ódýrt‘), *claro y oscuro* (,ljós og skuggar‘), *común y corriente* (,algengur, hversdagslegur‘),

corriente y moliente (‘sléttur og felldur’), *grandes y chicos* (‘stórir og smáir’), *largo y tendido* (‘vítt og breitt’), *ni muerto ni vivo* (‘hvorki lífs né liðinn’), *puro y duro* (‘hreinn og beinn’), *raso y claro* (‘stutt og laggott’), *sano y salvo* (‘heill á húfi’).

Pýska: *arm, aber glücklich* (‘fátækur en hamingjusamur’), *fix und fertig* (‘búinn að vera’), *hart, aber gerecht* (‘strangur en sanngjarn’), *klein, aber fein* (‘líttill en góður’), *klipp und klar* (‘skýrt og skorinort’), *krumm und schief* (‘skakkur’), *kurz und biündig* (‘stuttur og laggóður’), *kurz und gut* (‘í stuttu máli’), *langsam, aber sicher* (‘hægt og bítandi’), *laut und deutlich* (‘hátt og snjallt’), *recht und billig* (‘rétt og sann-gjarnt’), *sang- und klanglos*, (‘sporlaust’), *tief und fest (schlafen)* (‘vera steinsofandi’), *weit und breit* (‘vítt og breitt’).

3.1.1.3. Atviksorð

Eftirfarandi eru orðapör þar sem kjarnaorðin eru atviksorð og bygging orðaparsins þá atviksorð + samtenging + atviksorð og formúla paranna eftirfarandi: {ao+st+ao}.

Íslenska: *ár og síð, endrum og eins, fram og aftur, fram og til baka, fyrr eða síðar, héðan og þaðan, hingað og þangað, hist og her, hægt og bitandi, oft og einatt, oft og tíðum, sí og æ, sundur og saman, sýknt og heilagt, upp og ofan, út og suður, vítt og breitt, þvers og kruss.*

Spænska: *así y todo* (‘þrátt fyrir allt’), *antes o después* (‘fyrr eða síðar’), *antes y con antes* (‘sem fyrst’), *más pronto o más tarde* (‘fyrr eða síðar’), *ni más ni menos* (‘hvorki meira né minna’), *o todo o nada* (‘allt eða ekkert’), *según y conforme* (‘eins og’), *según y como* (‘eins og’), *tarde o temprano* (‘fyrr eða síðar’), *única y exclusivamente* (‘einvörðungu’).

Pýska: *ab und an* (‘af og til’), *ab und zu* (‘af og til’), *auf und davon* (‘í burtu, á bak og burt’), *drunter und darüber* (‘óreiða’), *einzig und allein* (‘einvörðungu’), *friüber oder später* (‘fyrr eða síðar’), *bier und da* (‘hér og þar’), *bier und jetzt* (‘hér og nú’), *bin und wieder* (‘af og til’), *hinten und vorn* (‘að framan og aftan’), *kreuz und quer* (‘þvers og kruss’), *mehr*

oder weniger („meira eða minna“), oben und unten („uppi og niðri“), wieder und wieder („aftur og aftur“), wirklich und wahrhaftig („í raun og veru“).

3.1.1.4. Sagnorð

Dæmi um orðapör þar sem sagnorð eru kjarnaliðir er að finna í öllum málunum sem hér er fjallað um. Byggingin er sagnorð + samtenging + sagnorð eða [so+st+so].

Íslenska: arga og garga, beygja sig og bugta⁹, bíta og brenna, bólva og ragna, fетta sig og bretta, hoppa og skoppa, hrópa og kalla, hrökkva eða stökkva, kvarta og kveina, kveina og veina, loka og læsa, ræna og rupla, segja og skrifa, snapa og gapa, sópa og fága, svíkja og pretta, tauta og raula, titra og skjálfa, úa og grúúa, væla og skæla, hvorki æmta né skrämta, öskra og hrína.

Spænska: basta y sobra („meira en nóg“), dicho y hecho („sagt og gert“), dimes y diretes („þjark og þref“), hablar y no acabar („tala út í eitt“), ir y venir („fram og aftur“), más y más („meir og meir“), ni entrar ni salir („skipta sér ekki af e-u“), querer y no poder („vilja en geta ekki“), tira y afloja („togstreita“), traer y llevar („sendast með e-ð“), verse y desearse („leggja mikið á sig“), vivo y coleando („í fullu fjöri“).

Pýska: ackern und rackern („vinna myrkrana á milli“), bitten und betteln („grátbiðja“), drehen und wenden („hverníg sem á er litið“), geben und nehmen („gefa og þiggja“), gehupft wie gesprungen („sama hvort er“), hegen und pflegen („hugsa vel um“), hoffen und bangen („vera milli vonar og ótta“), kommen und geben („koma og fara“), (was) kreucht und fleucht („öll dýr sem geta skriðið eða flogið“), sagen und schreiben („segja og skrifa“), sausen und brausen („þjóta“), schalten und walten („ráða einhverju“), suchen und finden („leita og finna“), verflixt und zugänglich („grábölvað“), wachsen und gedeihen („vaxa og dafna“), wanken und schwanken („riða, skjögra“).

9 Einnig bugta sig og beygja.

3.1.1.5. Fornöfn

Orðapör með fornöfnum í kjarnaliðum eru ekki mörg í tungumálunum þremur. Bygging þeirra er fornöfn + samtenging + fornöfn eða {fn+st+fn}.

Íslenska: *allt eða ekkert, allt og sumt, eitt og annað, binir og þessir, hitt og þetta, meira og meira.*

Spænska: *una y no más* (‘einu sinni og ekki aftur’), *ni uno ni otro* (‘hvorugur’), *nada y menos* (‘örlítið’).

Pýska: *alles oder nichts* (‘allt eða ekkert’), *alles im allen* (‘að öllu samanlögðu, þegar upp er staðið’), *dies und jenes* (‘hitt og þetta’).

3.1.2. Flokkun eftir tengiorðum: Orðapör með forsetningum {ko+fs+ko}

Helstu forsetningar sem koma fyrir í íslenskum orðapörum eru *á, eftir, frá, fyrir, í og við*; í spænsku eru þær *a, con, de, en, por, sin* og *tras* og í þýsku *an, auf, für, in, über, um* og *zu*. Formúla orðaparanna verður þá kjarnaorð + forsetning + kjarnaorð [ko+fs+ko]. Hér eru nokkur dæmi um orðapör með forsetningum sem tengiorð.

Íslenska: *auga fyrir auga, ár eftir ár, dag eftir dag, hlið við hlið, hönd í hönd, maður eftir mann, mann frá manni, trekk í trekk, skref fyrir skref.*

Spænska: *año tras año* (‘ár eftir ár’), *bien a bien* (‘með glöðu geði’, ‘fúslega’), *codo a codo* (‘hlið við hlið’), *gota a gota* (‘smátt og smátt’), *hablar por hablar* (‘tala markleysu’), *mano a mano* (‘hönd í hönd’), *vez tras vez* (‘skipti eftir skipti’).

Pýska: *Auge um Auge* (‘auga fyrir auga’), *Brust an Brust* (‘hlið við hlið’), *Enttäuschung auf Enttäuschung* (‘vonbrigði á vonbrigði ofan’), *Hand in Hand* (‘hönd í hönd’), *Schlag auf Schlag* (‘trekk í trekk’), *Schritt für Schritt* (‘skref fyrir skref’), *Schulden über Schulden* (‘skuldum vafinn’).

*3.1.3. Flokkun orðapara sem innihalda forsetningar og samtengingar
{fs+ko+st+ko}*

Forsetningar koma fyrir í mörgum orðapörum sem hafa samtengingu sem tengiorð. Flest dæmin hér á eftir sýna bygginguna forsetning + kjarnaorð + samtenging + kjarnaorð [fs+ko+st+ko].¹⁰ Deila má um hvort á ferðinni sé sérflokkur eða hvort um afbrigði af orðapörum með samtengingu sé að ræða. Margir þýskir og spænskir fræðimenn í orðasambandafræði greina ekki hér á milli (García-Page 2008, 84; Hofmeister, 2010) og setja orðapör eins og *sléttur og felldur* og *á bak og brjóst* í einn og sama flokk. Til glöggvunar er hér gerður greinarmunur á orðapörum sem birtast með forsetningu þótt strangt til tekið sé *ferð og flug* orðaparið í rununni *á ferð og flugi*. Málhafar nota orðaparið hins vegar alltaf með forsetningunni. Þá má nefna, til dæmis, að *von* og *vari* er yfirleitt notað í orðasambandinu *til vonar og vara*; *tíð* og *tími* kemur alla jafna fyrir í orðasambandinu *með tíð og tíma*. Mörg önnur orðapör taka með sér forsetningu og gildir þetta fyrir tungumálin þrjú sem hér eru til umfjöllunar.

Íslenska: *á bak og brjóst, á bak og burt, af lífi og sál, á ferð og flugi, á láði og legi, á rúi og stúi, á sníkjum og snöpum, á tá og fingri, á tjá og tundri, á við og dreif, án dóms og laga, eftir dák og disk, frá Pontíus til Pilatusar, fyrir aftan og fyrir framan, fyrir fullt og allt, fyrir veðri og vindum, gegnum þykkt og þunnt, í bak og fyrir, í belg og biðu, í bliðu og stríðu, í bráð og lengd, í búð og hár, í gegnum þykkt og þunnt, í krók og kima, í krók og kring, í orði og æði, í pell(i) og purpura, í rass og rófu, í raun og veru, í ró og næði, í sand og ösku, í sátt og samlyndi, í tíma og ótíma, í ökkla eða eyra, með pompi og prakt, með raun og réttu, með raun og sanni, með ráðum og dáð, með tíð og tíma, milli fjalls og fjöru, milli Pontíusar og Pilatusar, milli skinns og börunds, milli skips og bryggju, milli stafs og burðar, milli vonar og ótta, til sjávar og sveita, til skrafs og ráðagerða, til vonar og vara, um fjöll og firnindi, um mann og annan, upp á von og óvon, upp á æru og trú, út um torgir og trissur, við sult og seyru, yfir holt og hædir, yfir láð og lög.*

10 Í nokkrum þeirra er atviksorð á undan forsetningunni.

Spænska: *a bombo y platillo* (,með lúðrablaðstri og trumbuslætti‘), *a cara o cruz* (þegar kastað er upp krónu: ,skjaldarmerki eða krónu‘), *a las duras y a las maduras* (,gegnum þykkt og þunnt‘), *a lo largo y ancho* (,vít og breitt‘), *a pan y agua* (,á brauði og vatni‘), *a pan y cuchillo* (,frítt fæði og húsnaði‘), (*hacer*) *a pelo y pluma* (,veiða bæði fugla og dýr‘), *a sangre y fuego* (,með hörku‘), *a trancas y barrancas* (,með miklum erfiðismunum), *con alma y vida* (,af lífi og sál‘), *con armas y bagajes* (,alfarið‘), *con pelos y señales* (,í smáatriðum‘), *contra viento y marea* (,hvað sem tautar og raular‘), *de chicha y nabo* (,einskis virði‘), *de oro y azul* (,vel tilhafður‘), *del pan y del palo* (,af mildi og hörku‘), (*quedarse*) *en cruz y en cuadro* (,vera allslaus‘), *en cuerpo y alma* (,af lífi og sál‘/að fullu‘), *en vivo y en directo* (,í beinni útsendingu‘), *para dar y regalar* (,gnótt‘), (*estar*) *para sopitas y buen vino* (,vera gamall og hrumer‘), *por bache o por be* (,af einhverri ástæðu‘), *por montes y valles* (,yfir fjöll og dali‘).

Pýska: *an Ort und Stelle* (,á staðnum‘), *bei Nacht und Nebel* (,með leynd, í skjóli nætur‘), *bei Wind und Wetter* (,í hvaða veðri sem er‘), *durch dick und dünn*, (,gegnum þykkt og þunnt‘), *für immer und ewig* (,að eilífu‘), *in Grund und Boden* (,algerlega‘), *in Hülle und Fülle* (,í ómældu magni‘), *in Samt und Seide* (,í pell(i) og purpura‘), *mit Haut und Haar/Haaren* (,í húð og hár; með húð og hári‘), *mit Leib und Seele* (,af lífi og sál‘), *mit Pauken und Trompeten (durchfallen)* (,kolfalla‘), *mit Sack und Pack* (,með allt sitt hafurtask‘), *nach Lust und Laune* (,eftir hentugleikum‘), *seit eh und je* (,frá ómunatíð‘), *seit Jahr und Tag* (,í ár og dag‘), *von Hundersten ins Tausendsete kommen* (,týna sér í smáatriðum‘), *von Pontius bis Pilatus* (,frá Pontíusi til Pílatusar‘, ,milli Pontíusar og Pílatusar‘), *über Berg und Tal* (,yfir fjöll og dali‘), *unter Dach und Fach (sein)* (,vera klappað og klárt‘), *zwischen Tür und Angel* (,á hlaupum‘).

3.2. Flokkun eftir hljómrænum einkennum: Stuðlun og rím

Mörg orðapör eiga það sameiginlegt að hljóð og hljóðasambönd í kjarnaorðum þeirra eru endurtekin, sem gerir hljómfall þeirra og hrynjandi áberandi. Í þessum orðaporum má sjá sterk tengsl við skáldskap og mælskulist svo sem stuðlun, endarím, innrím og fleira

sem lýtur að hljómfalli paranna. Hér á eftir eru nokkur dæmi um slík orðapör.

3.2.1. Stuðlun

Íslenska: *á ferð og flugi, á tjá og tundri, börn og burir, fjöll og firnindi, frá toppi til táar, fýr og flammi*,¹¹ *holt og hæðir, hvorki haus né hali, krókur og kimi, lífs eða liðinn, lög og lof, mágur og margmenni, norður og niður, Pétur og Páll, út um hvíppin (hvíppinn) og hváppinn, úti um dittinn og dattinn.*

Spænska: *a cala y cata* (‘til reynslu’), *de pe a pa* (‘frá upphafi til enda’), *de rompe y rasga* (‘ákveðinn’), *del tingo al tango* (‘hingað og þangað’; ‘fram og aftur’), *del timbo al tambo* (‘fram og aftur’), *ni fu ni fa* (‘hvorki fugl né fiskur’), *tirios y troyanos* (‘óvinir’).

Pýska: *bei Nacht und Nebel* (‘með leynd, í skjóli nætur’), *drunter und driübergehen* (‘vera í óreiðu’), *Feuer und Flamme* (‘vera upprifinn’), *klipp und klar* (‘skýrt og skorinort’), *in Bausch und Bogen* (‘með öllu, í heild sinni’), *mit Glanz und Gloria* (‘með pompi og prakt’), *mit Kind und Kegel* (‘með börn og buru’), *mit Mann und Maus* (‘með manni og mús’), *vom Scheitel bis zur Sohle* (‘frá hvirfli til ilja’), *Zittern und Zagen* (‘ótti, kjarkleysi’).

3.2.2. Rím

Íslenska: *argá og garga, á rúi og st(r)úi, grænt og vænt, höpp og glöpp, hoppa og skoppa, holt og bolt, í blíðu og stríðu, í hólf og gólf, lon og don, með ráð og dáð, veina og kveina, væla og skæla.*

Spænska: *a ciencia y paciencia* (‘með vissu og vitund e-s’), *a trancas y barrancas* (‘með miklum erfiðismunum’), *contante y sonante* (‘reiðufé’), *de cabo a rabo* (‘frá upphafi til enda’), *de la ceca a la meca* (‘fram og til baka’), *de tomo y lomo* (‘út í gegn’), *hecho y derecho* (‘lögráða’), *ni ton ni son* (‘út í bláinn’), *(no tener) ni arte ni parte* (‘hafa ekkert með e-ð að

¹¹ Notað í talmáli í íslensku.

gera’), (no decir) oxte y moxte (,segja ekki eitt aukatekið orð’), a troche y moche (,út og suður’).

Pýska: *dann und wann (,af og til’), seit eh und je (,frá ómunatíð’), heuern und feuern (,ráða og reka’), Hinz und Kunz (,Pétur og Páll’), huiben und driiben (,beggja vegna’), klein, aber fein (,lítill en góður’), Knall auf Fall (,allt í einu’), Krethi und Plethi (,allir, Pétur og Páll’), was kreucht und fleucht (,öll dýr sem geta skriðið eða flogið’), Lug und Trug (,lygar og blekkingar’), mit Ach und Krach (,með herkjum’), außer Rand und Band (,úr böndunum, stjórnlaus’), in Saus und Braus (leben) (,lifa hátt’), wanken und schwanken (,riða, skjögra’), unter Dach und Fach (,klappað og klárt’).*

3.3. Flokkun eftir merkingarlegum venslum kjarnaorða

Eitt af einkennum orðapara eru hin merkingarlegu vensl kjarnaorða í fyrri og seinni lið. Í mörgum pörum er seinni liðurinn svipaðrar merkingar (skyldheiti) og jafnvel samheiti fyrra kjarnaorðsins eða andheiti þess. Einnig getur verið um yfir- eða undirheiti að ræða eða að bæði orðin heyri undir sama hugtaka- eða merkingarsvið.

3.3.1. Samheiti og skyldheiti

Íslenska: *bölva og ragna, eymd og volæði, glaður og reifur, hoppa og skoppa, loka og læsa, sléttur og felldur, svei og sveiattan, titra og skjálfa, undur og stórmerki, væla og skæla.*

Spænska: *al fin y al cabo (,að endingu og að lokum’), al fin y a la postre (,að endingu og að lokum’), daños y perjuicios (,spell og spjöll’), de golpe y porrazo (,með höggum og barsmíðum’), dueño y señor (,hús-bóni og herra’), justo y cabal (,réttlátur og sanngjarn’), lisa y llanamente (,sléttur og felldur’), ni hablar ni parlar (,hvorki tala né spjalla’).*

Pýska: *(jemandem ist) angst und bange (,e-r er hræddur og óttasleg- inn’), Art und Weise (,háttur’), auf Schritt und Tritt (,við hvert fót-*

mál'), *weder Baum noch Strauch* (,ekki stingandi strá'), *bitten und betteln* (,biðja og betla, grátbiðja'), *(sich) dumm und därmlich (verdienen)* (,stórgærða án fyrirhafnar, græða á tá og fingri'), *Haus und Hof* (,hús og bú, allar eigur'), *nie und nimmer* (,aldrei'), *schalten und walten* (,ráða e-u'), *schlicht und einfach* (,einfaldlega'), *Sitte und Brauch* (,siðir og venjur'), *zittern und bebén* (,skjálfa og titra').

3.3.2. Andheit

Íslenska: *allt eða ekkert, fram og aftur, fram og til baka, hér og þar, hægri og vinstri, í gleði og sorg, koma og fara, kaup og sala, líf og dauði, lífs eða liðinn, svart og hvítt, upp og niður, upphaf og endir.*

Spænska: *a las duras y a las maduras* (,í gegnum þykkt og þunnt'), *cara y cruz* (,skjaldarmerkið eða krónuna'), *compra y venta* (,kaup og sala'), *ir y venir* (,fram og aftur'), *más o menos* (,meira eða minna'), *sin pena ni gloria* (,án stórtíðinda'), *tarde o temprano* (,fyrr eða síðar'), *tira y afloja* (,takast á og gefa eftir'), *tejer y destejer* (,endurtaka'), *toma y daca* (,taka og gefa'), *traer y llevar* (,sendast með e-ð'), *triste y alegre* (,sorgmæddur og glaður'), *verdades y mentiras* (,sannleikur og lygi').

Pýska: *Alt und Jung* (,ungir sem aldnir'), *Anfang und Ende* (,upphaf og endir'), *Arm und Reich* (,ríkir og fátækir, þeir fátækustu og þeir ríkustu; allir (án tillits til efnahags')), *dieses und jenes* (,hitt og þetta'), *Freund und Feind* (,vinir sem óvinir, allir'), *hier und da* (,hér og þar'), *Leiden und Freuden* (,sorg og gleði'), *tun und lassen* (,gera og láta ógert'), *überall und nirgends* (,alls staðar og hvergi'), *wohl und übel* (,hvort sem e-m líkar betur eða verr').

3.3.3. Önnur vensl

Mörg orðapör falla undir ákveðin merkingar- eða hugtakasvið. Má sem dæmi nefna dýra- og plönturíkið, ýmis náttúrufyrirbæri, mat og drykk en einnig atvinnuhætti, menningu og trúarbrögð auk þess sem mörg orðapör eiga uppruna sinn í Bíblíunni og lagamáli. Dæmin hér á eftir vísa öll til eins og sama merkingarsviðs: mannlíkamans og hluta hans.

Íslenska: *af holdi og blóði, (vera) augu og eyru (e-s), frá hvirfli til ilja, frá toppi til tár, grátur og gnístran tanna, handa og fótalaus, í búð og hár, líf og limir, með kjafti og klóm.*

Spænska: *atado de pies y manos (,bundinn í báða fætur‘), con uñas y dientes (,með kjafti og klóm‘), de carne y hueso (,af holdi og blóði‘), de pies a cabeza (,frá hvirfli til ilja‘), en cuerpo y alma (,af líf og sál‘), no tener (ni) pies ni cabeza (,vera fráleitt, út í hött‘), ser uña y carne (,vera óaðskiljanleg‘).*

Pýska: *auf Herz und Nieren (priüfen) (,rannsaka gaumgæfilega‘), von Kopf bis Fuß (,frá hvirfli til ilja‘), Kopf und Kragen (riskieren) (,hætta lífi og limum‘), weder Hand noch Fuß (haben) (,vera úr lausu lofti gripinn‘), mit Leib und Seele (,af lífi og sál‘), vom Scheitel bis zur Sohle (,frá hvirfli til ilja‘).*

4. Sameiginleg einkenni orðapara í íslensku, spænsku og þýsku

Pessi rannsókn hefur leitt í ljós að í íslensku, spænsku og þýsku koma fyrir föst orðasambönd sem greinilega eru orðapor. Dæmin í kaflanum hér á undan vitna um að gerð og notkun þeirra er samþærileg í tungumálunum þremur, þ.e. annars vegar er oftast um tvö hliðskipuð orð úr sama orðflokki að ræða en hins vegar getur sama orðið verið endurtekið, og eru þau tengd með samtengingu eða forsetningu. Í málunum þremur koma fyrir orðapor þar sem kjarna-orðin eru samheiti, skyldheiti eða andheiti. Enn fremur er stuðlun og rím einkennandi fyrir mörg þeirra. Þetta gildir um fleiri tungumál veraldar og má þar af leiðandi draga þá ályktun að algilt gangverk liggi þessum orðasamböndum til grundvallar í tungumálum heims og er íslenska þar engin undantekning; orðapor í íslensku lúta sömu lögmálum og orðapor í öðrum málum, t.d. spænsku og þýsku. Notkun orðapara er viðast ákveðið stílbragð sem beitt er í töluðu og rituðu máli til að leggja áherslu á það sem sagt er.

Tungumálin bergja af sama brunni hvað varðar mörg orðapor, þau eru fengin annars staðar að, eru svokölluð „tökuorðapor“, og

fyrir vikið kemur ekki á óvart að hliðstæð orðapör fyrirfinnist í mörgum menningarmálum heims; sum jafnvel fengin úr forngrískum og latneskum textum, önnur úr Biblíunni eins og áður var vikið að. Í íslensku koma fyrir orðapör sem má rekja í gegnum dönsku til þýskra orðapara. Dæmi um þetta eru orðapörin *þvers og kruss, þýska kreuz und quer, og vera fýr og flammi* sem á þýsku er *Feuer und Flamme sein* (Oddný G. Sverrisdóttir 2012, 180–181). Ef litið er til orðapara sem koma fyrir í tungumálunum þremur má nefna í íslensku í gegnum *þykkt og þunnt* sem á sér hliðstæður í þýsku og spænsku, þ.e. *durch dick und dünn* og í spænsku fyrirfinnst orðaparið *a las duras y las maduras*. Fleiri kunn dæmi um hliðstæð orðapör í málunum þremur eru *frá a til ö, de la «a» a la zeta* og *von A bis Z*, sem vísa til fyrsta og síðasta stafs í stafrófi hvers tungumáls. *Frá hvirfli til ilja, de pies a cabeza* og *von Kopf bis Fuß* eru orðapör sem spretta af þeirri staðreynd að mannslíkaminn er notaður sem viðmið. Í orðapörum geta ennfremur geymst sérkenni hvers tungumáls og menningarsvæðis. *Pétur og Páll* eru *Hinz und Kunz* í þýsku og á spænsku *mengano y fulano*. *Pétur og Páll* vísa trúlega í Biblíuna. *Hinz und Kunz* eru gælunöfn fyrir mannanöfnin Heinrich og Konrad, en það voru algeng nöfn keisara fyrr á tímum. Bæði orðin í spænsku eru fengin úr arabísku (*DLE*) og hafa verið notuð í málinu frá fornu fari.

5. Lokaorð

Í þessari grein hefur verið leitast við að varpa ljósi á einkenni og gerð orðapara í íslensku, spænsku og þýsku. Eins og minnst var á þá falla orðapör í flokk fastra orðasambanda en sérkenni slíkra orðasambanda eru fleiryðiseðli þeirra og festa ásamt orðtakseðli.

Fjölmörg dæmi um orðapör fyrirfinnast í tungumálunum þremur og eru þau mörg samsvarandi hvað varðar einkenni, gerð og jafnvel uppruna eins og þessi samanburðarrannsókn hefur leitt í ljós. Bygging og notkun orðapara í tungumálunum þremur er sambærileg: þau eru mynduð af tveimur hliðskipuðum kjarnaorðum – tveimur nafnorðum, lýsingarorðum, atviksorðum eða sagnorðum – sem tengjast með samtengingu eða forsetningu. Í öllum málunum

fundust dæmi um orðapör sem heyra undir þá flokka sem voru kynntir til sögunnar og lúta að venslum og afstæðum kjarnaorðanna í pörunum. Flokkað var eftir formgerð orðasambandsins, til að mynda orðflokkum og tengiorðum, þá hljómrænum einkennum og stíleinkennum, stuðlun, rími og hrynjandi, og að lokum merkingarlegum venslum kjarnaorðanna (ef um var að ræða samheiti, skyldheiti, andheiti eða orð sem heyrðu undir sama merkingarsvið). Þá hefur notkun orðapara frá alda öðli auðgað tunguna og gert hana kjarnmikla og blæbrigðaríka. Þetta á við um öll tungumálin þrjú sem hér eru í brennidepli.

Fleyg orð skáldsins Johanns Wolfgang von Goethe, „Wer fremde Sprachen nicht kennt, weiß nichts von seiner eigenen“, þ.e. ,Sá sem ekki kann erlend tungumál, þekkir ekki sitt eigið, undirstrika hversu mikilvægur samanburður erlendra tungumála við móðurmálið er. Samanburður af þessu tagi getur tvímælalaust varpað ljósi á ýmislegt í eigin móðurmáli sem ekki hefur verið augljóst fram að þessu.

ÚTDRÁTTUR

Kurz und bündig, raso y corto eða stutt og laggott:
Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku

Í þessari grein er sjónum beint að orðapörum í íslensku, spænsku og þýsku. Orðapör falla í flokk fastra orðasambanda en sérkenni þeirra eru fleiryrdiseðli, festa og orðtakseðli. Fjallað er um helstu einkenni og flokkun orðapara í tungumálunum þremur en bygging og notkun orðapara í málunum er sambærileg. Orðapör eru alla jafna tvíliða, þ.e. samsett af tveimur hliðskipuðum orðum, kjarnaorðum, úr sama orðflokki sem mynda par tengt með tengiorði (kjarnaorð + tengiorð + kjarnaorð). Orðapörin eru mynduð með kjarnaorðum eins og nafnorðum, sögnum, lýsingarorðum, atviksorðum eða fornöfnum. Tengiorðin eru samtengingar (*bolt og bolt*) og/eða forsetningarár (*dag eftir dag*). Í tungumálunum þremur fundust orðapör sem heyra undir þá flokka sem eru til umfjöllunar og lúta að venslum og afstæðum kjarnaorðanna í orðapörunum. Flokkað er eftir formgerð orðasambandsins, svo sem orðflokkum og tengiorðum (*ár og dagar, uña y mugre, Lug und Trug*), hljómrænum einkennum og stíleinnum, til að mynda stuðlun, rími og hrynjandi (*fjöll og firnindi, arga og garga, tirios y troyanos, troche y moche, klipp und klar, büben und drüben*) og merkingarlegum venslum kjarnaorðanna, svo sem þar sem um er að ræða samheiti, skyldheiti, andheiti og orð sem tilheyra sama merkingarsviði (*bölva og ragna, upphaf og endir, dueño y señor, toma y daca, bitten und betten, Leiden und Freuden*). Notkun orðapara hefur frá alda öðli auðgað tunguna og gert hana kjarnmikila og blæbrigðaríka. Þetta á við um tungumálin þrjú sem hér eru í brennidépli.

Lykilord: Orðapör, orðasambönd, þýska, íslenska, spænska

ABSTRACT

**Kurz und bündig, raso y corto or stutt og laggott:
On binomial pairs in German, Spanish, and Icelandic**

This article aims to study linguistic binomials in Icelandic, Spanish and German. Binomial pairs belong to set phraseological multi-word sequences, and belong to field of the Phraseology. Here the main characteristics and categories of the binomial pairs found in the aforementioned languages are discussed.

Charles Perrault er einkum þekktur fyrir bók sína *Sögur eða ævintýri frá liðnum tíma, með siðabodskap* (*Histoires ou contes du temps passé, avec des moralités*) sem oftast er kölluð *Sögur gæsamömmu, eða sögur frá*

18 Viðhorf Christine de Pizan (1364–um 1430) má finna í mörgum verka hennar, til dæmis *Le Livre de la cité des dames* og *Le Livre des trois vertus*. Hún tók þátt í deilunni um miðaldaljöðsöguna *Roman de la Rose* og gagnrýndi þau neikvaðu viðhorf til kvenna sem koma fram í síðari hluta þess verks.

19 Jasmin, 347–421.

20 Seifert, *Fairy Tales, Sexuality, and Gender in France. 1690–1715. Nostalgic Utopias*, 178–182. Seifert, „On Fairy Tales, Subversion, and Ambiguity: Feminist Approaches to Seventeenth-Century *Contes de fées*“, 80–98. Sterk kvenímynd getur einnig hafa mótað fyrir áhrif valdamikilla kvenna við hirðina, sjá Defrance, *Les contes de fées et les nouvelles de Mme d'Aulnoy* (1690–1698): *l'imaginaire féminin à rebours de la tradition*, 269.

21 Jasmin, *Naissance du conte féminin*, bls. 417–418.

liðnum tíma (*Contes de ma mère l'Oye, ou histoires du temps passé*).²² *Sögur gæsamömmu* komu fyrst út á prenti árið 1697 og þar er að finna alls átta ævintýri sem viðkunn eru á Vesturlöndum: „Þyrnirós“, „Rauðhetta“, „Bláskeggur“, „Stígvélaði kötturinn“, „Álfkonurnar“, „Öskubuska eða glerskórinn“, „Rikki með skúfinn“ og „Tumi þumall“. Perrault birti fyrstu ævintýrin nokkuð fyrr eða allt frá 1691 í bókmenntatímaritinu *Le Mercure Galant* sem kom út frá árinu 1672.²³ Hann var vel þekktur í samkvæmis- og menningarhlífi Parísarborgar og meðlimur í hinni áhrifamiklu Frönsku akademíu sem hafði meðal annars það hlutverk að standa vörð um hina klassísku hefð. Þrátt fyrir það var hann hlynntur nýjungum á ritvellinum og sagði að stundum væri nauðsynlegt fyrir alvarlega lesendur að leyfa skynseminni að hvílast örlítið.²⁴ Í upphafi sögunnar „Asnaskinn“ („Peau d'Âne“) skrifar hann: „Hvern skyldi undra/að skynsemin skýra,/iðulega uppgefin,/heillist af sögum/um álfkonur og tröll/og njóti þar hvíldar.“²⁵ Á titilsíðu verksins *Sögur gæsamömmu, eða sögur frá liðnum tíma* er svo mynd af gamalli konu sem spinnur við eldstæði og segir þremur börnum sögu en á litlu spjaldi á herbergishurðinni stendur „Sögur gæsamömmu“. Sumir töldu að ævintýri hans væru nánast skrifuð beint upp eftir þeim sem fluttu þau því að þau þóttu einföld og stílhrein og auk þess gaf hann sjálfur í skyn í skrifum sínum í *Le Mercure Galant* að sögur hans væru mun nær munnmælahefðinni en bókmenntaleg ævintýri annarra höfunda.²⁶ Það er þó að öllum líkindum langt frá því að vera rétt og Marc Fumaroli og fleiri telja að ætla megi að Perrault hafi vandað sig mikið við ritun ævintýranna og að yfirvegaður og einfaldur still þeirra eigi lítið sameiginlegt með stíl munnmælasagna.²⁷ Þrátt fyrir yfirlýsingar um að gott sé að leggja skynsemina til hliðar á stundum gerir Perrault lítið úr hinu yfirnáttúrulega í sögum sínum. Í „Öskubusku“ dugar ekki sveifla töfrasprota til að

22 Um deilur um hver sé höfundur verksins, sjá Gheeraert, „Introduction. La grand-mère et l'académicien“, 26–35.

23 Jean Donneau de Visé stýrði *Le Mercure Galant* frá 1672 til 1710 og þar birtust ljóð og stuttir bókmenntatextar innan um alls kyns fröðleik. Frá 1677 kom tímaritið út einu sínni í mánuði.

24 Defrance, „La politique du conte aux XVII^e et XVIII^e siècles. Pour une lecture oblique“, 15.

25 Pessi saga kom út árið 1695 ásamt fleiri ævintýrum í bundnu málí; Perrault, *Contes*, 139–140.

26 Gheeraert, „Introduction. La grand-mère et l'académicien“, 37.

27 Fumaroli, „Les Fées de Charles Perrault ou De la littérature“, 153–186; Gheeraert, „Introduction. La grand-mère et l'académicien“, 45–46 og 61–69.

galdra fram allt sem þarf til þess að unga stúlkun komist á dansleikinn: Öskubuska nær í fallegasta graskerið í garðinum og álfkonan skefur vandlega innan úr því áður en hún breytir því í vagn, lifandi músum í mísagildru er breytt í fínustu hesta, rottu í myndarlegan vagnstjóra og eðlum, sem fela sig í garðinum á bak við vatnskönnum, í snotra þjóna. Í öðrum sögum er sáralítið um töfра, eins og til dæmis í ævintýrinu „Bláskeggur“ þar sem óvenjulegur liturinn á skeggini og blóðið sem ekki má þvo af lyklinum eru nánast það eina sem telja má yfirnáttúrulegt. Táknrænt gildi þeirra vegur þungt í sögunni þótt ekki séu allir á sama máli um hvernig lesa skuli úr bláa skeggini og blóðuga lyklinum sem afhjúpar í senn glæpi Bláskeggs og óstjórnlega forvitni eiginkonunnar.²⁸ Aðrir ævintýrahöfundar voru ófeimnari við hið yfirnáttúrulega og létu skynsemi og rökvísi ekki standa í vegi fyrir ímyndunaraflinu. Madame d’Aulnoy, höfundur fyrsta bókmenntalega ævintýrisins sem birtist á prenti í Frakklandi, er ein þeirra.

2. Madame d’Aulnoy og fyrsta bókmenntalega ævintýrið

Madame d’Aulnoy (1650/1651–1705), öðru nafni Marie-Catherine Le Jumel de Barneville, barónessa af Aulnoy, var þekkt fyrir vin-sælar skáldsögur sem komu út allt frá 1690 undir höfundarnafninu Madame D**. Hún er þekktust þeirra kvenna sem þá létu að sér kveða í ævintýraritun og um þriðjungur þeirra verka sem varðveisist hafa frá þessu tímabili er eftir hana; hún á vafalítið heiðurinn af vin-sældum þessarar nýju bókmenntagreinar á síðasta áratug 17. aldar. Fátt er vitað með vissu um ævi þessa vinsæla höfundar, sem fæddist árið 1650 eða 1651 í Normandí, annað en að líf hennar var stormasamt og að hún steig sín fyrstu spor á rithöfundaferlinum þegar hún var um fertugt.²⁹ Marie-Catherine var af aðalsættum og gekk ung í hjónaband með François de la Motte, barón af Aulnoy, sem var

28 Um þetta ævintýri, sjá t.d. Flahault, *La pensée des contes*, 103–124; Gheeraert, „Introduction. La grand-mère et l’académicien“, 424–427.

29 Barchilon, „Biographie de Madame d’Aulnoy“, v–xxv; Jasmin, „Naissance du conte féminin: Madame d’Aulnoy“, 10–15.

þrjátíu árum eldri en hún. Samband þeirra varð ekki farsælt og þau munu hafa átt í miklum fjárhagskröggum. Móðir hennar hafði einnig talsverð áhrif á líf hennar. Seinni eiginmaður móðurinnar var markgreifinn af Gudane en hún átti sér einnig elskhuga og með honum og fleirum varð hún þáttakandi í ráðabruggi sem fór á versta veg; vitorðsmenn hennar lento bak við lás og slá og voru tveir þeirra teknir af lífi en móðirin flúði til Spánar þar sem hún mun hafa stundað njósnir fyrir bæði spænska og franska valdhafa þar til hún lést í Madríd árið 1702. Madame d'Aulnoy mun einnig hafa flækst í svikamálið og jafnvel verið í haldi um tíma í árslok 1669. Eftir það er talið að hún hafi farið huldu höfði í two áratugi, sennilega dvalið bæði á Englandi og á Spáni, þangað til hún kom til Parísar árið 1690. Þar var hún tildur gestur í bókmenntasaloní markgreifafrúarinnar af Lambert en skipulagði síðan sitt eigið salón þar sem hún tók á móti gestum. Hún lést árið 1705 og var þá þekkt fyrir verk sín í heimalandinu.

Þótt skáldverk Madame d'Aulnoy hafi verið gefin út undir dulnefni er ekki þar með sagt að fólk hafi ekki vitað hver einstaklingurinn á bak við nafnið var. Skáldsögur hennar nutu vinsælda og hún samdi einnig ferðasögur og söguleg verk sem sum hver voru til-einkuð meðlimum konungsfjölskyldunnar. Í tímaritinu *Le Mercure Galant* (mars, apríl 1690) var farið fögrum orðum um skrif hennar.³⁰ Þegar ævintýrasöfn hennar voru prentuð nokkrum árum síðar var hún því orðin vel kunn í menningar- og samkvæmislífi borgarinnar, ekki síst fyrir skáldsöguna *Sagan af Hypolite, greifanum af Duglas* (*Histoire d'Hypolite, Comte de Duglas*) sem kom út 1690. Í minningarorðum um skáldkonuna, sem birtust í *Le Mercure Galant* stuttu eftir andlát hennar í janúar 1705, var tilgreint að sú skáldsaga stæði öðrum verkum hennar framar. Það var einmitt í *Sögunni af Hypolite, greifanum af Duglas* sem Madame d'Aulnoy birti fyrsta bókmenntalega ævintýrið og ekki er óhugsandi að rekja megi velgengni skáldsögunnar til þessa innskots.³¹

Ævintýrið fékk heitið „Hamingjueyjan“ („L'Île de la Félicité“) og áhugavert er að sjá hvernig Madame d'Aulnoy fellir þessa frásögn

30 Jasmin, „Naissance du conte féminin : Madame d'Aulnoy“, 13.

31 Jasmin, „Naissance du conte féminin : Madame d'Aulnoy“, 15.

inn í sína fyrstu skáldsögu.³² Hinum unga Hypolite, dulbúnum sem Hyacinthe, lærlingur málarans Cardini, hefur tekist að komast inn í klaustur þar sem hans heittelskuðu Julie er að finna. Hann þráir ekkert frekar en að fá tækifæri til að hitta hana og á meðan Cardini málar abbadísina er lærlingurinn láttinn stytta fyrirsætunni stundir:

Því fylgir nokkur alvara að gera málverk og af þeim sökum fór abbadísinni að leiðast og hún óttaðist að það hefði slæm áhrif á myndina. „Ég hefði haldið,“ sagði hún, „að málarar kynnu alla jafna sögur og ævintýri til að skemmta þeim sem þeir eru að mála en þú hefur ekkert sagt mér til ánægju og ég finn að svipurinn á andliti mínu mun breytast ef þú segir mér ekki eitthvað skemmtilegt.“ „Ég er of önnum kafinn, frú míni góð,“ svaraði Cardini (en svo hét málarinn), „til að geta hugsað um eitthvað annað og þegar öllu er á botninn hvolft er ég ekki gæddur þeim hæfileika að geta sagt góðar sögur en hér er hann Hyacinthe sem ég tek með mér til að skemmta dömunum; það liggar vel fyrir honum að segja sögur.“ „Segðu mér þá eitthvað, Hyacinthe, úr því að Cardini felur þér þann starfa,“ mælti hún þá ýtin og horfði á hann ákveðin á svip.³³

Hypolite hugsar Cardini þegjandi þörfina og kveðst ekkert geta sagt en gefst upp að lokum og reynir „að rifja upp sögu sem líkist ævintýri“. Sagan fjallar um Adolphe Rússakonung sem villist á veiðum; hann hittir hinn engilfagra Zéphyr eða Vestanvindinn sem segir honum frá hinni undursamlegu prinssessu Félicité – eða Hamingju – sem býr á Hamingjueyjunni, en eins og honum er bent á getur enginn fundið þá eyju: „við leitum hennar þrotlaust, en mannlegt hlutskipti er slíkt að við getum ekki fundið hana; við ferðumst til einskis allt um kring“. Adolphe leggur land undir fót og kemst að lokum á þennan vandfundna stað og hittir þar prinssessuna sjálfa, sem talar sem betur fer alheimstungu þannig að þau eiga ekki í neinum erfiðleikum með að skilja hvort annað. Þarna er drukkið af æskubrunni og öllum líður dásamlega vel. Eða hvað? Í þessari miklu hamingju álpast Adolphe einn daginn til þess að

32 Stedman, „D'Aulnoy's „Histoire d'Hypolite, comte de Duglas“ (1690): A Fairy-Tale Manifesto“, 32–53.

33 d'Aulnoy, *Contes des fées*, 85–86. Þýðing greinarhöfundar.

spyrja Félicité hversu lengi hann hafi notið þeirrar ánægju að dvelja í návist hennar. Honum sjálfum finnist hann ekki hafa verið þarna nema í viku en þetta gætu þó hugsanlega verið einir þrír mánuðir. „Adolphe,“ svarar hún alvarleg á svip, „þú komst hingað fyrir þrjú hundruð árum.“ Honum bregður illilega, fyllist áhyggjum af ríki sínu og þegnum en þó einkum því að hann skuli ekkert hafa unnið sér til frægðar og muni því ekki teljast til mikilmenna eftir sinn dag. Hún fyrtist við vanþakklæti hans og svarar því til að hann geti farið þegar hann vilji en að hún óttist að illa muni fara fyrir honum. Hann lætur ekki segja sér þetta tvisvar og fullyrðir að hann muni snúa aftur um leið og hann hafi unnið sér eitthvað til frægðar. En margt fer öðrurvísi en ætlað er: Tíminn verður á vegi hans í líki öldungs sem grípur fyrir vit unga mannsins og bindur snarlega enda á líf hans. Vestanvindurinn flytur lífvana líkamann aftur til eyjunnar þar sem Félicité finnur elskhuga sinn láttinn, bugast af sorg og lokar hallarhlíðunum í eitt skipti fyrir öll fyrir mennskum mönnum. Síðan þá hafa óróleiki og óánægja ætíð fylgt Félicité enda „er tíminn ósigrandi og engin hamingja án skugga“ eins og segir í sögulok. Abbadísin var hæstánægð með söguna en sagði að óttinn um að hún yrði of stutt hefði þó spilt dálítið fyrir; lærlingurinn hefði hins vegar sagt svo listilega vel frá að hann ætti endilega líka að segja Julie þessa heillandi sögu, það væri svo miklu skemmtilegra fyrir hana að hlusta á hann en að lesa bækur.

Þetta fyrsta bókmenntalega ævintýri er í senn sorgleg og hugljúf ástarsaga um hamingjuna sem við höndlum ekki. Höfundurinn hefur meðal annars leitað í brunn grísk-rómverskra goðsagna og fær eitt og annað að láni úr verkinu *Ástir Psyke og Cupidons* (*Les Amours de Psyché et de Cupidon*) sem Jean de la Fontaine gaf út árið 1669 en átti rætur að rekja til *Gullasna* (*Asinus aureus*) Apuleiusar. Fleiri samtímahöfundar Madame d'Aulnoy, þar á meðal Charles Perrault í ævintýrinu „Grisélidis“, skrifuðu um eyjuna eða staðinn sem enginn á að geta fundið og ekki er óhugsandi að vinsældir þemans á þessum tíma megi að nokkru, rekja til áhrifa frá fyrrnefndu Landakorti ástarinnar þar sem ástinni og því sem henni fylgir var

lýst sem áhættusamri óvissuferð sem gæti endað illa.³⁴ „Hamingjueyjan“ endar nefnilega illa því að mennirnir eru veiklundaðir og drambsamir, og vegna þess að Tíminn sigrar allt, líka ástina og þá hverfulu sælu sem henni fylgir. „Hamingjueyjan“ sker sig því nokkuð frá þeim ævintýrum sem síðar komu: þetta er sorgarsaga og þar er engin álfkona sem kemur skjólstæðingum sínum til hjálpar á ögurstund. Hér má þó greina merki þeirrar úrvinnslu sem átti eftir að setja svip sinn á síðari ævintýri höfundar. Nadine Jasmin bendir til dæmis á kvengervingu karlhetjunnar sem Vestanvindurinn ber í fanginu til og frá Hamingjueyjanni; í sögu La Fontaine er það Psyché sem Zéphyr ber á örnum sér í höll Amors.³⁵ Hamingjueyjan birtist einnig sem eins konar særuríki kvenna sem lokað er körlum nema þegar ástin knýr dyra en sú innrás hefur skammvinna gæfu í för með sér.

Nokkrum árum síðar sendi Madame d’Aulnoy frá sér samtals átta bindi af ævintýrum á aðeins fimmtíðum: fyrstu fjögur, *Ævintýri* (*Les Contes des fées*), árið 1697 og ári síðar fjögur til viðbótar, *Ný ævintýri eða Álfkonur í tísku* (*Contes nouveaux ou Les Fées à la mode*). Þau komu öll út hjá Claude Barbin sem var þekktur útgefandi í París og sérhæfður í útgáfu skáldverka, ekki síst ævintýra, sem ætluð voru lesendum sem þyrsti í skemmtilegt lesefni en ekki alvarleg og fræðandi rit.³⁶ Ævintýrunum var vel tekið af lesendum; þau voru dæmigerð fyrir nýju tískustraumana í bókmennataheiminum og væntingar áheyrenda og í meðförum Madame d’Aulnoy varð ævintýrið höfundarverk sem á lítið skylt við alþýðu- og munnmælasögur. Hún er fremst í flokki þeirra rithöfunda sem Nadine Jasmin telur að hafi tekið þátt í að skapa sérstaka tegund franskra

34 Í „Hamingjueynni“ má finna þjóðsagnaminnið ATU 470B („Landið þar sem enginn deyr“). Sjá t.d. Barchilon, „Adaptation of Folktales and Motifs in Madame d’Aulnoy’s Contes: A Brief Survey of Influence and Diffusion“, 353–364; d’Aulnoy, *Contes des Fées*, 703; Delarue, Tenèze, *Le conte populaire français*, II, 163–168. Um flokkun þjóðsagnamanna og skrár yfir slík minni, sjá Uther, „Classifying tales: Remarks to Indexes and Systems of Ordering“, 15–32. Stutta franska ljóðsagan „Guingamor“, sem er eftir óþekktan höfund og frá lokum 12. aldar, stýðst við sama minni: Í henni segir frá dvöl riddarans Guingamor í handanheimi þar sem tíminn lður töruvísí en við eignum að venjast: riddarinn villist af leið í veiðiferð og fylgir konu sem verður á vegi hans í skóginum að glæstri höll þar sem hann dvelur í góðu yfirlæti við allsnægtir talsvart lengur en hann grunar. Þegar hann snýr aftur heim eru liðnar þrjár aldir og er hann bítur í epli til að seðja sárasta hungrið tilheyrir hann ekki lengur handanheiminum, eldist og hrörnar. Sjá „Guingamor“, *Fríða og Dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, 63–75.

35 Sjá stutta umfjöllun Nadine Jasmin í: d’Aulnoy, *Les Contes des fées*, 703–708.

36 Jasmin, *Naisance du conte féminin*, 429–430.

ævintýra sem rétt sé að kenna við konur (*conte de fées féminin*).³⁷

Ævintýri Madame d’Aulnoy draga dám af bókmenntum og samfélagi ritunartíma þeirra, og þá einkum hirð og yfirstétt. Sögupersónur eru nánast undantekningarlaust af aðalsættum og lenda í hinum verstu hremmingum, eins og algengt var í skáldsögum þessa tímabils. Persónur af borgarastétt eru hæddar og alþýðan er varla til staðar. Nadine Jasmin bendir á að þessi framsetning hafi gert Madame d’Aulnoy kleift að styðjast við munnmælahefðina í verkum sínum.³⁸ Allt sem þótti of lágkúrulegt eða of raunsætt, svo sem bændur og erfiðisvinna á ökrum eða annars staðar, var óviðeigandi í þeim hópi samfélagsins sem hún tilheyrdi og vék fyrir fágaðri sögupersónum sem lifðu og hrærðust í umhverfi sem var líkara því sem hefðarkonur voru kunnugar: hversdagslífinu við hirð Loðvíks 14. og ríkjandi fagurfræði.³⁹ Stjórnmál og valdabarátta koma líka gjarnan við sögu og konungurinn á oft í basli með að stjórna ríki sínu vegna svika og pretta, sem hann á jafnvel hlut að á einn eða annan hátt. Í þessu samhengi hefur Nadine Jasmin einnig dregið fram vægi hins talaða orðs í verkum Madame d’Aulnoy; hún sýni með ævintýrunum hversu hæfileikarík sagnakona hún var en í sögunum sjálfum sé þáttur hins talaða máls – og í sumum tilvikum fjarvera þess – veigamikill, til dæmis sem álög, loforð, leyndarmál, slúður og játningar, svo eitthvað sé nefnt.⁴⁰ Gamansamur tónn setur jafnan svip sinn á frásagnarstíl hennar; í þeim leynast fjölmörg brosleg atvik, aðstæður, lýsingar og samtöl.⁴¹ Til viðbótar við sitt eigið hugarflug og kímnigáfu hefur hún einnig getað sótt í ýmsar fyrirmyn dir sem þekktar voru í samtíma hennar, svo sem *Le Roman comique* eftir Scarron og farsa og gamanleiki Molières, sem dró reyndar óspart dár að þessum menntakonum. Dæmisögur eða fabúlur nutu vinsælda á þessum tíma í frönskum bókmenntaheimi og þær höfðu einnig áhrif á ritun bókmenntalegra

³⁷ Jasmin, *Naissance du conte féminin*, 13–25.

³⁸ Jasmin, „Naissance du conte féminin : Madame d’Aulnoy“, 28.

³⁹ Anne Duggan hefur fjallað um hvernig Madame d’Aulnoy umbreytir og fléttar saman goðsögum annars vegar og veruleika og aðstæðum annars vegar sem samtímafólk hennar þekkti. Sjá Duggan, *Salonnieres, Furies, and Fairies: The Politics of Gender and Cultural Change in Absolutist France*.

⁴⁰ Jasmin, „Naissance du conte féminin : Madame d’Aulnoy“, 60–64.

⁴¹ Mainil, *Madame d’Aulnoy et le rire des fées. Essai sur la subversion féerique et le merveilleux comique sous l’Ancien Régime*.

ævintýra; þangað má til dæmis rekja siðaboðskapinn sem iðulega má finna í sögulok, tekinn saman í nokkrum ljóðlínum.

Helsta þema bókmenntalegu ævintýranna er ástin og í þeim efnunum líður lesandi sagna Madame d’Aulnoy engan skort. Allt frá því að elskendurnir hittast í fyrsta sinn og þar til í sögulok er dvalið við tilfinningalíf þeirra og samskiptum elskendanna vandlega lýst, án þess þó að farið sé yfir viðeigandi velsæmismörk. Sambönd og birtingarmyndir kynjanna tveggja í ævintýrum Madame d’Aulnoy eru því áhugaverð; karlpersónur í verkum hennar eru gjarnan veikgeðja og mun veiklundaðri en kvenhetjan, hver svo sem ástæðan er: álög, aðgerða- eða atkvæðaleysi. Feður standa ekki vörð um hamingju dætra sinna og vonbiðlar missa móðinn eða getuna til að berjast fyrir ástina. Kvenhetjan fagra gefst hins vegar ekki upp og sýnir hugrekki og hugkvæmni í flóknum og erfiðum aðstæðum.⁴² Álfkonan skerst í leikinn eftir þörfum; hún er vitur og voldug í krafti töframáttarins sem hún býr yfir. Einnig er athyglisvert hversu algengt er í bókmenntalegu ævintýrunum að rekast á andstæðar kvenímyndir, og reyndar mun algengara en samsvarandi karlímyndir. Lewis C. Seifert bendir á að í þessum verkum sé birtingarmynd konunnar sífellt klofin og skipt upp í „góðu“ konuna og „vondu“ konuna. Vonda konan er þannig hættulegasti andstæðingur góðu konunnar og hann telur að í átökum móður og dóttur, stjúpmóður og stjúpdóttur, stjúpsystra, góðrar og vondrar álfkonu endurspeglist óljós staða konunnar í samfélagi þar sem karlar ráða ferð. Togstreitunni er beint inn á við, gegn þeim sjálffum og gegn öðrum konum þar sem þær hafa engin völd út á við. Þessi staða tengist einnig umræðunni um stöðu kvenna í frönsku samfélagi sem áður var getið.⁴³

Jákvæðar birtingarmyndir kvenhetjunnar í ævintýrum Madame d’Aulnoy sækja efalítið innblástur í þá ímynd konunnar sem lögð var rækt við í bókmenntasamkomum aðalsins. Þar nutu konur ákveðins sjálfstædis og voru virkir, og í sumum tilvikum virtir þáttakendur í menningarlífinu þótt lengi vel hafi ekki verið litið á skrif þeirra á þessum tíma sem veigamikið framlag til bók-

42 Í ævintýrum Charles Perrault kemur prinsinn, eða ígildi hans, kvenhetjunni til bjargar í sögulok. Það á við um ævintýrin „Bláskegg“, „Öskubusku“, „Álfkonurnar“ og „Pyrnirós“.

43 Seifert, *Fairy Tales, Sexuality, and Gender in France. 1690–1715. Nostalgic Utopias*, 175–219.

menntanna, hvorki af samtímmönnum né þeim sem síðar komu.⁴⁴ Sjálfstæði var ekki auðsótt fyrir franskars yfirlættarkonur 17. aldar og sjaldgæft var að konur byggju einar þótt þær væru fullorðnar og fjárhagslega sjálfstæðar. Væru þær ógiftar eða ekkjur bjuggu þær hjá foreldrum sínum, bróður eða systur; væru þær illa stæðar og án fjölskyldu komu þær sér fyrir í klaustri eða sem kennslukonur hjá efnuðum fjölskyldum. Þess eru dæmi að konur hafi ekki viljað giftast til að varðveita sjálfstæði sitt; Madeleine de Scudéry bjó til að mynda í glæstum húsakynnum í Mýrinni sem bróðir hennar, leikrithöfundurinn Georges de Scudéry, leigði í sínu nafni þótt hún virðist sjálf hafa staðið undir kostnaði við leiguna og lengst af búið þar ein.⁴⁵ Í sumum tilvikum bjuggu hjón á sitt hvorum staðnum; eiginmaður rithöfundarins Madame de Lafayette dvaldi til dæmis lengst af á landareign sinni utan Parísar en hún í höfuðborginni og við hirðina og stundaði ritstörf með vinum sínum. Hvað Madame d'Aulnoy viðkemur – sem gekk í hjónaband fimmtán ára gömul, með manni sem var þrjátíu árum eldri en hún sjálf – þá bjó hún aðskilin frá eiginmanni sínum eftir málaferlin 1670 og var ekkja síðustu fimm ár ævinnar. Þótt flest ævintýri hennar fjalli um einhverjar hliðar ástarinnar helgar hún aðeins eitt þeirra því viðfangsefni hversu rangt sé að neyða „hjörtu sem ekki unnast“ til að ganga í hjónaband; það er „Blái fuglinn“.

3. „Blái fuglinn“

Sjö árum eftir að „Hamingjueyjan“ kom fyrir augu lesenda í skáldsögunni *Sagan af Hypolite, greifinn af Duglas* kom bókmenntalega ævintýrið „Blái fuglinn“ út í fyrsta hefti *Ævintýra* og var síðan endurútgefíð ótal sinnum og endurskrifað.⁴⁶ Sagan rataði í safnritið mikla *Ævintýrasafnið eða úrval ævintýra og annarra sagna* (*Le Cabinet*

⁴⁴ Sjá til dæmis umfjöllun um stöðu bókmenntalegra ævintýra Madame d'Aulnoy hjá Adams, „The ‘Contes de fées’ and Madame d'Aulnoy: Reputation and Re-evaluation“, 5–22. Nadine Jasmin fjallar einnig um aukinn áhuga á verkum skáldkonunnar í Frakklandi undanfarna áratugi: Jasmin, *Naissance du conte féminin*, 13–18.

⁴⁵ DeJean, „Après la guerre civile : la précieuse“, 549.

⁴⁶ Sjá stutt yfirlit í d'Aulnoy, *Contes des Fées*, 717–718; Mounier, „La circulation générique d'une histoire : *L'Oiseau Bleu* entre conte, lai et nouvelle“, 125–175. Í þessari grein er stuðst við íslenska þýðingu á ævintýrinu sem finna má í *Friða og Dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, 201–243.

des fées ou collection choisie des contes des fées, et autres contes merveilleux) sem Charles-Joseph de Mayer gaf út í 41 bindi á árunum 1785 til 1789 og er til merkis um þann áhuga sem ævintýri nutu á upplýsingaöld. Þarna er að finna úrval vinsælla ævintýra frá 17. og 18. öld eftir um það bil fjörutíu höfunda, þar á meðal mörg verka Madame d'Aulnoy. Á 19. öld barst svo sagan „Blái fuglinn“ víða með farandsöllum og er nú til í alls kyns gerðum og útgáfum. Þar segir frá ungu stúlkunni Flórínu (Florine) sem er fimmtán ára gömul þegar faðir hennar, konungur og ekkjumaður, gengur að eiga ekkju sem á dótturina Gríshildi (Truitonne). Gríshildur ólst upp hjá álfkonunni Sússíó (Soussio) og er bædi ófríð og ógeðfelld. Nýja drottningin leggur fæð á Flórínu og þegar Sjarmör (Charmant) konungur kemur í heimsókn og hrífst af konungsdótturinni fögru verður nýja drottningin afbrýðisöm og lokar stjúpdóttur sína inni í turni. Sjarmör lætur blekkjast þegar Gríshildur mætir á stefnumót að kvöldlagi í stað Flórínu og af því leiðir að hann lofast rangri stúlku. Að ósk hennar fara þau til álfkonunnar Sússíó til að giftast. Þar sér Sjarmör að hann hefur farið mannavillt og þegar hann harðneitar að kvænast Gríshildi breytir álfkonan honum í bláan fugl og munu þau álög hvíla á honum í sjö ár. Það hindrar hann ekki í að hitta sína heittelskuðu og um tveggja ára skeið flýgur hann til hennar á kvöldin þegar hún opnar turnluggann. Drottningin vonda setur þá njósnara í prísund Flórínu og kemst að leyndarmálínu um næturfundí elskendanna. Hún lætur festa eggvopn utan á tréð þar sem Blái fuglinn hefur búið um sig og hann skerst illa og missir bædi vængi og fætur. Þá ber að töframann sem græðir sár hans en er ófær um að leysa Sjarmör úr álögunum þar sem töframáttur hans er ívið minni en kraftur álfkonunnar Sússíó. Það er því einungis með því að ganga að eiga Gríshildi að Sjarmör getur endurheimt mannsmynd sína. Meðan þessu fer fram deyr faðir Flórínu og þegnar hans gera uppreisn gegn nýju drottningunni og dóttur hennar og frelsa Flórínu úr turnherberginu þar sem hún hefur verið í haldi um árabil. Hún hefst þá handa við að leita að Sjarmör, fær sér dulargervi sem hálfgerð Öskubuska og leggur af stað. Á vegi hennar verður álfkona sem lætur hana fá fjögur egg sem hún getur brotið ef vandi steðjar að. Úr einu þeirra koma gullgaddar sem gera henni kleift að klífa þverhnípt fjall, úr öðru dífur sem fljúga með hana niður af fjallinu

og alla leið til hallar Sjarmörs konungs. Þar er verið að undirbúa brúðkaup hans og Gríshildar sem hann hefur fallist á að kvænast til, sannfærður um að Flórína hafi svikið hann. Í skiptum fyrir dásemadir úr eggjunum tveimur sem eftir eru fær Flórína í þrígang leyfi til að eyða nóttu í Bergmálsstofunni sem er undir svefnherbergi konungs en þangað berst allt sem sagt er í herberginu fyrir neðan. Tvær fyrstu næturnar rekur hún raunir sínar í von um að Sjarmör heyri til hennar en þar sem hann hefur verið vansvefta af óhamingju um langt skeið tekur hann ópíum fyrir svefninn og sekkur í óminnisdjúp þar sem ekkert fær truflað hann. Hann vaknar því ekki við kveinstafina. Þriðju nóttina kemur hún því í kring að konungurinn er svikinn um ópíumskammtinn; þá heyrir hann loks rödd konunnar sem hann elskar í raun og Flórína afhljúpar blekkingavefinn sem Gríshildur og móðir hennar hafa spunnið í kringum Sjarmör. Flórína og Sjarmör giftast næsta dag en ófríðu stjúpsysturinni er breytt í gyltu sem hleypur rýtandi burt. Sögunni lýkur á siðaboðskap eða *moralité* þar sem höfundur tekur saman lærðóminn sem draga má af ævintýrinu, það er að segja að fólk skuli ekki ganga í hjónaband ef ástin er ekki gagnkvæm:

Pegar Gríshildur vildi giftast Sjarmör án þess að hafa unnið bjarta hans ætlaði búin að efna til hjónabands sem aðeins dauðinn getur bundið enda á. Ekki sýndi hún mikla aðgát, því miður! Vissi hún ekki að hjónabönd eru aðeins dapurlegt þrælahald ef ástin er ei með í fór? Sjarmör var skynsamur því ég tel betra að vera Blái fuglinn, brafn eða jafnvel ugla en að þola þá kvöld að hafa það sem maður befur andstyggð á fyrir augunum dag hvern.

Mörg þess háttar hjónabönd er að finna á okkar tínum. Þau væru hamingjúrikari ef enn væru til klókir galdramenn andvígir slæmum ráðahag, sem byggist á duttlungum eða digrum sjóðum, því tvö hjörtu sem ekki unnast eiga ekki samleið.

Eins og á við um flest ævintýri Madame d'Aulnoy er heiti sögunnar „Blái fuglinn“ nafn einnar af aðalsögupersónunum, þó ekki kvenhetjunnar sem ævintýrið hverfist um frá upphafi, heldur elskhuga hennar og verðandi eiginmanns, þó ekki hans rétta nafn heldur nafnið sem vísar til álaganna sem hann sætir fyrir að vilja ekki giftast konu sem hann elskar ekki en heldur að sé önnur en hún er. Nöfn sögupersónanna eru gjarnan lýsandi: Flórína vísar til

blóma, enda er hún gullfalleg, Sjarmör tjáir aðdráttarafl unga mannsins og Gríshildur felur í sér ljótleika stjúpsysturinnar. Nafn Bláa fuglsins – Sjarmörs konungs í álögum – hefur ef til vill einnig vakið hugrenningar hjá lesendum ævintýrisins. Blái liturinn minnir á himininn og þar með ný heimkynni Sjarmörs í fuglslíki en liturinn tengist einnig völdum – ekki síst konungsvaldi – og ríkidið í Frakklandi á 17. öld.⁴⁷ Fuglinn er þekkt táknað elskhugans eins og sjá má í frönskum bókmennatextum allt frá 12. öld þegar skáldkonan Marie de France samdi stutta ljóðsögu þar sem næturgalinn og söngur hans vísa til forboðinnar ástar; í annarri ljóðsögu eftir sömu skáldkonu tekur elskhuginn á sig fuglsmýnd og flýgur inn í turnherbergi þar sem ungrí, fagurri konu er halddið fanginn af afbryðisömum og gömlum eiginmanni.⁴⁸ Litlar líkur eru á að Madame d’Aulnoy hafi þekkt þessar sögur enda voru miðaldaskáldverk ekki hátt skrifuð hjá bókmennataelítu 17. aldar. „Blái fuglinn“ byggist hins vegar á þjóðsagnaminnum sem báðum skáldkonunum hafa verið kunnug í einhverri mynd og sem þær hafa spunnið við og lagað að samtíma sínum, hvor á sinn hátt.⁴⁹

Elskhuginn í fuglslíki gefur rithöfundinum tækifæri til að bregða á leik á fleiri en einn veg. Dýrshamur í ævintýrum Madame d’Aulnoy er oftast álög sem álfkona hefur lagt á sögupersónu til þess að refsa henni eða koma fram hefndum. Sögupersóna sem lendir í slíkum ósköpum breytist þó aldrei nema á yfirborðinu og í því felst grimmd álaganna þótt umbreytingunni í verkum Madame d’Aulnoy sé efalítið einnig ætlað að krydda með því frásögnina og skemmta lesendum eða áheyrendum.⁵⁰ Breytingin minnir á vægi útlitsins,

47 Eftir að hafa öðlast jákvætt gildi á 12. og 13. öld, einkum í tengslum við notkun litarins í myndum af Maríu guðsmóður. Sjá Pastoureau, *Bleu. Histoire d'une couleur*, 43–105.

48 Það eru stuttu ljóðsögurnar „Laüstic“ og „Yonec“. Þá fyrrí má finna í íslenskri þýðingu í *Frida og Dýrið. Franskar sigrar og ævintýri fyrrí alda*, 55–57. Sjá líka íslenska þýðingu ú: Strengleikar. Aðalheiður Guðmundsdóttir bjó til prentunarog ritrarinnang. Reykjavík: Bókmennatafræðistofnun Háskóla Íslands, 2006.

49 Parna eru á ferdinni þjóðsagnaminnin 432 (Konungssonurinn í fuglslíki) og 425 (Leitin að týnda eiginmanninum), sjá d’Aulnoy, *Contes des Fées*, 717–718; Delarue, Tenèze, *Le conte populaire français*, 72–106, 112–114. Raymonde Robert hefur bent á að tólf bókmennatleg ævintýri frá lokum 17. aldar til-loka 18. aldar séu spunnin í kringum þessi minni, þar af séu sex þeirra eftir Madame d’Aulnoy; Robert, *Le conte de fées littéraire en France, de la fin du XVII^e à la fin du XVIII^e siècle*, 146–166.

50 Sjá til dæmis Bloch, „Le héros animal dans les contes de fées de Mme d’Aulnoy. Le prince Marcassin, Serpentin Vert, La Chatte blanche, La Biche au bois“, 119–138.

hins ytra: Þótt Flórína elski Sjarmör bæði í manns- eða dýrslíki er ljóst að hann getur ekki stjórnað ríki sínu sem lítill og veikbyggður fugl. Töframaðurinn sem græðir sár hans segir honum að þegnar ríkisins muni ekki lúta stjórn hans ef hann birtist þeim í fuglsmýnd:

Sá sem hlýðir mennskri veru er ekki fús að hlýða páfagauki og sá sem óttast tignarlegan og valdamikinn konung plokkar fjaðrirnar af litlum fugli.
„Æ, mannlegur veikleiki, glæsta yfirborð!“ hrópaði konungurinn upp yfir sig. „Þú ert marklaus þegar heiður og dygð eru annars vegar og endalaus uppsprettu vonbrigða sem erfitt er að verjast.“

Í sumum tilvika endurspegla hamskiptin þó innra eðli söguper-sónunnar, eins og þegar Gríshildur á í hlut. Madame d’Aulnoy beinir hér sjónum að hinu flókna samspili þess sem er og þess sem sýnist. Mikilvægi hins glæsta yfirborðs í stjórnartíð Loðvíks 14. og sá mannlegi veikleiki sem felst í því að láta blekkjast af því sem virðist er kunnuglegt stef í frönskum bókmennitum á síðari hluta 17. aldar og margir höfundar fjölluðu um það viðfangsefni á býsna alvarlegum nótum. Meðal þeirra voru François de la Rochefoucauld í *Orðskviðum* (*Réflexions ou Sentences et Maximes morales*) sem kom út í París árið 1665 og Blaise Pascal í *Hugsunum* (*Pensées*) þar sem hulunni er fumlaust svipt af aumri mannskepnunni sem reynir að flýja eymd sína með því að beina sjónum frá henni og dreifa huganum.⁵¹ Leikskáldið Molière gerði blekkingarleik og hræsni að viðfangsefni sínu í gamanleiknum *Tartuffe eða loddarinn* (*Tartuffe ou l'imposteur*) sem fyrst var settur á fjalirnar árið 1664 og í formála að því umdeilda verki réttlætir hann tilurð þess með því að minna á að fólk hafi þörf fyrir skemmtun eða *divertissement* á milli þess sem það þylur bænirnar.⁵² Orðið *divertissement* – dægradvöl, ánægja, skemmtun – er dregið af sögninni *divertir* sem þýðir bæði að skemmta og að

⁵¹ Verkið *Pensées* eftir Blaise Pascal kom fyrst út árið 1670. Brot úr verkinu má lesa í íslenskri þýðingu í *Ritinu 3/2020*, 179–202. Verk François de La Rochefoucauld, *Réflexions ou sentences et maximes morales*, gengur alla jafna undir nafninu *Maximes*. Það kom fyrst út á frönsku árið 1665.

⁵² Molière, *Le tartuffe. Dom Juan. Le misanthrope*, 30.

dreifa áhyggjum, beina huganum frá því sem þjakar hann.⁵³ Madame d’Aulnoy sýnir þessu stefi greinilegan áhuga í „Bláa fuglinum“ og ekki einungis með frásögn af grimmum örlögum Sjarmörs. Hún gerir grín að óánægju fólks með útlit sitt með því að bregða á loft risavöxnum spegli – einmitt þegar leit Flórínu að Sjarmör stendur sem hæst – þar sem þúsundir kvenna og karla úr öllum heimshornum góna á mynd sína í speglinum, geifla sig og gretta, og sjá sig eins og þau vildu líta út en gera ekki. Þessi fegrandi blekking er afkáraleg og fólkisem dvelur við draumsýnina óttast mest að Flórína brjóti spegilinn með því að stíga á hann. Blekkingin er líka að verki þegar Sjarmör lætur gabbast af Gríshildi í rökkrinu. Umbreytingin á sér stað þegar honum verða ljós svikin við að sjá hið sanna í gegnum glervegg og neita svo staðfastlega að kvænast þeirri sem blekkti hann:

Sjarmör konungur tók strax að breytast. Fjaðrir þöktu nú handleggina og mynduðu vængi, fótleggirnir urðu svartir og rindilslegir, bognar klær uxu á fótum hans og líkaminn skrapp saman og varð alþakinn löngum, fínlegum, ljósbláum fjöðrum; augun urðu kringlótt og glönsuðu eins og sólin, nefið breyttist í fílabeinsgogg og á höfðinu mátti sjá hvítan skúf sem var eins og kóróna í laginu. Fuglinn söng dásamlega og talaði á sama hátt. Sjarmör æpti af skelfingu við að sjá þessa umbreytingu á sjálfum sér og flaug í burtu eins fljótt og hann gat til að komast úr þessari hræðilegu höll.

Þetta nýja gervi, sem minnir þrátt fyrir allt á fyrri tign hans, gerir honum kleift að fljúga á fund Flórínu og eiga með henni ljúfar stundir í prísundinni því Flórína lætur ekki útlit síns heittelskaða hafa áhrif á tilfinningarnar sem hún ber til hans. Listamenn hafa sótt innblástur í þær senur og jafnvel dregið fram sjaldgæfa munuð sem kemur fram í lýsingum höfundar á samskiptum Flórínu og Bláa fuglsins á gluggasyll уни þar sem þau hjala hugfangin hvort við annað: hún strýkur fjaðrirnar blíðlega en hann klappar henni

53 Sjá „divertir“, Dictionnaire de l’Académie française, 1re édition, 1694, <https://www.dictionnaire-academie.fr/article/A9D2849> og „divertissement“, Dictionnaire de l’Académie française, 1re édition, 1694, <https://www.dictionnaire-academie.fr/article/A9D2851>.

með fætinum og goggar mjúklega í hana.⁵⁴ Blái fuglinn er aðeins einu sinni kallaður páfagaukur í sögunni en þessir framandi, litríku fuglar sem hermt geta eftir mannsröddinni voru þekktir sem gælu-dýr meðal franska aðalsins á 17. öld. Þegar páfagaukur markgreifa-ynjunnar Suzanne Du Plessis-Belliére, sem var vinsæl í samkvæmis-lífi Parísarborgar um miðja 17. öld, gaf upp öndina var til að mynda brugðið á leik og ortar fjölmargar sonnettur í minningu fuglsins sem allar áttu að innihalda sömu rímorðin.⁵⁵ Skemmtanagildi gælu-dýrsins varð því langlífara en það sjálft.

Þótt ekki sé vitað með vissu hvenær Madame d'Aulnoy samdi „Bláa fuglinn“ hafa efnistök hennar og áherslur breyst umtalsvert frá því hún laumaði „Hamingjuejunni“ inn í *Söguna um Hypolite, greifa af Duglas*. Í „Bláa fuglinum“, eins og viðar í ævintýrum sínum, dregur höfundurinn upp sterka mynd af kvenhetju sinni, á kostnað karlhetjunnar. Tvær konur, guðmóðir og móðir Gríshildar, leggjast á eitt um að gera Sjarmör og Flórínu lífið leitt og reynast þeim fyrrnefnda yfirsterkari. Hann missir alla von, býr sig undir að lifa við ástleysi það sem eftir er og flýr andvökunætur og angist með ópíum.⁵⁶ Flórína, snjöll og úrræðagóð og með góðu álfkonuna sér við hlið, tekur örlögin í sínar hendur þegar faðir hennar snýr við henni bakinu, elskhuginn missir móðinn og mótlætið steðjar að í líki annarra kvenna sem beita öllum brögðum til að fá fram vilja sinn. Hún skiptir um ham af eigin hvötum, klæðist druslum og leggur land undir fót þar til hún finnur konunginn og tekst að tryggja hamingju þeirra beggja af mikilli hugkvæmni. Ævintýrið endar vel og það hefur verið hin besta skemmtun fyrir áheyrendur að hlýða á „Bláa fuglinn“; sagan er full kímní og hugarflugs og Madame d'Aulnoy setur á svíð kvenhetju sem ætla má að hafi verið áheyrendum hennar að skapi, að minnsta kosti þeim sem gátu séð sig í sögupersónunni.

⁵⁴ Darmay-Vissuzaine, „Division de l'espace et ouverture du corps : « Gracieuse et Percinet », « L'Oiseau bleu » (Madame d'Aulnoy) et « Plus Belle que Fée (Mademoiselle de La Force), entre texte et image», 152–155.

⁵⁵ Sonnettunar tuttugu og fimm voru gefnar út árið 1656 af Charles Sercy; sjá Speyer, „La poule de Sylvie et le pigeon de Sapho: le bestiaires galant des recueils collectifs de la seconde moitié du XVII^e siècle“, 37.

⁵⁶ Frá 17. öld hefur ópíum verið notað í Evrópu til að deyfa sársauka og valda vímu; sjá Butel, *L'opium, histoire d'une fascination*.

4. Lokaorð

Bókmenntalegu ævintýrin voru alla jafna skrifuð af konum og fyrir konur. Þau tilheyra því sérstaka menningarlífi sem myndaðist í París á 17. öld og draga dám af þeim hugðarefnum og smekk sem þar ríkti. Mörg þeirra einkennast af frjóu ímyndaraflí og kímni og þau voru ætluð til skemmtunar eins og fleiri gerðir bókmennta sem blómstruðu í þessu umhverfi. Madame d’Aulnoy er þekktust þeirra kvenrithöfunda sem fengust við ævintýraritun og er höfundur fyrsta bókmenntalega ævintýrisins. Hún fléttæði dægur- og deilumál samtímans inn í verk sín og þau endurspeglar umhverfi sem áheyrendum hennar og lesendum voru kunnug og viðfangsefni sem þeim voru hugtæð. Staða konunnar var eitt þeirra og viðhorf Madame d’Aulnoy í þeim efnum virðist koma skýrt fram í umfjöllun hennar um ástina, hjónabandið og hamingjuna. Þrátt fyrir napran veruleika margra kvenna á ritunartíma þessara verka hafa verk hennar hvorki á sér uppeldislegan eða kristilegan blæ þótt þar takist á gott og illt, rétt og rangt. Bókmenntalegu ævintýrin voru ekki ætluð til uppræðslu barna eða til að koma þeim í háttinn en þeim lýkur engu að síður á laggóðum siðaboðskap – misdjúpum – sem undirstrikkar merkingu sögunnar og boðskap. Í lokaorðum „Bláa fuglsins“ segir að það kunni ekki góðri lukku að stýra að þvinga fólk til að ganga í hjónaband með þeim sem það elskar ekki og sá boðskapur hefur efalítíð fengið hljómgóðum hjá lesendum á tímum þegar skipulögð hjónabönd voru algeng og flestar konur bjuggu við takmarkað frelsi. Í „Hamingjuejunni“ lýtur ástin í lægra haldi fyrir mannlegum breyskleika og Tímans rás og hin fagra Félicité lokar endanlega dyrunum að höll sinni. Í „Bláa fuglinum“ tekur kvenhetjan málín í sínar hendur og tekst að yfirstíga allar hindranir og endurheimta elskhuga sínn, í mannsmynd.⁵⁷

⁵⁷ Ég þakka ritsjórum og ritrýnendum *Milli mála* góðar og gagnlegar athugasemdir.

UTDRÁTTUR

Um bókmenntaleg ævintýri í Frakklandi á 17. öld: „Hamingjueyjan“ og „Blái fuglinn“ eftir Madame d’Aulnoy

Ævintýraritun setti svip sinn á samkvæmis- og bókmenntalíf í Frakklandi undir lok 17. aldar og í upphafi þeirrar 18. Þarna voru á ferð svokölluð „bókmenntaleg ævintýri“ og var barónessan Madame d’Aulnoy, sem birti verk sín undir nafninu Madame D**, einna afkastamest á því sviði. Hún sendi frá sér fjögur bindi af *Ævintýrum* (*Les Contes des Fées*) árið 1697 og fylgdi þeim eftir með fjórum til viðbótar næsta ár. Mörg bókmenntaleg ævintýri frá þessum tíma eru enn þekkt, ekki síst hinar víðfrægu *Sögur gæsamömmu* (*Contes de ma mère l’Oye, ou histoires du temps passé*) eftir Charles Perrault. Ævintýrin voru einkum ætluð til skemmtunar og dægradvalar en þau eru ekki síður áhugaverður samtímaspegill á tímum þegar konur og kvenrithöfundar eru að ryðja sér til rúms í frönsku menningar- og bókmenntalífi og ástin er eitt helsta umfjöllunarefnni skáldsögunnar en sjaldan grundvöllur hjónabanda. Ævintýri Madame d’Aulnoy eru gjarnan löng og flókin og bera merki mikillar hugmyndaauðgi þessa höfundar sem mótaði verk sín í frjóu umhverfi samfélags- og menningarumræðu. Hér verður fjallað um tvö þeirra, „Hamingjueyjuna“ („L’Île de la Félicité“) sem er frá árinu 1690, og „Bláa fuglinn. Ævintýri“ („L’Oiseau Bleu. Conte“) sem kom út í 1. bindi *Ævintýra* sjö árum síðar, og rýnt í breytingar sem sjá má í ævintýraritun höfundarins á fyrstu árum þessarar nýju bókmenntagreinar í Frakklandi.

Lykilorð: ævintýri, Madame d’Aulnoy, contes de fées, „L’Île de la Félicité“, „L’Oiseau Bleu“

ABSTRACT

Literary fairy tales in 17th century France: Madame d'Aulnoy's "L'Île de la Félicité" and "L'Oiseau Bleu"

Fairy tales, contes de fées, became fashionable in France in the late 17th century and this new genre put its mark on literary salons and literature. Madame d'Aulnoy, under the pseudonym Madame D**, was one of the most productive authors in this field. She published four volumes of *Fairy Tales* (*Les Contes des Fées*) in 1697 and four others the following year (*Contes nouveaux ou Les Fées à la mode*). Many literary fairy tales from this period are still well known, not least the tales of Charles Perrault, author of the famous *Mother Goose Tales*. Although the fairy tales were mainly meant for amusement and distraction, they nevertheless provide an interesting insight into this period when women and women writers emerge on the French cultural and literary scene and love is one of the main topics of the novels, but rarely the foundation of marriage. The tales of Madame d'Aulnoy are usually long and complicated and reflect the vivid imagination of their author, their social context and cultural discourse. This paper will discuss two of her tales, "The Isle of Felicity" ("L'Île de la Félicité") from 1690, and "Blue Bird" ("L'Oiseau Bleu") published in the first volume of her *Fairy Tales*, mainly in regard to changes that can be observed in the fairy tale writing of Madame d'Aulnoy in these first years of this new literary genre in France.

Keywords: fairy tale, Madame d'Aulnoy, contes de fées, "L'Île de la Félicité", "L'Oiseau Bleu"

HEIMILDIR

- Adams, D. J. „The ‘Contes de fées’ and Madame d’Aulnoy: Reputation and Re-evaluation.“ *Bulletin of the John Rylands Library* 76/3 (1994): 5–22.
- d’Aulnoy, Madame (de). *Contes des Fées*, ritstýrt af Nadine Jasmin. París: Champion (Champion Classiques: Littératures), 2008.
- d’Aulnoy, Madame (de). *Contes nouveaux ou les Fées à la mode*, ritstýrt af Nadine Jasmin. París: Champion (Champion Classiques: Littératures), 2008.
- Ásdís R. Magnúsdóttir. „Franska smásagan á fyrri oldum. Forverar, nýnæmi, ánægja og undur.“ Í *Fríða og Dýrið. Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, ritstýrt af Kristínu Guðrúnú Jónsdóttur (2021), 9–51. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Stofnun Vigdísar Finnabogadóttur.
- . „Skrímslið og kakóbollinn. *Fríða og Dýrið* og önnur ævintýri kvenna í frönskum bókmenntum fyrri alda.“ *Tímarit Máls og menningar* 3 (2018): 18–32.
- Ballestra-Puech, Sylvie. „Du fil des Parques au fils des fées : la fabrique du conte dans « Serpentin vert » de Madame d’Aulnoy.“ *Étude de lettres* 3–4 (2011): 221–242.
- Barchilon, Jacques. „Adaptation of Folktales and Motifs in Madame d’Aulnoy’s Contes: A Brief Survey of Influence and Diffusion.“ *Marvels & Tales: Journal of Fairy Tale Studies* 23/2 (2009): 353–364.
- . „Introduction.“ Í Madame d’Aulnoy. *Contes I*, ritstýrt af Philippe Hourcade, v–xxv. París: Société des Textes Français Modernes, 1997.
- . *Le Conte merveilleux français de 1690 à 1790. Cent ans de Féerie et de poésie ignorées de l’histoire littéraire*. París: Champion, 1975.
- Beasley, Faith E. „Changing the Conversation: Re-positioning the French Seventeenth-Century Salon.“ *L’Esprit créateur* 60/1 (2020): 34–46.
- Bloch, Jeanne. „Le héros animal dans les contes de fées de Mme d’Aulnoy. Le prince Marcassin, Serpentin Vert, La Chatte blanche, La Biche au bois.“ *Dix-huitième siècle* 42 (2010): 119–138.
- Butel, Paul. *L’opium, histoire d’une fascination*. París: Perrin, 1995.
- Damay-Vissuzaine, Valentine. „Division de l’espace et ouverture du corps : « Gracieuse et Percinet », « L’Oiseau bleu » (Madame d’Aulnoy) et « Plus Belle que Fée (Mademoiselle de La Force), entre texte et image.“ *Féeries. Études sur le conte merveilleux, XVII^e–XIX^e siècle* 11(2014): 147–169.
- Defrance, Anne. „Aux sources de la littérature de jeunesse: les princes et princesses des contes merveilleux classiques.“ *Érès* 82 (2010): 25–34.
- . „La politique du conte aux XVII^e og XVIII^e siècles. Pour une lecture oblique.“ *Féeries. Études sur le conte merveilleux, XVIIe-XIXe siècle* 3 (2006): 13–41.
- . *Les contes de fées et les nouvelles de Mme d’Aulnoy (1690–1698): l’imaginaire féminin à rebours de la tradition*. Genf: Droz, 1998.
- DeJean, Joan. „Après la guerre civile : la précieuse.“ Í *Femmes et littérature. Une histoire culturelle*, I, ritstýrt af Martin Reid. París: Gallimard (Folio Essais), 2020.

- Delarue, Paul og Marie-Louise Ténèze. *Le conte populaire français. Catalogue raisonné des versions de France et des pays de langue française d'outre-mer*. París: Maisonneuve et Larose, 1997.
- Duggan, Anne. *Salonnieres, Furies, and Fairies: The Politics of Gender and Cultural Change in Absolutist France*. Neward, DE: University of Delaware Press, 2005.
- Enchanted Eloquence: Fairy Tales by Seventeenth-Century French Woman Writers*, ritstýrt og þýtt af Lewis C. Seifert og Domna C. Stanton. Toronto: Centre for Reformation and Renaissance Studies, 2010.
- Flahault, François. *La pensée des contes*. París: Anthropos, 2001.
- Frida og Dýrið. Franskari súgur og ævintýri fyrri alda. Ásdís Rósa Magnúsdóttir þýddi. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnabogadóttur og Háskólaútgáfan, 2021.
- Fumaroli, Marc. „Les Fées de Charles Perrault ou De la littérature“, *Le Statut de la littérature. Mélanges offerts à Paul Bénichou*, ritstýrt af Marc Fumaroli, 153–186. Genf: Droz, 1982.
- Gheeraert, Tony. „Introduction. La grand-mère et l'académicien.“ Í Charles Perrault. *Contes*, ritstýrt af Tony Gheeraert, 9–86. París: Honoré Champion (Champion Classiques: Littératures), 2012.
- Godenne, René. *Histoire de la nouvelle française aux XVII^e et XVIII^e siècles*. Genf: Droz, 1970.
- Goldsmith, Elizabeth C., „Galant culture.“ Í *The Cambridge Companion to French Literature*, ritstýrt af John D. Lyons, 85–101. Cambridge: Cambridge University Press, 2016.
- Jasmin, Nadine. „Naissance du conte féminin : Madame d'Aulnoy.“ Í Madame d'Aulnoy. *Contes des Fées*, ritstýrt af Nadine Jasmin, 9–81. París: Champion, 2008.
- . *Naissance du conte féminin. Mots et merveilles : Les Contes de fées de Madame d'Aulnoy (1690–1698)*. París: Champion (Lumière classique), 2002.
- Mainil, Jean. *Madame d'Aulnoy et le rire des fées. Essai sur la subversion féerique et le merveilleux comique sous l'Ancien Régime*. París: Kimé, 2001.
- Molière. *Le tartuffe. Dom Juan. Le misanthrope*, ritstýrt af Georges Couton. París: Gallimard, 1971.
- Mounier, Pascale. „La circulation générique d'une histoire : *L'Oiseau Bleu* entre conte, lai et nouvelle.“ Í *L'Usage du conte. Contes classiques et réemploi : méthodes d'analyse*, ritstýrt af Patricia Eichel-Lojkine, 125–175. Rennes: Presses Universitaires de Rennes, 2017.
- Pastoureau, Michel. *Bleu. Histoire d'une couleur*. París: Seuil, 2000.
- Perrault, Charles. *Contes*, ritstýrt af Tony Gheeraert. París: Honoré Champion (Champion Classiques: Littératures), 2012.
- Reddan, Bronwyn. *Love, Power and Gender in Seventeenth-Century French Fairy Tales*. Lincoln: University of Nebraska Press, 2020.
- Robert, Raymonde. *Le conte de fées littéraire en France, de la fin du XVII^e à la fin du XVIII^e siècle*, Supplément bibliographique 1980–2000 établi par Nadine Jasmin avec la collaboration de Claire Debru. París: Honoré Champion (Lumière classique), 2002.

- Rooth, Anna Birgitta. *Oskubuska í austri og vestri*. Reykjavík: Iðunn, 1982.
- Seifert, Lewis C. *Fairy Tales, Sexuality, and Gender in France. 1690–1715. Nostalgic Utopias*. Cambridge: Cambridge University Press, 1996.
- . „On Fairy Tales, Subversion, and Ambiguity: Feminist Approaches to Seventeenth-Century *Contes de fées*.“ *Marvels & Tales* 14/1(Fairy Tale Liberation – Thirty Years Later) (2000): 80–98.
- Speyer, Miriam. „La poule de Sylvie et le pigeon de Sapho: le bestiaire galant des recueils collectifs de la seconde moitié du XVII^e siècle.“ *Papers on French Seventeenth Century Literature* XLVI/90 (2019): 37–52.
- Stedman, Allison. „D’Aulnoy’s „Histoire d’Hypolite, comte de Duglas“ (1690): A Fairy-Tale Manifesto.“ *Marvels & Tales* 19/1 (Reframing the Early French Fairy Tale) (2005): 32–53.
- Uther, Hans-Jörg. „Classifying tales: Remarks to Indexes and Systems of Ordering.“ *Narodna umjetnost: Croatian Journal of Ethnology and Folklore Research* 46/1(2009): 15–32.
- Warner, Marina. *From the Beast to the Blonde. On Fairy Tales and their Tellers*. New York: Vintage, 1995.
- Zipes, Jack. *Beauties, Beasts and Enchantment. Classic French Fairy Tales*. New York: New American Library, 1989.

Pýðingar

Ibn Miskawayh og frásögn hans af innreið víkinga í Kákasusfjöllum árið 943

Verk arabískra og persneskra sagnaritara og landfræðinga á miðöldum hafa að geyma margvíslegar heimildir um ferðir víkinga í Suður- og Austur-Evrópu. Sum þeirra voru rituð í Al-Andalus, veldi múslima á Spáni og í Portúgal, og greina frá herferðum þeirra víða á Íberíuskaga. Þar stendur upp úr frásögn af áras þeirra árið 844 á Sevilla, sem var eitt höfuðvígi múslima á Spáni. Víkingar, sem múslimarnir þar nefndu *majus*¹, sigldu þá upp Guadalquivir og komu sér fyrir á eyju (Isla Menor) í grennd við borgina. Þaðan héldu þeir í sínar hefðbundnu ránsferðir og tóku Sevilla allt að því í gíslingu í heila viku. Þegar múslimar höfðu náð vopnum sínum og aukið herlið sitt tókst þeim að brjóta innrás víkinganna á bak aftur og reka þá aftur niður ána út á Miðjarðarhafið. Abd ar-Rahman II, sem þá var emír² yfir Al-Andalus, styrkti til muna varnir gegn slíkum árásum upp úr því.

Flest verkanna vitna þó um ferðir víkinga austur á bóginn, til Konstantínópel og enn austar, til Kaspíahafs og Kákasusfjalla. Elsta arabískra heimildin sem hefur varðveist um slíka ferð er frá miðri níundu öld og lýsir fór þeirra alla leið til Bagdad. Þangað komu þeir eftir að hafa siglt yfir Kaspíahaf frá Volguósum til Djurdjan á suð-austurströnd Kaspíahafs og þaðan héldu þeir áfram með vörur sínar á úlfaldabaki til höfuðborgar veldis múslima, kalífatsins.³

1 Arabar notuðu orðið *Majus* upphaflega um þá sem voru zarapústratrúar en merking orðins breyttist í tímans rás og var notað almennt yfir heiðingja, þá sem ekki voru múslimar, gyðingar eða kristnir.

2 Emír á arabísku má yfirleitt leggja að jöfnu við prins.

3 Ibn Khurradadhbih, *Kitab al-masalik wa 'l-mamalik*, 154–55.

Arabískir og persneskir rithöfundar í Mið-Austurlöndum notuðu yfirleitt heitið Rús (arab. al-Rus) yfir norræna menn í austri. Þegar leið á tíundi öld fjölgæði mjög þeim verkum þar sem þeirra er getið og gefa þau okkur nokkuð heildstæða mynd af ferðum þeirra og þeim pólitíkska og menningarlega heimi sem þeir hrærðust í allt fram á elleftu öld. Hinn mikilvirkri og áhrifamikli fræðimaður Al-Mas'udi segir frá víkingum á fjölmörgum stöðum á Kákasussvæðinu og við Kaspíahaf. Þannig greinir hann frá því að Rús hafi siglt um Azovshaf og Kaspíahaf og jafnvel að einn hópur þeirra hafi haft aðsetur í borginni Itil, sem um miðja tíundi öld var höfuðból Khazara.⁴ Khazarar þessir voru af túrkískum meiði og höfðu stýrt miklu veldi norður af Kákasus allt frá fyrri hluta sjöundu aldar.

Ein síðasta samtímaheimildin sem til er um víkinga, eða Rús, á þessum slóðum er *Saga Shirvan og Darband*, sem er samantekt um helstu atburði samnefndra héraða á tíundi og elleftu öld. Shirvanhérað er nú í austurhluta Azerbajjan og Darband er borg aðeins norðar við Kaspíahafið í lýðveldinu Dagestan sem nú tilheyrir Rússlandi. Þessi heimild getur þess að Rús hafi ítrekað komið hér-aðshöfðingjum til aðstoðar í hernaði.⁵

Frágust arabískra heimilda um víkinga í austurvegi er þó án vafa frásögn Ibn Fadlan af Rús sem hann hitti á bökkum Volgu í sendiför sinni til konungs hinna svokölluðu Volgu-Búlgara.⁶

1. Miskawayh og *Tajarib al-Umam*

Kaflinn sem hér birtist fjallar um herferð víkinga til borgarinnar Barda í Kákasusfjöllum, þar sem nú er Azerbajjan. Höfundurinn, Ahmad ibn Muhammad ibn Ya'qub ibn Miskawayh, fæddist um 940 í Rayy í Persíu, rétt hjá þar sem nú er borgin Teheran. Hann gegndi stöðu ritara og yfirmanns bókasafns í Bagdad, sem þá var undir stjórn svokallaðra Búyida. Þeir höfðu náð völdum af hinu mikla ættarveldi Abbasída, sem höfðu ráðið ríkjum í kalífatinu frá

⁴ Al-Mas'udi, *Muruj al-dhabab*, ritstjóri Abd Al-Amir 'Ali Muhamma, I. bindi (Beirút, 1991), 190.

⁵ *History of Shirvan and Darband*, V. Minorsky ritstýrði og þýddi. (Cambridge: Cambridge University Press, 1958), 45.

⁶ Sjá Þórir Jónsson Hraundal, „Með Víkingum við Volgubakka: ferðabók Ibn Fadlan“, 151–155.

750. Eins og margir af samtímanum sínum skrifaði Miskawayh um mörg ólík efni en mest þó um heimspeki og sögu. Hann var vel tengdur inn í hirð Búyida og það veitti honum góðan aðgang að helstu áhrifamönnum ríkisins og upplýsingum um gang mála á sviði stjórnmála og hernaðar bæði innan veldis múslima og utan þess.⁷

Verk Miskawayh, *Tajarib al-umam wa Ta‘aqib al-himam* (ísl. Örlög þjóðanna og árangur erfiðis), er óvenjulegt meðal arabískra samtímaheimilda en það líkist meir annálaskrifum sem tilkuðust í Evrópu um svipað leyti. Ólíkt hinum áhrifamikla fyrirrennara sínum Tabari, sem lagði megináherslu á að safna saman gögnum og leggja þau fram í heild sinni í réttri röð, þá skrifar Miskawayh á mun líflegri og dýnamískari hátt. Hann lítur á söguna og sagnaritun sem hugmyndafræði þar sem fyrirætlanir mannsins kristallast og þangað sem hinn vitri maður getur sótt dýrmæta þekkingu.

Miskawayh er einnig óvenju veraldlegur í skrifum sínum: Hann gerir afar lítið úr þjóðsagnakenndu efni eða kraftaverkum, ræðir í engu sköpunarsöguna eða spámenn bibliunnar og lítur sömuleiðis framhjá rabbínískum bókmennum gyðinga en þessi viðfangsefni má finna í meiri eða minna mæli hjá samtímahöfundum. Í umfjöllun sinni um Múhameð spámann lætur hann duga nokkrar málsgreinar sem aðallega tengjast sögu Persíu en þá sögu rekur hann nokkuð ítarlega. Skyrist það að einhverju leyti af því að Búyidar voru af persneskum uppruna og það þjónaði hagsmunum þeirra að hafa mikilvægi og framlag forfeðra sinna í hávegum. Á þessum tíma, þ.e. á síðari hluta tíundu aldar, hafði baráttu persneskra múslima gegn Aröbum eflst til muna og persneskar bókmennir tóku að setja mark sitt á menningarheim Mið-Austurlanda. Miskawayh lauk verki sínu líklega um 979 en lést í hárri eðli árið 1030.

2. Barda

Þó svo að borgin Barda láti nú lítið yfir sér gegndi þar öðru málum á miðri tíundu öld. Á þeim tíma var borgin einn helsti versl-

⁷ C. Edmund Bosworth, „MESKAWAYH, ABU ‘ALI AÐMAD“, *Encyclopaedia Iranica* <http://www.iranicaonline.org/articles/meskavayh-abu-alii-ahmad> (sótt 17.11. 2021).

unarstaður Kákasushéraðs. Þar bjó fólk af ólíkum uppruna sem aðhylltist ólík trúarbrögð og þangað komu kaupmenn víðvegar að, frá löndum múslima sem og austrómverska heimsveldinu. Þarna stunduðu menn ræktun ávaxta, grænmetis og kryddjurta en eitt af því sem hefur mögulega dregið víkinga þangað fremur en annað var silki. Landfræðingurinn Ibn Hawqal ritaði um 970:

Barda er fjölmenn og blómleg borg, þar eru ræktarlönd og margir ávextir. Fyrir utan Rayy og Isfahan [borgir í Íran] ... finnast ekki stærri, fegurri eða indælli borgir en Barda. ... [Par nærrí] er Andarab, með fjölmörgum jurtagörðum og blómagörðum. Ávextir þeirra eru framúrskarandi, heslihnetutrén betri en þau sem vaxa í Samarkand og kastaníuhneturnar betri en þær sem vaxa í Sýrlandi. Fíkjurnar í Barda eru þær bestu sem fyrirfinnast. Þar vaxa einnig mórbærjatré og silki er sent þaðan til Khuzistan og Írak.⁸

Barda hafði augljóslega mikið aðdráttarafl á þessum tíma en það má líka skoða innreið víkinga í borgina árið 943 í víðara samhengi. Allt frá öndverðri tíundu öld höfðu þeir stundað verslun og viðskipti – og ránsferðir – á svæðum sem náðu frá suðvesturströnd Kaspíahafs austur til Kákasusfjalla og allt norður til Búlgar, þar sem áin Kama rennur í Volgu. Margar þjóðir á þessum slóðum snerust til íslamstrúar á tíundu öld og aukinn samgangur við veldi múslima hafði aukið velsæld þeirra til muna, eitthvað sem líklegt var að víkingar tækju eftir.

Það var svo árið 943 sem þeir lögðu til atlögu og sigldu upp eftir ánni Kur sem streymir út í Kaspíahaf. Um það bil tíu kílómetrum frá Barda eru ármót, þar sem Terter-áin sameinast Kur. Að sögn Miskawayh lögðu Rús skipi sínu við árbakka, mögulega við þau ármót, en hugsanlega hafa þeir siglt lengra upp Terter til að komast nær Barda, á stað sem á þeim tíma nefndist Mubaraki. Þar sigruðu þeir varnarher sem Marzuban bin Muhammad stýrði og náðu Barda á sitt vald. Samkvæmt Miskawayh leyfðu þeir íbúunum að halda trú sinni svo lengi sem þeir viðurkenndu vald víkinganna. Einhverjir létu óánægju sína í ljós, hreyttu í þá ókvæðisorðum og

⁸ Ibn Hawqal, *Kitab surat al-ard*, Bibliotheca Geographorum Arabicorum II, ritstjóri J. H. Kramers (Leiden: Brill, 1967), 333.

köstuðu í þá steinum. Íbúunum var þá skipað að hverfa á brott en þegar því var ekki hlýtt tóku Rús til við að lífláta fólk eða taka það í gíslingu svo það mætti fríkaupa sig gegn lausnargjaldi, svipað og tilkomaðist víða annars staðar þar sem víkingar gerðu strandhögg. Í Barda dvöldu víkingar um nokkurt skeið, líklega marga mánuði, en biðu fremur snautlegan ósigur eftir að hafa fengið magakveisu sem lagðist á lið þeirra eftir að hafa borðað ónýta ávexti. Múslimarnir sættu lagi og hófu að fella þá og er frásögn Miskawayh af þeim síðasta sem féll dramatísk: Hann hafði forðað sér undan árásarmönnunum upp í tré en í stað þess að láta þá ná sér veitti hann sjálfum sér bana-höggið.

Ekki er að fullu ljóst hvað vakti fyrir víkingum þegar þeir réðust inn í Barda. Hugsanlega voru þeir að leita að samastað til lengri tíma, eða mögulega var þetta eitt strandhöggið enn sem einfaldlega dróst á langinn vegna þess að móttstaðan var meiri en þeir höfðu gert ráð fyrir. Hvernig sem það kann að hafa verið er ljóst af arabískum heimildum að víkingar voru vel kunnugir staðháttum eftir að hafa dvalist og ferðast um áratuga skeið á þessu slóðum. Frásögn Ahmad ibn Muhammad ibn Ya'qub ibn Miskawayh er í öllu falli dýrmætt innlegg í sögu víkinga í austurvegi.

Umsátur víkinga í Barda árið 943

Lýsing á skaðanum sem Rús og afkvæmi þeirra ollu

Þeir eru mikil þjóð, stórvaxnir og afburða hugrakkir. Þeir þekkja ekki ósigur og enginn þeirra gefst upp fyrr en hann hefur drepið, eða er drepinn. Hver þeirra ber, ásamt vopnum sínum, tól handverksmannsins; exi, sög, hamar og þvíumlíkt. Þeir berjast með spjótum og skjöldum, eru gyrtir sverðum og hengja á sig lensu og eitthvað sem líkist stórum rýtingi. Þeir berjast fótgangandi, sérstaklega þessir innrásarmenn. Þannig sigldu þeir yfir hafið sem liggur að landi þeirra og upp fljót eitt mikið sem nefnist Kúr og á upptök sín í fjalllendinu í Azerbaijan og Armeníu og rennur þaðan til sjávar. Þetta er áin nærrí Barda, sem líkja má við Tígris. Þegar þeir stigu á land hittu þeir fyrir liðsforingjann Marzuban, sem var ríkisstjóri Barda og hafði yfir að ráða þrjú hundruð Dailamítum og svipuðum fjölda Su'luka og Kúrda. Hann hvatti einnig almúgann til að grípa til vopna og um fimm þúsund sjálfsboðaliðar gengu til liðs við hann, ólmir í að verjast innrásarliðinu. Þeir mátu stöðuna hins vegar ekki rétt þar sem þeir þekktu ekki styrk Rús; höfðu búist við að þeir yrðu svipaðir viðureignar og Grikkir eða Armenar. Þegar þeir mættust í bardaga leið ekki klukkustund áður en Rús höfðu gert hatramma árás og brotið her Barda-manna á bak aftur. Sjálfsboðaliðarnir og hermennirnir lögðu á flóttu en Dailamítarnir, sem reyndu að halda uppi vörnum, voru brytjaðir í spað nema þeir sem voru ríðandi. Rús eltu flóttaliðið inn í bæinn og lögðu hann undir sig en þaðan flúði hver einasti sem hafði hest til reiðar, hvort sem það var borgari eða hermaður.

Abu 'l-'Abbas ibn Nudar og nokkrir áreiðanlegir og vel upp-

lýstir menn tjáðu mér að Rús hefðu gert eftirfarandi kunngjört þegar þeir ruddust inn í bæinn: „Það er ekkert ósætti okkar í millum vegna trúar, við viljum einungis taka stjórnina í okkar hendur. Það er skylda okkar að koma vel fram við ykkur og það er skylda ykkar að hlýða okkur.“ Þá var ráðist að þeim úr öllum áttum en Rús-menn gerðu gagnárás og hröktu alla á brott. Þegar móslimarnir réðust að Rús hrópuðu íbúar Barda „Allahu akbar“ (guð er mestur) og köstuðu grjóti í átt að þeim. Rús kröfðust þess að íbúar Barda hefðu sig hæga og blönduðu sér ekki í mál þeirra og soldánsins.¹ Yfirstéttin tók þessu heilræði en almúginn og hinir lægst settu gátu ekki hamið sig og fengu útrás með því að ráðast að Rús. Að nokkrum tíma liðnum lýstu þeir því yfir að íbúar Barda fengju þrjá daga til að hafa sig á brott. Allir sem höfðu einhverja skepnu til reiðar fyrir sig, konur sínar og börn, yfirláguðu bæinn. Þetta var hins vegar aðeins lítill hluti íbúanna. Þegar fjórði dagurinn rann upp var meiri hluti þeirra enn í bænum; Rús lögðu þá til þeirra með sverðum og vógu ótölulegan fjölda fólks. Eftir hroðaverkið settu þeir yfir tíu þúsund karlmenn, drengi og konur í bönd, eiginkonur og dætur. Þeir komu kvenfólk og börnum fyrir í virki einu í bæ sem nefnist Shahristan, þar sem þeir höfðu komið sér upp bækistöðvum. Karlmennina færðu þeir í moskuna á staðnum, settu verði við útganginn og hvöttu þá til að kaupa sér frelsi gegn lausnargjaldi.

Þessari góðu ráðagerð höfnuðu íbúar og voru í kjölfarið myrtir, ásamt því sem eignum þeirra og annarra fjölskyldumeðlima var rænt. Í Barda bjó kristinn kirkjunnar maður, Ibn Sam'un, sem þekktur var fyrir góða dómgreind. Hann fékk hlutverk samningamanns og gerði samkomulag við Rús um að hver maður yrði leystur úr haldi fyrir 20 dirhama.² Hinir vitrari meðal móslimanna samþykktu þetta en aðrir andmæltu á þeim forsendum að Ibn Sam'un ætlaði sér að leggja sama nefskatt á móslima og kristna.³ Ibn Sam'un rifti þá samningunum en Rús slógu aftökum á frest í þeirri von að fá þessa

1 *Soldán* er hér notað sem yfirheiti fyrir stjórn móslima á svæðinu en ekki einhvern ákveðinn soldán.

2 *Dirham* er arabísk silfurmynt, venjulega um 2,7 gr. að þyngd.

3 Arabísk orðið hér er *jizīya*, sem var notað yfir skatt sem aðrir en móslimar greiddu fyrir að fá að halda sínum trúarbrögðum. Mögulega er hér þó verið að vísa í lausnargjaldið sem áður er getið, þar sem hvers konar eingreiðsla gat kallast *jizīya*, og samkvæmt íslömskum lögum voru líf mismunandi trúarhópa metin misháu verði.

smámuni út úr gíslum sínum. Þegar þeir sáu að lausnargjaldið skilaði sér ekki gripu þeir til vopna og drápu alla, utan nokkurra sem tókst að flýja út um vatnsrennu sem lá inn í moskuna og svo þeirra sem áttu sjóði til að kaupa sig frjálsa. Einstaka múslimi samdi við einn af Rús-mönnunum um lausnargjald og fór með honum heim og sýndi honum eigur sínar. Ef í ljós kom að þær voru meiri en lausnargjaldið sem samið hafði verið um leyfði Rúsmaðurinn honum ekki að halda þeim, jafnvel þótt þær væru mörgum sinnum verðmætari en umsamin upphæð og þrýsti á þar til hann hafði náð öllu af múslimanum. Einungis þegar innrásarmaðurinn var sannfærður um að ekkert væri eftir, hvorki gull né silfur, rúmbúnaður eða fót, sleppti hann gísl sínum, og lét honum í té leirplötu með stimpli á, sem átti að tryggja honum öryggi. Á þennan hátt komust Rús yfir gríðarmiklar eignir. Þá héldu þeir eftir konum og ungum drengjum, sem þeir hnepptu í hald og svöluðu losta sínum á.

Þegar ljóst varð hvers lags hörmungar voru að eiga sér stað, og þegar múslimar víða um lönd heyrðu af þeim, var hvatt til liðsöfnunar og haldið í herleiðangur. Marzuban b. Muhammad safnaði liði sínu og brýndi aðra til þátttöku. Sjálfboðaliðar streymdu alls staðar að en þótt hann hefði yfir þrjátíu þúsund manna liði að ráða tókst honum ekki að veikja lið Rús. Hann gerði atlögu að þeim kvölds og morgna en þurfti jafnan frá að hverfa. Þannig hélt bardaginn áfram í margu daga og ávallt biðu múslimarnir lægri hlut.

Þegar múslimunum og Marzuban varð ljóst að þeir réðu ekki við Rús hugðu þeir á nýtt herbragð. Svo vel vildi til að þegar Rús réðust inn í Barda átu þeir mikið af alls kyns ávöxtum sem þar vaxa. Margir víkinganna veiktust af því að borða þá þar sem þeirra heimasklöðir eru kaldar; þar vaxa engin tré og þeir fáu ávextir sem þeir kynnast eru fluttir inn frá fjarlægum löndum. Þegar menn í þeirra liði tóku að týna tölunni lagði Marzuban á ráðin um að sitja fyrir þeim að næturlagi. Her hans myndi gera skyndíarás og þegar Rús svöruðu fyrir sig ættu þeir að flýja til að kveikja í þeim von um að þeir gætu sigrað lið múslimanna. Því næst, þegar Rús væru komnar í framhjá þeim stað þar sem setið var fyrir þeim, myndu Marzuban og menn hans snúa við og gera áras og gefa umsáturnsmönnum merki með herópi sem þeir sammæltust um. Þegar Rús væru þann-

ig króaðir inni á milli tveggja hersveita myndu múslimarnir ná þeim á sitt vald.

Morguninn eftir að þetta var ákveðið héldu Marzuban og hans lið til bardaga og Rús komu til móts við þá. Leiðtogi þeirra kom ríðandi á asna og liðsmenn hans fylgdu á eftir og tóku sér stöðu. Og þá upphófst atburðarásin. Marzuban og múslimarnir flýðu með Rús á hælum sér allt að umsátursstaðnum – en múslimarnir héldu áfram að koma sér undan.

Marzuban sagði síðar frá því að þegar hann sá liðsmenn sína missa kjarkinn og að allar hans einlægu fortölur hefðu verið til einskis vegna óttans sem Rús höfðu vakið í brjósti þeirra hafi hann áttað sig á því að ef þessu héldi fram myndu Rús ganga fram á umsátursmennina þegar þeir sneru til baka og gjörsigra þá. „Pá,“ sagði hann, „sneri ég sjálfur við ásamt aðstoðarmönnum mínum og bróður, ákveðinn í að deyja sem píslarvottur.“ Aðrir liðsmenn hans skömmuðust sín þá og sneru líka við, réðust að Rús og ráku upp heróp að umsátursmönnunum sem streymdu að og börðust hetju-lega, drápu sjö hundruð þeirra og þar á meðal leiðtogann. Restin hörfðaði aftur í virki í bæ einum þar sem þeir höfðu komið sér fyrir en þangað höfðu þeir flutt nokkuð af vistum og þar héldu þeir föngum sínum og herfangi.

Á meðan Marzuban sat fyrir þeim, í þeirri von að þeir myndu með tímanum gefast upp, bárust honum þær fréttir að Abu Abdallah Husayn b. Sa'íd b. Hamdan væri kominn til Azerbaijan⁴ og hefði náð borginni Salmas. Þar hefði hann ásamt mönnum sínum gengið til liðs við sveitir Kúrdans Ja'far b. Shakkuyah sem leiddi her Hadayan-ættbálkanna. Marzuban afréð þá að láta einn liðsfor-ingja sinna berjast við Rús ásamt fimm hundruð Dailamítum, fimmtán hundruð kúrdískum stríðsmönnum á hestum og tvö þús-und sjálfboðaliðum. Sjálfur hélt hann til Auran til fundar við Abu 'Abdallah.

...

Liðsmenn Marzubans sátu áfram um Rús og börðust við þá þar til fór að draga af hinum síðarnefndu. Þegar einhver meðal þeirra féll grófu þeir hann með vopnum sínum, klæðum og gripum og einnig

⁴ Hér er ekki átt við landið Azerbaijan eins og það liggur í dag heldur mun stærra svæði sem nær einnig yfir hluta af Norðvestur-Íran.

kunu hans eða einhverjum kvenmanni úr þeirra röðum eða ambátt ef hún var með honum. Þetta er siður þeirra. Þegar Rús höfðu ekki lengur yfirhöndina tóku múslimarnir að opna grafir þeirra og sóttu úr þeim allmög sverð sem enn í dag eru mjög eftirsótt, enda afar beitt og vönduð.

Mikið mannfall hafði orðið í liði Rús og að næturlagi yfиргáfu þeir virkið þar sem þeir höfðu sett upp búðir og báru á bakinu allt sem þeir gátu af þeim fjársjóði, gimsteinum og dýrum klæðum sem þeir höfðu rænt og brenndu það sem þeir neyddust til að skilja eftir. Þeir drógu á eftir sér það sem þeir gátu af kvenfólki, drengjum og stúlkum og héldu í átt að ánni Kúr þar sem skip þeirra lágu tilbúin með áhöfn og þrjú hundruð Rús-mönnum sem þeir höfðu haldið uppi með hluta af herfangi sínu. Þeir fóru um bord og sigldu í burtu og Guð bjargaði múslimunum frá þeim!

Ég heyrði stórfenglegar sögur af þessum Rús-mönnum frá fólki sem hafði orðið vitni að bardagafærni þeirra og hversu þeir litu niður á sveitir múslimanna sem hugðust berjast gegn þeim. Þekkt saga á svæðinu, sem ég hef heyrt frá mörgum, segir af fimm Rús-mönnum sem voru saman komnir í garði einum í Barda ásamt nokkrum konum sem þeir höfðu tekið til fanga. Einn þeirra, skegglaus ungur maður og ljós yfirlitum, var sonur eins af leiðtogum þeirra. Þegar múslimarnir komust að því hvar þeir voru niður-komnir umkringdu þeir garðinn og stór hópur Dailamíta og annarra sveita fylktu liði til að berjast gegn þeim. Þeir reyndu allt hvað þeir gátu að taka einhvern þeirra til fanga en án árangurs því að enginn þeirra vildi gefast upp og ekki tókst að koma höggi á þá fyrr en þeir höfðu drepið mörgum sinnum fleiri múslima en þeir voru sjálfir. Skegglausi ungi maðurinn var sá eini sem lifði áhlaupið af. Þegar hann gerði sér grein fyrir að hann myndi verða tekinn til fanga klifraði hann upp í tré eitt og margstakk sig með sverði þar til hann fíll dauður niður.

Pórir Jónsson Hraundal þýddi úr arabísku

RÚNAR HELGI VIGNISSON
HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Washington Irving og
„Rip Van Winkle“*

Bandaríski rithöfundurinn Washington Irving (1783–1859) var nefndur í höfuðið á forsetanum George Washington. Irving fæddist í New York-borg og var móðir hans af enskum uppruna en faðirinn skoskum. Hann nam lög en hélt síðan í tveggja ára leiðangur um Evrópu. Þegar heim var komið gaf hann út bókina *History of New York* (1809) þar sem sögumaðurinn Diedrich Knickerbocker segir sögur frá árdögum hollensku nýlendunnar þar í borg. Sögunum var svo vel tekið að nafnið Knickerbocker varð eitt af auðkennum New York-borgar og lifir enn í heiti körfuboltaliðs borgarinnar, New York Knicks.¹

Sagan „Rip Van Winkle“, sem hér fer á eftir, birtist í safninu *The Sketch Book of Geoffrey Crayon, Gent* sem kom út á árið 1819. Hún spratt af lestri Irvings á þýskum bókmenntum og þá ekki síst þjóðsögum. Hann lagði sig eftir þýskri tungu í seinni dvöl sinni á Englandi – fór þangað aftur eftir andlát eiginkonu sinnar – og las þá og reyndi að þýða ævintýrið um Peter Klaus geitahirði.² Peter tekur eftir því að ein af fallegustu geitunum hans hverfur iðulega úr haganum græna og kemur ekki aftur fyrr en að kvöldi. Einn daginn eltir hann geitina og hittir þá hestasvein sem gefur honum merki um að fylgja sér. Hestasveinninn leiðir hann í skúta þar sem tólf gamlar riddrar eru að leik. Hann tekur þátt í leiknum en lognast að lokum út af og er svo kominn í græna hagann á ný þegar hann

1 Ann Charters, *The Story and its Writer, An Introduction to Short Fiction*, 6. útgáfa. (Boston, New York: Bedford/St. Martin's, 2003), 679.

2 Sama heimild, 679.

vaknar. Hann heldur inn í þorpið en þekkir ekki fólkið sem á vegi hans verður og gamlir vinir reynast sumir hverjir hafa safnast til feðranna. Að lokum sér hann unga konu með lítið barn. Þegar hann spryrst fyrir um föður konunnar segir hún að hann hafi horfið fyrir tuttugu árum. Það var þá hann sjálfur.³

Til eru margar slíkar svefnsögur í sagnasjóði heimsins, allt frá Asíu og Suður-Grikklandi til Orkneyja, en sagan af geitahirðinum Klaus er talin hafa orðið kveikjan að sögunni „Rip Van Winkle“ sem Irving ku hafa skrifað á júnínóttu árið 1818.⁴ Fræðimenn eru sammála um að sagan sé í hópi fyrstu vel heppnuðu smásagnanna sem skrifaðar voru vestanhafs og reyndar í heiminum. Staldra má við þá staðreynð að ein af fyrstu bandarísku sögunum sem náðu inn í hefðarveldi bókmennntanna skyldi sækja þetta mikið af efnivið sínum til Evrópu, það mikið að Irving var vændur um ritstuld.⁵ „Rip Van Winkle“ telst til smásagna fremur en þjóðsagna vegna þess m.a. að höfundurinn ljær Rip sértæk mennsk einkenni, ekki síst þau að vera latur til ærlegra verka og skaprauna með því nöldursamri konu sinni. Samanburður á sögunum tveimur sýnir því vel muninn á þjóðsögu og smásögu en sú síðarnefnda var einmitt að fæðast þarna á fyrri hluta 19. aldar og einkennist m.a. af raunsæislegum persónum fremur en goðsagnakenndum.

Sagan ber upprunans mótt en til þess að leyna því lætur Irving sér ekki nægja þann ramma sem felst í hinum skálðaða sögumanni bókartitilsins, Geoffrey Crayon, heldur þykist Crayon hafa fundið söguna „í fórum Diedrichs heitins Knickerbrockers“. Þar að auki færir Irving sögusviðið til Kaatskillfjalla á austurströnd Bandaríkjanna. Aðalatriðið er þó óbreytt – söguhetjan hverfur út í náttúruna og vaknar síðan í breyttum heimi en það minni eða mynstur er algengt bæði í þjóðsögum og smásögum.⁶ Nefna má aðra þekkta smásögu frá þessu tímabili, „Hinn unga herra Brown“

3 „Peter Klaus the Goatherd“, sama heimild, 1545–1547.

4 Philip Young, „Fallen from Time: The Mythic Rip Van Winkle, sótt 7. sept. 2021 af: https://www.jstor.org/stable/4334064?seq=1#metadata_info_tab_contents.

5 Sherlyn Abdoo, „Before Daybreak“: The Unfinished Quest of Washington Irving’s Headless Horseman“ í Anna-Teresa Tymieniecka (ritstj.), The Elemental passion for place in the ontokpasis of life: passions of the soul in the Ontopoiesis of Life, *Analecta Husserliana, The Yearbook of Phenomenological Research*, bindi XLIV (1995), 149.

6 Susan Lohsler, *Reading for Storyness – Preclosure Theory, Empirical Poetics, and Culture in the Short Story* (Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press, 2003), 19.

eftir Nathaniel Hawthorne, þar sem söguhetjan fer inn í skóg og verður ekki söm á eftir.⁷ Í tilfelli Rips skýrist breytingin af iðnbyltingunni og nýfengnu sjálfstæði Bandaríkjanna. Þegar hann sofnar er hann þegn breska konungsins en vaknar í landi sem hefur brotist undan honum. Jafnframt er Rip launuð hjálpsemin – hann hjálpar leiðsögumanni sínum að bera vínkút upp fjallið – með því að fára hann yfir á æviskeið sem gerir honum kleift að losna undan þeim kröfum um vinnusemi sem gerðar voru til hans á yngri árum. Nú getur hann notið þess í skjóli dóttur sinnar að hafa sína hentisemi. Að því leyti hefur hann einnig hlotið visst sjálfstæði þótt slæpingsháttur hans sé enn meira á skjön við tíðarandann en áður.

Bent hefur verið á að Irving nýti sér m.a. norræna goðafræði í fjallakaflanum. Þar tæli Loki hann inn í frjósemisathöfn goðanna. Tilvitnunin í leikrit Cartwrights sem fylgir sumum útgáfum sögunnar, og hér er höfð með, vísar til Óðins. Við keiluspilið í fjallinu verða til þrumur og þar glittir í þrumuguðinn sjálfan, Þór, sem enn blundar í heiti fimmtudags í ensku máli. Þá séu hrafhnarnir sem flögra yfir Rip endurómur af Hugin og Munin, könnunarhröfnum Óðins. Fyrirmyn din að hringleikahúsini sé í rauninni Valhöll og Rip hafi því álpast inn í heiðna helgiathöfn sem hann endurfæðist síðan úr inn í breyttan heim.⁸

Það fer ekki framhjá nútímalesanda að höfundur horfir kynjuðum augum á persónur sínar. Í ytri tíma sögunnar, á seinni hluta 18. aldar, var gert ráð fyrir að eiginmaður tileinkaði sér ráðandi karlmennsku (e. *hegemonic masculinity*) og stýroi sínu búi og sinni konu af festu. Iðnbyltingin gerði aukinheldur þá kröfu að mönnum félli helst aldrei verk úr hendi. Rip rækir aftur á móti ekki skyldur sínar gagnvart fjölskyldu sinni og búi, reglubundin vinna í anda kapítalismans er eitur í hans beinum. Slæpingur hugnast honum best og hann kvartar sáran undan nöldri konu sinnar þegar hún reynir að fá hann til að sinna skyldum sínum eins og tíðarandinn bauð. Í stað þess að líta á hana sem fulltrúa metnaðar og framfara er gert lítið úr henni sem kristallast m.a. í því að henni er ekki gefið

⁷ Sagan heitir „Young Goodman Brown“ á frummálinu en íslensk þýðing greinarhöfundar birtist í *Milli mála* 6. árg. 2014, sjá hér: <https://ojs.hi.is/millimala/article/view/1885/899>.

⁸ Philip Young, „Fallen from Time: The Mythic Rip Van Winkle“. *The Kenyon Review* 22. bindi, nr. 4 (haust, 1960), 547–573, sótt 7. sept. 2021 af: https://www.jstor.org/stable/4334064?seq=1#metadata_info_tab_contents, 561–566.

nafn í sögunni. Hún er gerð að blóraböggli hins nýja þjóðskipulags kapítalismans og þeirra viðmiða sem Benjamin Franklin talaði fyrir. Samúðin er með slæpingjanum Rip sem endar á því að flýja til fjalla, undan konu sinni og þar með samfélagsskyldum sínum. Hann er meira að segja feginn að hún skuli vera látin þegar hann snýr aftur.⁹

Irving gleypti ekki einungis við kynjamynstri síns tíma heldur fékk hann söguþráðinn líka að láni eins og áður sagði. Það var algengt á oldum áður. Irving leit svo á að sagan sjálf – þá á hann væntanlega við atburðarásina – væri einungis rammi til þess að strekkja efnið á. Hann lagði því meira upp úr atríðum á borð við tón, persónusköpun og stíl. Í stað hins andlitslausa sögumanns þjóðsagnanna kemur sögumaður með persónulega rödd og skynjun. Í „Rip Van Winkle“ notar Irving spaugilegan tón til þess að fjalla um þjóðfélagsbreytingu sem varð á ótrúlega skömmum tíma vestanhafs. Hann sagðist einnig kjósa að skrifa stuttar sögur fremur en langar vegna þess að í stuttum ritsmíðum þyrfti hver síða að standa fyrir sínu.¹⁰

Erlendis hafa orðið til margar hliðarafurðir af sögunni, allt frá brú yfir Hudsonfljót til myndasagna, barnabóka, sjónvarpsþátta og tónverka. Leikrit sem Max Frisch byggði á sögunni var þýtt af Jökli Jakobssyni og flutt í Ríkisútvarpinu árið 1963 og endurflutt árið 1992.¹¹ Sagan birtist í íslenskri þýðingu í *Vikunni* árið 1966 en án athugasemdar D.K. aftast.¹² Þýðanda er ekki getið en hann fer ansi frjálslega með textann og leyfir sér mun meiri frávik en tilkast nú á dögum, svo mikil að á köflum liggur við að hann hafi umsamið textann. Þó að þýðingin sem hér birtist sé mun nær frumtextanum hef ég í fáeinum tilvikum leyft mér að taka orð eða orðasamband úr

9 Hanieh Vahabi, „Troubled Masculinity in Washington Irving's "Rip van Winkle and "The Legend of Sleepy Hollow" in the Historical Context of Antebellum America“. Sótt 7. sept. 2021 af: <https://www.diva-portal.org/smash/get/diva2:519041/FULLTEXT01.pdf> og Lydia Maria Child, „Hilda Silfverling. A Fantasy“. *Legacy*, 2. bindi, nr. 2 (haust 1985), 45–53, sótt 7. sept. 2021 af: https://www.jstor.org/stable/25678937?seq=1#metadata_info_tab_contents.

10 Valerie Shaw, *The Short Story – A Critical Introduction* (London og New York: Longman, 1983), 159–163 og Charles E. May, *The Short Story – The Reality of Artifice* (New York: Twayne Publishers, 1995), 6–7.

11 Sjá: <https://timarit.is/files/8975120> og <https://timarit.is/files/17905469>.

12 *Vikan* 42. tbl. (1966). Sótt 10. ágúst 2021 af: <https://timarit.is/page/4453006?iabr=on#page/n11/mode/2up>.

þýðingunni í *Vikunni* til handargagns enda finnst mér ekkert óeðlilegt við það að þýðendur leiti þannig í smiðju forvera sinna þegar sögur eru þýddar aftur, sé þess getið. Sú þýðing sem hér birtist er eigi að síður gjörólík eldri þýðingunni og því eru þær báðar börn síns tíma.

WASHINGTON IRVING

Rip Van Winkle Eftirlátin skrif Diedrichs Knickerbrockers

Óðinn hjálpi mér, guð Saxa,
hvaðan kemur miðvikudagur, það vill segja óðinsdagur,
sannleikann mun ég ævinlega í heiðri halda
þar til ég skrið einn daginn ofan í
graflæsinguna mína
Cartwright

Eftifarandi frásögn fannst í fórum Diedrichs heitins Knickerbrockers, heiðursmanns frá New York, sem var afar áhugasamur um sögu Hollendinga í héraðinu, sem og siði afkomenda fyrstu landnámsmannanna. Eftirgreßlan hans beindist hins vegar síður að bókum en mönnum; því það fyrrnefnda er af hryggilega skornum skammti þegar kemur að eftirlætisviðfangsefnum hans; en aftur á móti reyndust gömlu borgararnir, og þá sér í lagi eiginkonur þeirra, vera hafsjór af þeim þjóðlega fróðleik sem er sannri sagnaritun ómetanlegur. Hvenær sem á vegi hans varð ósvikin, hollensk fjölskylda sem hafði hreiðrað um sig í lágreistum bónabæ, undir viðfeðmum garðahlynii, leit hann á hana sem lítið ritmálshefti, krækt aftur með hespu, og lagðist yfir það af ákafa bókaormsins.

Afrakstur allra þessara rannsókna var saga héraðsins á valdatíma hollensku landstjórnanna, sem hann gaf út nokkrum árum síðar. Skiptar skoðanir hafa verið um bókmenntalegt gildi verksins og satt að segja er það engu skárra en vænta mátti. Helsti kostur þess er hin mikla nákvæmni, sem var að sönnu dregin ofurlítið í efa fyrst eftir að það kom út, en þykir óváfengjanleg í seinni tíð; og nú er því

tjaldað í öllum yfirlitsritum um sagnfræði sem óumdeilanlegrar heimildar.

Gamli maðurinn dó skömmu eftir að verkið kom út; og nú þegar hann hefur safnast til feðranna, getur það vart skaðað minningu hans þótt sagt sé að hann hefði betur varið tíma sínum við þarfari iðju. Hann var hins vegar alltaf við sama heygarðshornið; og þó að hann hefði öðru hverju þyrlað dálitlu ryki í augu nágranna sinna, og skapraunað sumum vina sinna, sem hann bar virðingu fyrir og var hlýtt til, er afglapa hans og gönuhlaupa „frekar minnst með eftirsjá en reiði“ og sá grunur laðist nú að mönnum að hann hafi aldrei ætlað að móðga neinn. En hvernig sem gagnrýnendur kunna að fara með minningu hans hafa margir málsmetandi menn dálæti á honum; einkum vissir kexframleiðendur sem hafa gengið svo langt að stimpla mynd af honum á nýárskökurnar sínar; og hafa með þeim hætti stuðlað að ódauðleika hans sem jafngildir því eða svo gott sem að vera þrykkur á Waterloo-medalíu ellegar mynt Önnu drottningar.}

Hver sá sem hefur ferðast upp með Hudsonánni hlýtur að muna eftir Kaatskillfjöllum. Þau eru afskorin grein af hinni miklu Appalachiafjölskyldu og sjást teygja sig upp í tignarlega hæð vestan megin árinnar og gnæfa yfir landið í kring. Sérhver árstíðaskipti, sérhver veðrabrigði, svo að segja hver dagstund, veldur einhverjum breytingum á hinum yfirnáttúrulega blæ og brag þessara fjalla, og allar góðar eiginkonur nær og fjær líta á þau sem fullkomnar loftvogir. Þegar bjart er í veðri og stillt eru þau sveipuð bláu og purpurarauðu og þrykkja sverar útlínur sínar á heiðan kvöldhimininn; en stundum, þegar hvergi er annars skýhnoðra að sjá, skrýðast tindarnir hetti úr gráu mistri, glóa þar og bлиka eins og mikilfengleg kóróna í síðustu geislum kvöldsólarinnar.

Við rætur þessara töfrafjalla kann ferðalangurinn að hafa komið auga á ljósan reyk liðast upp frá þorpi þar sem glampar á þakskífur inni á milli trjánna, einmitt þar sem blámi upplendisins rennur saman við frísklega grænkuna í landinu nær. Þetta er lítið þorp, mjög gamalt því nokkrir hollenskir landnemar reistu það á árdögum héraðsins, einmitt þegar hin góða stjórn Peters Stuyvesants (mogi hann hvíla í friði!) var nýtekin við, og fáum árum síðar höfðu

fyrstu landnemarnir reist sér þar hús úr smáum, gulum múnsteini frá Hollandi. Þau snoru göflunum fram, voru með rimlagluggum og vindhönum á mæninum.

Í þessu sama þorpi, og í einu af þessum húsum (sem var því miður niðurnítt og veðurbarið, svo ekkert sé undan dregið), bjó fyrir mörgum árum, meðan landið var ennþá undir Stóra-Bretlandi, einfaldur og hjartahlýr náungi, Rip Van Winkle að nafni. Hann var afkomandi Van Winkle-fólksins sem gekk fram af svo mikilli hug-prýði á dögum Peters Stuyvesants, þegar riddarar riðu um héruð, og var með honum í umsátrinu um Fort Christina. Hann erfði hins vegar ekki nema brot af vígahug forfeðra sinna. Ég gat þess að hann hefði verið einfaldur og hjartahlýr maður; það var hann og þar að auki góður granni, sem og hlýðinn og kúgaður eiginmaður. Það sínastnefnda kann að stafa af mildinni sem aflaði honum hvarvetna vinsælda; því þeir sem skassið temur heima fyrir eru manna lík-legastir til þess að vera þræslundaðir og friðsamir úti í bæ. Þeir verða án efa sveigjanlegri og eftirgefanlegri eftir að hafa skírst í hinum heita ofni andstreymisins heima fyrir; og skammaræða eigin-konu í einrúmi tekur öllum heimsins stólræðum fram þegar kemur að því að innprenta dyggðir á borð við þolinmæði og langlundar-geð. Pilsvarg má því í vissum skilningi telja þolanlega blessun; og ef sú var raunin þá hafði Rip Van Winkle hlotið þrefalda blessun.

Hann var sannarlega í hávegum hafður hjá öllum góðu eigin-konunum í þorpinu sem tóku ævinlega málstað hans í heimiliserjum, eins og títt er um elskulegra kynið; og brást aldrei að þær skelltu skuldinni alfarið á frú Van Winkle þegar þær ræddu þessi mál sín á milli að afliðnum degi. Börnin í þorpinu fögnuðu honum líka vel þegar hann birtist. Hann gerði sitt til að þau gætu haft ofan af fyrir sér, bjó til leikföng handa þeim, kenndi þeim að fljúga flug-drekum og spila keiluspil og tók sér tíma til að segja þeim sögur af draugum, nornum og indíánum. Þegar til hans sást hópuðust þau að honum, héngu í jakkalöfum hans, klifruðu upp á bakið á honum og komust upp með að beita hann alls kyns brögðum; og ekki fannst sá hundur í nágrenninu sem gelti á hann.

Sá var ljóður á ráði Rips að hann var allsendis fráhverfur ærlegri vinnu af öllu tagi. Það gat ekki stafað af framtaksleysi eða skorti á þolgæði, því hann átti það til að sitja á blautum steini, með stöng

sem var álíka löng og þung og lensa Tartaramanns, og renna fyrir fisk dagana langa án þess að æmta, jafnvel þótt hann yrði ekki svo mikið sem var. Hann átti það til að þramma um skóga og mýrar tímunum saman með byssu um öxl, upp á hæð og niður í dal, til að skjóta nokkra íkorna eða villidúfur. Hann sagði aldrei nei þegar nággrannar leituðu til hans, sama hversu mikið erfiði verkefnið útheimti, og gekk manna harðast fram við að þreskja maís í góðum hóp, eða hlaða garð; konurnar í þorpinu voru líka vanar að fá hann í snúninga og lítil viðvik sem síður greiðvknir eiginmenn kærðu sig ekki um. Snöggt að segja var Rip tilbúinn að sinna öllum viðvikum nema sínum eigin; en þegar kom að búsonnum og skyldum hans sem fjölskylduföður var hann alveg duglaus.

Hann lýsti því satt að segja yfir að ekki væri til neins að taka til hendinni á bænum; þetta væri mesta óræktarbæli í öllu landinu; þar færí allt úrskeiðis, og mundi fara úrskeiðis, hvernig sem hann legði sig fram. Gardarnir hans voru alltaf að hrynjja; kýrin hans týndist ýmist eða fór í kálið; illgresið óx hraðar á ökrunum hans en annars staðar; það fór alltaf að rigna þegar hann þurfti að sinna útiverkum; og þó að föðurleifð hans hefði rýrnað í hans umsjá, ekru fyrir ekru, uns ekkert var eftir annað en smáskiki með maís og kartöflum, var þetta verst hirta búið í sveitinni.

Börnin hans voru líka tötraleg og óstýrilát, rétt eins og enginn ætti þau. Rip sonur hans, lítill snáði sem var lifandi eftirmynnd hans, virtist ætla að erfa siði föður síns með gömlu fótunum hans. Hann sást vanalega tölta eins og folald á eftir móður sinni, í víðum pokabuxum sem faðir hans hafði lagt af og hann hafði mikið fyrir að halda uppi með annarri hendinni, eins og fín frú heldur uppi síðum pilsfaldi í slæmu veðri.

Þrátt fyrir þetta var Rip Van Winkle einn af þessum glöðu mönnum, þessum fáráðu ljúflingum sem taka lífinu létt, borða fínt brauð eða gróft, allt eftir því hvort kostar minni fyrirhöfn og hugsun, og hefðu heldur dregið fram lífið á hungurlús en að vinna fyrir sér. Ef enginn hefði abbast upp á hann hefði hann blístrað frá sér lífið í fullkominni sátt; en konan hans jós sér stöðugt yfir hann fyrir dáðleysi, fyrirhyggjuleysi og þá ógæfu sem hann kallaði yfir fjölskylduna. Frá morgni til kvölds lét hún dæluna ganga og allt sem hann sagði eða gerði á heimilinu kallaði undantekningarlauast

yfir hann mikinn orðaflaum. Rip svaraði öllum þessum reiðilestrum aðeins á einn hátt og það var komið upp í vana sökum þess hve oft hann beitti því fyrir sig. Hann yppti öxlum, hrísti höfuðið, lyfti augunum til himins, en sagði ekki stakt orð. Þetta framkallaði ævinlega nýja holskeflu frá konunni; svo hann neyddist til að draga sig í hlé og bregða sér út undir húsgaflinn – en það er eini gaflinn sem heita má athvarf kúgaðs eiginmanns.

Sá eini sem var Rip hliðhollur á heimilinu var hundurinn hans, Úlfur, sem var ekki síður kúgaður en eigandinn; því frú Van Winkle leit á þá sem fóstbraður í dáðleysinu og hafði jafnvel illan bifur á Úlfi, eins og það væri honum að kenna að eigandinn villtist svona oft af leið. Rétt er það í öllum atriðum, í anda sem hæfir heiðvirðum hundi, að hann var ekki síður hugrakkur en önnur dýr sem um skógana þeystu; en hvaða hugrekki stenst sífellda og linnulausa ásókn kvenmannstungu? Um leið og Úlfur kom inn í húsið varð hann lúpulegur, skottið fór að lafa niður á gólf eða hringast milli fóta, hann læddist um eins og í dauðs manns gröf, gaut oft augunum á frú Van Winkle sem mátti vart hreyfa sóp eða sleif án þess að hann æddi ýlfrandi fram að dyrum.

Það seig sífellt á ógæfuhliðina fyrir Rip Van Winkle eftir því sem hjúskaparárunum fjölgði; geðvonska rætist ekki af fólk með aldrinum og hvöss tunga er eina beitta áhaldið sem skerpist við notkun. Þegar hann hraktist að heiman hafði hann löngum leitað athvarfs hjá sístarfandi hópi vitringa, heimspekinga og annarra dáðleysingja í þorpinu, sem fundaði á bekk fyrir utan litla krá, auðkennda með rauðleitri andlitsmynd af hans hátign Georg þriðja. Þar sátu þeir makindalega í forsælunni sumardagana langa, ræddu þorpsslúðrið af takmarkaðri innlifun eða sögðu langdregnar sögur af svo sem ekki neinu. En hvaða stjórnmálamaður sem var hefði gefið mikið fyrir að heyra hinar djúpvitru samræður sem stundum tókust með þeim þegar ferðamaður á leið um lét þeim fyrir tilviljun í té gamalt dagblað. Hversu alvarlegir hlustuðu þeir ekki á innihaldið, sem Derrick Van Bummel, skólastjórin, las á sinn dragmælta hátt, vel til hafður maður, lágor vexti, sem lét ekki lengsta orðið í orðabókinni slá sig út af laginu; og hversu viturlega rökræddu þeir ekki opinbera atburði nokkrum mánuðum eftir að þeir urðu.

Skoðunum lagsbræðranna var algjörlega stýrt af Nicholas

Vedder, virðulegasta öldungnum í þorpinu, og eiganda krárið, en í dyragætt hennar sat hann frá morgni til kvölds, hreyfði sig ekki nema til þess að halda sér í skugganum af stóru tré svo að hann þyrfti ekki að vera í sólinni; nágrannarnir gátu því glöggt séð hvað tímanum leið með því að fylgjast með hreyfingum hans, rétt eins og hann væri sólúr. Reyndar heyrðist hann sjaldan tala, heldur tottaði hann pípu án afláts. Hollvinir hans (því allir miklir menn eiga sér hollvini) skildu hann aftur á móti fullkomlega og áttu ekki í neinum vandræðum með að lesa hugsanir hans. Þegar honum fél ekki það sem lesið var eða sagt, sást hann totta pípuna ákaft og senda frá sér reiðilega reykjarstróka ótt og tit; en þegar honum fél það vel í geð dró hann reykinn hægt og rólega að sér og blés honum frá sér í ljósum og friðsældarlegum skýjum; og stundum tók hann pípuna úr munninum, létt ilmandi reykinn hringast um nefið og kinkaði hátíðlega kolli til marks um fullkomna velþóknun.

Meira að segja úr þessu vígi var hinn ólánsami Rip rekinn af sinni skömmóttu eiginkonu. Hún æddi óforvarandis inn á þessa friðsælu samkomu og gerði lítið úr félögunum; var þessi lotningaverði maður, Nicholas Vedder sjálfur, ekki heldur óhultur fyrir hinum orðhvata vargi sem sakaði hann vafningalaust um að ýta undir dáðleysi eiginmanns síns.

Að lokum var veslings Rip farinn að örvaða; og eina leiðin til þess að losna undan puðinu á bænum og látunum í eiginkonunni var að taka sér byssu í hönd og röltu út í skógl. Þar settist hann stundum upp við tré og deildi innihaldi malsins síns með Úlf, fann til með þessum þjáningabróður sínum. „Veslings Úlfur,“ sagði hann, „húsfreyjan þín gerir þetta að hundalífi fyrir þig, en hirtu ekki um það, karlinn minn, meðan ég lifi veistu hvar þú vin átt!“ Úlfur dillaði þá rófunni, horfði íhugull framan í eiganda sinn, og ef hundar geta fundið til samúðar trúi ég að hann hafi endurgoldið tilfinninguna af öllu hjarta.

Á ráfi sínu á fallegum haustdegi hafði Rip óvart klöngrast hátt upp í Kaatskillfjöllin. Hann var við þá eftirlætisiðju sína að skjóta íkorna og skothvellirnir höfðu bergmálað hvað eftir annað um friðsæl viðernin. Preyttur og móður kastaði hann sér síðla dags á grænum hól þöktum fjallagróðri, efst á bjargbrún. Út á milli trjánna sá hann yfir gjörvallt láglendið, skógi vaxið mílum saman.

Í fjarska sá hann tígulega Hudsonána, langt, langt fyrir neðan hann, streyma hljóðláta eftir sínum tignarlega farvegi og leyfa glampa af purpurarauðu skýi eða segli á hægfara skútu að hvíla við spegilslétt brjóstið hér og þar, uns hún hvarf inn á milli blárra hæða.

Hinum megin horfði hann niður í djúpan dal, ósnortinn, afskekktan og úfinn, botninn fullur af klungri úr klettunum sem gnæfðu uppi yfir, og svo náðu geislar kvöldósalarinnar varla niður í hann. Rip lá stundarkorn og hugleiddi þessa sjón; birtu var tekið að bregða; fjöllin voru farin að varpa sínum löngu, bláu skuggum yfir dalina; hann sá að það yrði komið myrkur löngu áður en hann næði til þorpsins og dæsti þungan við tilhugsunina um að mæta ofstopa frú Van Winkle.

Hann var í þann mund að leggja af stað niður þegar hann heyrði einhvern hóá í fjarska: „Rip Van Winkle, Rip Van Winkle!“ Hann skimaði í kringum sig en sá ekkert annað en stakan krumma fljúga yfir. Hann hélt að ímyndunaraflíð hefði hlaupið með sig í gönur og var í þann veginn að leggja af stað aftur þegar hann heyrði sama hrópið óma um stillt kvöldloftið: „Rip Van Winkle! Rip Van Winkle!“ – um leið risu hárin á Úlfí, hann urraði lágt, skreið að hlið eiganda síns og horfði skelfdur ofan í dalinn þrónga. Rip fann nú óljósan beyg setjast að sér; hann horfði kvíðinn í sömu átt og sá undarlega veru í mannsmynd paufast hægt upp klettana, að kikna undan einhverri byrði. Hann var hissa að sjá mannveru á þessum afskekktu og fáförnu slóðum; en þar sem hann gerði ráð fyrir að þetta væri einhver úr grenndinni sem þyrfi á aðstoð að halda flýtti hann sér á móti henni.

Þegar hann kom nær furðaði hann sig enn frekar á sérkennilegu útliti ókunna mannsins. Þetta var stuttur og kubbslegur öldungur, með þykkt og mikið hár og grásprengt skegg. Hann var klæddur að gömlum, hollenskum sið – í klædistreyju sem var reyrð í mittið – og hverjum pokabuxunum utan yfir aðrar, þær ystu vel víðar, skreyttar hnapparöðum niður hliðarnar og fellingu við hnén. Á öxlunum bar hann digran kút, sem virtist fullur af vökva, og gaf Rip bindingu um að koma og hjálpa sér við burðinn. Þótt Rip væri feiminn við þennan nýja kunningja og hefði vara á gagnvart honum, brást hann skjótt við að vanda; þeir léttu til skiptis hvor á öðrum og klöngruðust upp mjóan gilskorninginn þar sem áður virtist hafa

verið straumharður lækur. Á leiðinni upp heyrði Rip langdregnar drunur, eins og þrumur í fjarska, og var engu líkara en þær kæmu úr djúpu gljúfri, eða öllu heldur sprungu, milli hárra kletta sem hrjóstrugur stígurinn lá að. Hann dokaði við sem snöggvast, en þar sem hann gerði ráð fyrir að þetta væri muldur frá skammærri þrumuskúr eins og þeim sem oft verða á fjöllum, hélt hann áfram. Gljúfrið endaði í skúta, sem var eins og lítið hringleikahús, umkringt þverhníptum hömrum, og út yfir brúnir þeirra stungust greinar af trjám sem slúttu yfir, svo sá einungis í skærbláan himininn og björt kvöldskýin með höppum og glöppum. Allan tímann höfðu Rip og förunautur hans paufast áfram án þess að segja orð; því þó að sá fyrnefndi undraðist stórum að menn skyldu bera kút með vökvu upp þetta torkleifa fjall, var eitthvað skrýtið og óskiljanlegt við hið ókunna, sem kveikti óttablandna lotningu og hélt kunnugleikanum í skefjum.

Þegar þeir komu í hringleikahúsið mættu honum nýjar furður. Á sléttum bletti í miðjunni var hópur skringilega útlítandi manna að leika keiluspil. Þeir voru klæddir á hjákátlegan og framandi hátt; sumir voru í nærskornum miðaldatreyjum, aðrir í mittistreyjum, með langa hnífa við belti sér, og flestir voru í afar víðum pokabuxum, svipuðum þeim sem leiðsögumaðurinn var í. Ásjónur þeirra voru líka einkennilegar: einn var með mikið skegg, breiðleitur og með lítil svínsleg augu; annar var ekkert nema nefið og ofan á því var sykurtoppshattur, skreyttur lítilli, rauðri hanastélsfjöldur. Þeir voru allir með skegg, allavega lagað og litt. Einn þeirra virtist vera fyrirliðinn. Það var þrekvaxinn, gamall séntilmáður með veðurbarið andlit; hann var í reimaðri treyju, með breitt belti og sveðju, háan fjaðurhatt, í rauðum sokkum og þykkbotna, rósóttum skóm. Hópurinn minnti Rip á verur í gömlu, flæmsku málverki í stofunni hjá Dominie Van Shaick, prestinum í þorpinu, en það hafði komið frá Hollandi um það leyti sem menn námu land.

Það sem Rip fannst samt sérstaklega skrýtið var að þótt mennirnir væru greinilega að skemmta sér voru þeir grafalvarlegir á svip, yfir þeim hin dularfullsta þögn, og aldrei hafði hann séð jafn sorgmædda menn að leik. Ekkert rauf kyrrðina nema hljóðin í kúlunum sem endurómuðu um fjöllin í hvert skipti sem þeim var rúllað, eins og drynjandi þrumugnýr.

Þegar Rip og förunautur hans nálguðust mennina, gerðu þeir skyndilega hlé á leiknum og störðu einarðlega á hann, rétt eins og þeir væru styttur, og voru svo skrýtnir á svipinn, í senn óheflaðir og fráhrindandi, að hann fékk hland fyrir hjartað og skalf svo að hnén skullu saman. Förunautur hans tæmdi nú úr kútnum í stórar flöskur og gaf honum merki um að færa mönnunum þær. Skelfdur og skjálfandi hlýddi hann þessu; þeir slokuðu í sig drykkinn í grafarþögn, og snoru sér síðan að keilunum aftur.

Smátt og smátt rann beygurinn og lotningin af Rip. Hann gerðist meira að segja svo djarfur, þegar engin augu beindust að honum, að bragða á miðinum, sem honum fannst minna mjög á hollensk góðvín. Hann var auðvitað þyrstur maður og freistaðist fljótt til þess að fá sér annan sopa. Einn sopi leiddi til annars; og hann endurnýjaði kynnin við flöskuna svo oft að skynfærin voru ofurliði borin, augun urðu fljótandi og höfuðið seig smátt og smátt uns hann steinsöfnaði.

Þegar hann vaknaði reyndist hann vera á græna hólnum þar sem hann hafði fyrst séð gamlamanninn í dalnum þróngu. Hann nuddaði augun – upp var runninn bjartur og sólríkur morgunn. Fuglarnir flögruðu syngjandi milli runna og örnið hnitaði hringa uppi yfir, og bauð tærri fjallagolunni birginn. „Varla hef ég sofið hér í alla nótt,“ hugsaði Rip. Hann minntist atburðanna áður en hann sofnadí. Undarlega mannsins með vínkútinn – gljúfursins í fjallinu – skútans í klettunum – raunamæddu mannanna í keiluspilinu – flöskunnar – „Ó! Þessi flaska! Þessi ótætis flaska!“ hugsaði Rip, „hvað get ég nú sagt frú Van Winkle mér til afsökunar?“

Hann svipaðist um eftir byssunni sinni, en í stað hreinu, vel smurðu fuglabyssunnar fann hann gamla tinnubyssu við hliðina á sér, hlaupið þakið ryði, lásinna laflaus og skeftið ormétið. Nú grunnaði hann að alvörugefnu drykkjumennirnir í fjöllunum hefði beitt sig brögðum og rænt byssunni eftir að hafa hellt í hann víni. Úlfur var líka horfinn, en hann kynni að hafa skondrað á eftir íkorna eða skothylki. Rip blístraði á hann og hrópaði nafn hans, en án árangurs; hrópið og blístrið bergmálaði um fjallið, en enginn hundur var sjánlegur.

Hann ákvað að fara aftur þangað sem leikurinn fór fram kvöldið áður og ef hann hitti einhvern úr hópnum ætlaði hann að heimta

hundinn sinn og byssuna. Þegar hann hugðist ganga af stað voru limirnir stirðir og ekki eins hreyfanlegir og þeir áttu að sér að vera. „Þessi fjallafleti eiga ekki við mig,“ hugsaði Rip, „og ef ég verð rúmliggjandi sökum gigtar eftir þennan gleðskap, þá á ég sældarlíf með frú Van Winkle fyrir höndum.“ Með nokkrum erfiðismunum komst hann niður í dalverpið: hann fann gilskorninginn sem hann fór upp með förunaut sínum kvöldið áður; en honum til undrunar freyddi nú fjallalækur niður skorninginn, steyptist af einum steini á annan og fyllti dalverpið af fjörugu hjali. Hann skrönглаðist hið snarasta upp á bakkann og paufaðist þar í gegnum birkipykkní, lárvíðartré og nornahesli og hnaut stundum um eða flæktist í villtum vínviði sem teygði vafninga sína eða klifurþræði frá einu tré til annars og bjó til eins konar net á vegi hans.

Loks kom hann þangað sem gilskorningurinn hafði opnast inn í hringleikahúsið; en hvergi hattaði nú fyrir slíku opi. Klettarnir mynduðu háan og órjúfanlegan vegg sem lækurinn fíll fram af í samfelldri fiðurkenndri froðu og ofan í breiða og djúpa skál, svarta þar eð skógurinn í kring skyggði á hana. Hér varð veslings Rip því að láta staðar numið. Hann kallaði aftur og blístraði á hundinn sinn; eina svarið sem hann fékk var krunk nokkurra meinþægra krumma sem sveimuðu hátt uppi yfir feysknu tré þar sem það slútti yfir sólbjart hengiflug; óhultir þarna uppi virtust þeir horfa niður og hæðast að vandræðum mannsins. Hvað var til ráða? Það var langt liðið á morgun og Rip var glorhungraður enda hafði hann ekki fengið neinn morgunverð. Hann syrgði hundinn sinn og byssuna; hann kveið því að hitta konu sína; en ekki dygði að svelta uppi í fjöllum. Hann hrísti hausinn, axlaði ryðgaða tinnubyssuna og með hjartað fullt af áhyggjum og angist sneri hann heim á leið.

Þegar hann nálgauðist þorpið mætti hann mörgu fólki, en engum sem hann þekkti. Það kom honum svolítið á óvart, því hann hafði talið sig kannast við alla í sveitinni. Fólkið var líka klætt á annan hátt en hann var vanur. Það mændi ekki síður hissa á hann og í hvert skipti strauk það undantekningarlaust hökuna. Þar sem þetta látæði var endurtekið hvað eftir annað gerði Rip þetta ósjálfrátt líka og þá komst hann að því sér til undrunar að hann var með skegg niður á bringu!

Hann var nú kominn að bæjarmörkunum. Hópur ókunnugra barna hljóp á eftir honum, gerði hróp að honum og benti á grátt skeggið. Hundarnir, sem hann kannaðist ekkert við, geltu líka á hann þegar hann fór hjá. Þorpið sjálft var breytt; það var stærra og þar bjuggu nú fleiri. Þarna voru mörg hús sem hann hafði aldrei séð áður og þau sem hann hafði vanið komur sínar í voru horfin. Á dyrunum voru ókunnugleg nöfn – ókunnugleg andlit í gluggunum – allt var ókunnuglegt. Hann fór nú að gruna ýmislegt; hann fór að spryja sig hvort bæði hann og heimurinn umhverfis væru í álögum. Þetta gat ekki verið þorpið sem hann hafði farið frá bara daginn áður. Þarna stóðu Kaatskillfjöllin – þarna rann silfurlit Hudsonáin í fjarska – þarna var sérhver hæð og hóll á nákvæmlega sama stað og áður. Rip vissi ekki hvaðan á hann stóð veðrið. „Þessi flaska í gær,“ hugsaði hann, „hún hefur ruglað mig rækilega í ríminu!“

Hann átti í nokkrum erfiðleikum með að finna leiðina að húsinu sínu, sem hann nálgðist í þögulli og óttablandinni lotningu, bjóst á hverri stundu við að heyra skræka röddina í frú Van Winkle. Húsið reyndist vera í niðurniðslu – þakið hrunið, gluggarnir brotnir og hurðirnar farnar af hjörunum. Hálfsoltinn hundur sem líktist Úlfí var þarna á vappi. Rip kallaði á hann með nafni, en hvutti urraði, sýndi tennurnar, og stakk af. Þetta var heldur óskemmtileg óvirðing. „Meira að segja hundurinn minn er búinn að gleyma mér!“ dæsti veslings Rip.

Hann gekk inn í húsið þar sem frú Van Winkle hafði í sannleika sagt alltaf haft allt í röð og reglu. Það var autt og yfirgefið. Þessi eyðileiki vann bug á ótta hans við konu sína – hann kallaði hátt á hana og börnin – röddin ómaði sem snöggvast um einmanaleg herbergin en svo tók þögnin við á ný.

Hann flýtti sér burt og hraðaði sér á gamla staðinn sinn, þorpskrána, en hún var líka horfin. Stórt óhrjálegt timburhús var komið í staðinn, með stórum gapandi gluggum, sumir brotnir, og gömlum höttum og millipilsum troðið í götin, og yfir dyrnar hafði verið málað: „Sambandshótelið, eigandi Jonathan Doolittle.“ Í stað stóra trésins, sem hafði haldið hlífiskildi yfir þessari yfirlætislausu krá forðum, stóð nú há og ber stöng, með einhverju efst sem líktist rauðri nátthúfu, og frá henni flaksadist fáni þar sem safnað hafði verið saman stjörnum og röndum – allt var þetta undarlegt og ill-

skiljanlegt. Á merkinu kannaðist hann þó við rauðleitt andlit Georgs konungs en undir því hafði hann löngum tottað bípu sína í friði og ró; jafnvel það var gjörbreytt. Í stað rauða frakkans var kominn blár og dumbgulur frakki, í hendinni var sverð í stað veldissprota, höfuðið var prýtt hatti með uppbrettum börðum og undir stóð málad með stórum stöfum: WASHINGTON HERSHÖFÐINGI.

Að vanda var fjöldi fólks við dyrnar, en enginn sem Rip mundi eftir. Fólkid virtist líka öðruvísi í hátt. Parna var ærlegur ys og þys í stað lognmollunnar og syfjulegu friðsældarinnar sem hann var vanur. Án árangurs svipaðist hann um eftir hinum breiðleita Nicholas Vedder, með undirhökuna og löngu, snotru bípuna, þessum vitringi sem sendi frá sér tóbaksský í stað þess að setja á fánýtar ræður; eða Van Bummer, skólastjóranum sem var vanur að lesa upp úr eldgömlu dagblaði. Í stað þeirra var kominn mjósleginn og geðvonskulegur náungi, með vasana fulla af dreifimiðum, og þusaði hann af miklum móð um borgaraleg réttindi – kosningar – þingmenn – frelsi – Bunkerhæð – hetjurnar frá sjötíu og sex – og fleira sem hinn ringlaði Van Winkle skildi hvorki upp né niður í.

Þegar Rip bar að garði með sitt síða, gráa skegg, ryðgaða fuglabyssuna, kauðalega klæddur og með stóð af konum og krökkum á hælunum, varð fljótt uppi fótur og fit meðal stjórnvitringanna á kránni. Þeir hópuðust að honum, skoðuðu hann frá toppi til tár af mikilli forvitni. Ræðumaðurinn kom askvaðandi, dró hann ögn afsíðis og spurði „hvorn hann hefði kosið“. Rip starði á hann án þess að skilja upp né niður. Annar lágvaxinn og framtakssamur maður tók undir handlegginn á honum, tyllti sér á tá og spurði hreint út „hvort hann væri sambandssinni eða lýðræðissinni“. Rip átti jafn erfitt með að skilja þessa spurningu. Þá bar að íbygginn, heldri mann, krýndan glæsilegum hattí með uppbrettum börðum. Hann tók sig hátíðlega, þar sem hann lagði leið sína gegnum þröngina, olnbogaði sig áfram, og tók sér stöðu frammi fyrir Van Winkle, með aðra hönd á mjöðm, hina á staf. Frán augun og hvass hatturinn boruðu sig svo gott sem beint inn í sál hans þegar hann spurði hryssingslega: „Hvað dró hann á kjörstað með byssu á öxlinni og mág á hælunum; og hugðist hann efna til óeirða í þorpinu?“ – „Seiseinei, herrar mínír,“ hrópaði Rip, nokkuð brugðið, „ég er vesall

og friðsamur maður, heimamaður hér um slóðir, og dyggur þegn konungsins, Guð blessti hann!“

Nú braust út mikil háreysti meðal nærstaddir – „Konungssinni! Konungssinni! Njósnari! Flóttamaður! Flæmum hann burt! Burt með hann!“ Maðurinn með hattinn, sem tók sig svo hátíðlega, þurfti að hafa mikið fyrir því að stilla til friðar á ný; og þegar hann hafði gerst trú sinnum brúnaþyngri spurði hann kauða aftur í hvaða erindagjörðum hann væri og að hverjum hann leitaði. Veslings maðurinn fullvissaði hann í allri auðmýkt um að hann hefði ekkert illt í hyggju, heldur hefði hann einungis ætlað að finna nokkra af nágrönum sínum sem höfðu vanið komur sínar á krána.

„Ja – hverjir eru það? – nefndu þá.“

Rip hugsaði sig um sem snöggvast og spurði: „Hvar er Nicholas Vedder?“

Það varð stundarþögn en svo svaraði gamall maður veiklulegum og hásum rómi: „Nicholas Vedder! Ja, það eru átján ár síðan hann gaf upp öndina! Það var trékross á leiðinu hans þar sem stóð allt um hann en hann er fúnaður og farinn líka.“

„Hvar er Brom Dutcher?“

„O, hann gekk í herinn í stríðsbyrjun; sumir segja að hann hafi fallið í árásinni á Steinhöfða – aðrir segja að hann hafi drukknað í glundroðanum við rætur fjallsins Antonsnef. Ég veit það ekki – við sáum hann aldrei aftur.“

„Hvar er Van Bummer, skólastjórinn?“

„Hann fór líka í stríðið, varð mikill herforingi í þjóðvarðliðinu og situr núna á þingi.“

Hjartað sökk í Rip við að heyra af þessum dapurlegu breytingum á heimahögum hans og vinahópi og við að verða svona einn í heiminum. Sérhvært svar var honum líka ráðgáta vegna þess hvað það vitnaði um mikla tímaeyðu, jafnt og mál sem hann áttaði sig ekki á: stríð – þing – Steinhöfða – hann hafði ekki kjark til að spyrjast fyrir um fleiri vini heldur hrópaði upp í örvaentingu: „Kannast enginn við Rip Van Winkle?“

„Ó, Rip Van Winkle!“ hrópuðu tveir eða þrír upp. „Jú, svo sannarlega! Þetta er Rip Van Winkle þarna fyrir handan, hallandi sér upp að tré.“

Rip leit þangað og sá nákvæma eftirlíkingu af sjálfum sér þar

sem hann hélt upp í fjallið; greinilega jafn letilegur og sannarlega jafn tötralegur. Veslingsmanninum var nú öllum lokið. Hann hafði efasemdir um sjálfan sig og hvort hann væri hann sjálfur eða einhver annar. Mitt í þessari örvinglan spurði maðurinn með barðastóra hattinn hver hann væri og hvað hann héti.

„Það má Guð vita,“ hrópaði hann upp, viti sínu fjær; „ég er ekki ég sjálfur – ég er einhver annar – þetta er ég þarna fyrir handan – nei – þetta er einhver annar sem hefur farið í skóna mína – ég var ég sjálfur í gærkvöldi, en ég sofnaði uppi í fjalli og þeir hafa skipt út byssunni minni, og allt er orðið breytt, og ég er breyttur, og ég veit ekki hvað ég heiti, eða hver ég er!“

Nærstaddir litu nú hver á annan, kinkuðu kolli, drógu annað augað íbygganir í pung og drápu fingrunum á ennið. Það var líka hvíslað, um að ná byssunni af gamla manninum og koma í veg fyrir að hann gerði eitthvað af sér, en þegar maðurinn með barðahattinn, sem tók sig svo hátíðlega, heyroi það dró hann sig snarlega í hlé. Á þessari ögurstundu þróngvaði frökk og lagleg kona sér í gegnum þvöguna til að geta barið gráskeggjaða manninn augum. Hún hélt á hnallnum krakka sem varð skelfingu lostinn þegar hann sá manninn og fór að gráta. „Svona, svona, Rip,“ æpti hún, „svona, svona, litli kjáni; gamli maðurinn gerir þér ekkert.“ Nafn barnsins, fas konunnar, raddblærinn, allt kallaði það fram minningar í huga hans. „Hvað heitirðu, kona góð?“ spurði hann.

„Judith Gardenier.“

„Og hvað heitir faðir þinn?“

„Ah, veslings maðurinn, Rip Van Winkle hét hann, en það eru tuttugu ár síðan hann fór að heiman með byssuna sína og síðan hefur ekkert spurst til hans – hundurinn hans kom heim án hans; en hvort hann skaut sig eða var numinn á brott af indíánum veit enginn. Ég var bara smástelpa þá.“

Rip hafði bara eina spurningu í viðbót; en hann bar hana upp með sprakri röddu:

„Hvar er móðir þín?“

„Ó, hún dó fyrir stuttu; það sprakk æð í henni þegar hún æsti sig við farandsala frá Nýja-Englandi.“

Parna var þó að minnsta kosti smáhuggun, í þessum fréttum. Þessi góði maður gat ekki haldið aftur af sér lengur. Hann tók utan

um dóttur sína og krakkann hennar. „Ég er faðir þinn!“ hrópaði hann upp – „Ég var hinn ungi Rip Van Winkle einu sinni – nú er ég gamli Rip Van Winkle! – Man enginn eftir veslings Rip Van Winkle?“

Allir stóðu þarna þrumu lostnir þar til gömul kona skjögraði út úr mergðinni, bar hönd fyrir augu og horfði stíft í andlit hans sem snöggvast, hrópaði síðan upp: „Ja, hérna! Þetta er Rip Van Winkle – þetta er hann sjálfur! Velkominn heim aftur, gamli granni. Hvar hefurðu haldið þig þessi tuttugu ár?“

Saga Rips var brátt sögð því þessi tuttugu ár höfðu verið honum sem ein nött. Nágrannarnir ráku upp stór augu þegar þeir heyrðu það; sumir sáust blikka hver annan og glotta út í annað: og maðurinn með barðahattinn, sem hafði tekið sig svo hátfðlega og komið aftur þegar sljákkaði í fólki, dró niður munnvíkin og hristi höfuðið – og þá hristi mannsöfnuðurinn allur höfuðið.

Það varð aftur á móti að ráði að leita álits hjá Peter gamla Vanderdonk, sem sást staulast í áttina til þeirra. Hann var kominn af samnefndum sagnfræðingi sem var með fyrstu sagnaritum héraðsins. Peter var elstur manna í þorpinu og vel að sér um hinrar dásamlegu sögur og sagnir svæðisins. Hann þekkti Rip undir eins aftur og staðfesti frásögn hans með óyggjandi hætti. Hann fullviss-aði fólkið um að það væru alltaf undarlegar verur á kreiki í Kaatskillfjöllum og hafði það eftir forföður sínum sagnfræðingnum. Það var staðfest að hinn mikli Hendrick Hudson, sá sem fyrstur fann ána og landið, hefði haldið þar eins konar vöku á tuttugu ára fresti ásamt áhöfninni af *Hálfmána*; þannig gafst honum kostur á að vitja á ný staðanna sem hann hafði fundið og gat haft auga með ánni og borginni miklu sem báru nafn hans. Að faðir hans hefði einu sinni séð þá í gömlu, hollensku klæðunum sínum í keiluspili í skúta uppi í fjalli; og að hann hefði sjálfur heyrt hljóðið í kúlunum þeirra sumardag einn, eins og fjarlægan þrumugný.

Til að gera langa sögu stutta, þá tvístraðist hópurinn og sneri sér aftur að því sem meira var um vert, kosningunum. Dóttir Rips veitti honum húsaskjól; hún átti notalegt, vel búið hús og kraftmikinn og glaðværan eiginmann sem Rip mundi að hafði verið í hópi snáðanna sem príluðu upp á bakið á honum forðum. Sonur Rips og erfingi, sem var nauðalíkur honum þar sem hann sást halla

sér upp að tré, var vinnumaður á bænum, en hafði bersýnilega erft þá tilhneigingu að sinna frekar öðru en því sem til var ætlast.

Rip tók nú aftur upp sína fyrri göngutúra og siði; hann hafði uppi á mörgum af sínum gömlu félögum þó að tímans tönn hefði bitið þá alla; og kaus heldur að afla sér vina meðal yngri kynslóðarinnar sem tók fljótlega ástfóstri við hann.

Þar sem hann hafði ekki að neinu að hverfa heima fyrir, og var kominn á þann aldur að geta leyft sér að liggja á liði sínu, settist hann aftur í sætið sitt á bekknum við krárdyrnar og var virtur sem einn af ættfeðrum þorpsins og sem fræðaþulur um tímana „fyrir strið“. Þegar fram liðu stundir komst hann inn í hlutina aftur og fór að átta sig á þeim undarlegu atburðum sem höfðu orðið meðan hann lá í dvala. Að stjórnarbylting hefði verið gerð – að þjóðin hefði varpað af sér klafa gamla Englands – og í stað þess að vera þegn hans hátignar Georgs þriðja væri hann nú frjáls borgari í Bandaríkjunum. Rip var satt að segja lítill stjórnvitringur; breytingar á stjórnarfari í ríkjum og heimsveldum höfðu lítil áhrif á hann; en undan einu formi harðstjórnar hafði hann lengi kveinkað sér og það var – pilsastjórn. Til allrar hamingju var hún liðin undir lok; hann gat nú um frjálst höfuð strokið og gengið inn og út eins og honum lysti án þess að óttast ógnarstjórn frú Van Winkle. Ef hana bar á góma hrísti hann hins vegar höfuðið, yppти öxlum og ranghvolfdi augunum; sem mátti ýmist túlka sem merki um að hann hefði sætt sig við örlog sín eða sem feginleik yfir að vera laus úr ánaud.

Hann sagði hverjum einasta aðkomumanni sem lagði leið sína á hótél herra Doolittles sögu sína. Í fyrstu skiptin var eftir því tekið að honum bar ekki alltaf saman í öllum atriðum þegar hann sagði söguna, sem helgaðist án efa af því að hann var svo nývaknaður af dvalanum. Að lokum hljóðaði hún nákvæmlega eins og ég hef haft hana eftir og það fannst ekki sá karlmaður, kona eða barn í þorpinu sem ekki kunni hana utan að. Sumir þóttust alltaf draga sannleiks-gildi hennar í efa og héldu því statt og stöðugt fram að hann hefði ekki verið með öllum mjalla og að hann hefði ævinlega farið undan í flæmingi þegar hún barst í tal. Gömlu Hollendingarnir í þorpinu lögðu hins vegar fullan trúnað á hana, nánast allir með tölu. Enn þann dag í dag mega þeir ekki heyra þrumur í Kaatskillfjöllum að afliðnum sumardegi án þess þeir hafi á orði að Hendrick Hudson og

skipverjar hans séu í keiluspili; og það er algengt að eiginmenn sem búa við ofríki hér um slóðir óski þess þegar á móti blæs að þeir gætu fengið slurk úr könnu Rips Vans Winkles sér til hugarhægðar.

Athugasemd

EKKI ER ÓLÍKLEGT AÐ HR. Knickerbrocker hafi fengið hugmyndina að sögunni hér að ofan úr þýskri munnmælasögn um keisaran Frederick *der Rothbart* og Kypphäuserfjall: hjálögð athugasemd, sem hann lét fylgja sögunni, sýnir að þetta er dagsatt og lýst af þeirri nákvæmni sem hann tamdi sér.

„Mörgum kann að þykja sagan af Rip Van Winkle ótrúleg, en samt sem áður legg ég fullan trúnað á hana vegna þess að ég veit að yfirnáttúrlegir atburðir og fyrirburðir hafa orðið í grennd við hinrar gömlu byggðir Hollendinga. Ég hef reyndar heyrt furðulegri sögur en þessa í þorpunum meðfram Hudsonánni; allar höfðu þær verið svo rækilega sannreyndar að enginn efi komst að. Ég hef meira að segja talað við Rip Van Winkle sem var virðulegur, gamall maður og svo fullkomlega rökvís og sjálfum sér samkvæmur í öllum at-riðum að enginn heilvita maður gæti að mínu mati neitað að taka þetta gilt; nei, ég hef séð skírteini um málið lagt fyrir dómar og undirritað með krossi, með rithendi dómarans sjálfs. Sagan er því hafin yfir allan vafa.“ – „D.K.“

Rúnar Helgi Vignisson þýddi úr ensku

ATLI HARÐARSON
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ljóðið um ketti heilags Nikulásar eftir Gíorgos Seferis

Ljóðskáldið Gíorgos Seferis (Γιώργος Σεφέρης) fæddist árið 1900 í bæ sem heitir Vúrla (Βουρλά) á grísku en Urla á tyrknesku. Bær þessi er skammt vestan við borgina sem Grikkir nefndu Smyrnu (Σμύρνη) en heitir nú Izmir og er í Tyrklandi. Hann var mikilsvirtur á sinni tíð og birtist það meðal annars í því að á efri árum var hann saemdur heiðursdoktorsnafnbót við háskólana í Oxford og Cambridge á Englandi, Princeton í Bandaríkjunum og Pessaloníku í Grikklandi (Parisis 2008). Hann lést í Aþenu árið 1971.

Seferis hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1963. Af því tilefni tók Sigurður A. Magnússon við hann viðtal sem birtist í Morgunblaðinu. Viðtalið gefur nokkra innsýn í líf skáldsins þar sem segir meðal annars: „Sambúðina milli hinna opinberu starfa hans í utanríkisþjónustunni og köllunar sem ljóðskálds sagði Seferis hafa gengið vel. Hann hefði að vísu haft miklu minni tíma fyrir ljóðlistina en æskilegt hefði verið, einkum meðan hann var sendiherra í London. Það hafi verið mjög erfitt tímabil. Kýpurdeilan hafi þá staðið sem hæst og allir hans kraftar farið í starfið“ (Sigurður A. Magnússon 1963, 8).

Elstu íslenskar þýðingar á ljóðum Seferis sem mér er kunnugt um eru eftir Thor Vilhjálmsson og komu út í *Birtingi* (Seferis 1963) sama ár og Seferis fékk Nóbelsverðlaunin. Sá þýðandi sem mest hefur gert til að kynna skáldið fyrir íslenskumælandi lesendum er Sigurður A. Magnússon. Hann þýddi meðal annars ljóðabókina *Myþistorima* (*Μυθιστόρημα*) sem upphaflega kom út árið 1935.

Þýðingin heitir *Goðsaga* (Seferis 1967). Einnig eru þýðingar Sigurðar á sex ljóðum hans í bókinni *Naktir stóðum við: 5 grísk nútímaskáld* (Sigurður A. Magnússon 1975). Næst á eftir Sigurði er Geir Kristjánsson sá sem mest hefur gert til að kynna Seferis hér á landi. Í bók Geirs (1971), *Hin græna eik*, eru fimm ljóð eftir skálđið.

Allmögum áður útgefnum þýðingum eftir Geir Kristjánsson, Sigurð A. Magnússon og Thor Vilhjálmsson er safnað saman í bókinni *Grikkland alla tið* (Kristján Árnason 2013, 291–305). Í þeiri bok eru líka þrjú ljóð eftir Seferis þýdd af Kristjáni Árnasyni og eitt ljóð þýtt af mér. Í bókinni *Grikkland ár og síð* er líka endurbirt þýðing Sigurðar A. Magnússonar á einu ljóði og Geirs Kristjánssonar á tveimur ljóðum skáldsins (Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson, 2009, 381–383). Einnig er vert að nefna að Erlendur S. Eyfjörð hefur nýlega birt þýðingar á ljóðum eftir Seferis í *Són: Tímiriti um óðfræði* (Seferis 2018).

Í inngangi að *Goðsögu* gerir Sigurður A. Magnússon grein fyrir höfundinum og stöðu hans í bókmenntasögunni. Mun styrra yfirlit yfir æviferil Seferis og verk má finna í grein eftir mig sem birtist í *Són: Tímiriti um óðfræði* (Atli Harðarson 2015).

Ljóðið um ketti heilags Nikulásar, sem hér fer á eftir, er eitt af síðustu verkum Seferis. Það birtist í bókinni *Átján textar* ($\Delta\epsilon\kappa\alpha\chi\tau\omega\kappa\epsilon\mu\epsilon\nu\alpha$) sem út kom 1970. Ljóðið vísar í gamla sögu um ketti í klaustri á Kýpur. Saga þessi er til í ritum frá fimmtándu og sextándu öld. Um hana er fjallað í grein eftir Katerina Krikos-Davis (1984) þar sem jafnframt er rökstutt að það sem segir í ljóðinu um „kynslóðir af eitri“ spegли viðhorf skáldsins til herforingjastjórnarinnar sem ríkti á Grikklandi frá 1967 til 1974. Sú túlkun er nærtæk og sennileg í ljósi þess að skömmu fyrr, vorið 1969, hafði Seferis sent frá sér yfirlýsingu gegn herforingjastjórninni sem vakti verulega athygli (Parisis 2008). Bókin *Átján textar* tengist líka andófi gegn þessari illa þokkuðu stjórn sem reyndi að drepa menningu og sköpun í dróma. Það birtist í innihaldi kaflanna og ef til vill líka í heiti ritsins. Stjórvöld höfðu nýlega sett lög um hvað mætti birta á prenti og hvað ekki og átti framkvæmd þeirra að taka við af fyrri aðferðum við ritskoðun. Lögin kröfðust þess að nöfn bóka væru í nákvæmu samræmi við innihald þeirra. Roderick Beaton (2003,

400—401) segir frá þessu í ævisögu Seferis og lætur þess getið að höfundarnir átján hafi gefið fyrirmælum stjórnvalda langt nef með því að láta bók sem innihélt átján kafla fá þennan titil.

HEIMILDIR

- Atli Harðarson. 2015. „Ljóðið Afneitun eftir Gíorgos Seferis.“ *Són: Tímarit um óðfræði* 13, 136–141.
- Beaton, Roderick. 2003. *George Seferis: Waiting for an Angel*. New Haven, CT: Yale University Press.
- Geir Kristjánsson. 1971. *Hin græna eik: Ljóðabýðingar*. Reykjavík: Heimskringla.
- Helgi Hálfdanarson. 1990. *Grískir barmleikir, Æskílos, Sófókles, Evrípides: Helgi Hálfdanarson þýddi*. Reykjavík: Mál og menning.
- Krikos-Davis, Katerina. 1984. „Cats, Snakes and Poetry: A Study of Seferis' 'The Cats of Saint Nicholas.'“ *Journal of Modern Greek Studies* 2, nr. 2, 225–240.
- Kristján Árnason, ritstj. 2013. *Grikkland alla tíð: Sýnibók þýðinga úr grísku*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Parisis, Nikitas (Παρίστης, Νικήτας). 2008. Γώργος Σεφέρης, ο ποιητής και το ποιητικό του έργο. Αθηνα: Εκδόσεις Πατάκη.
- Seferis, Gíorgos. 1963. „Vegea þess að svo mikið“ og „Hydra“. Þýdd af Thor Vilhjálmsyni. *Birtingur* 9, nr. 3–4, 4–5. <https://timarit.is/page/5389961>
- . 1967. *Goðsaga*. Þýdd af Sigurði A. Magnússyni. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- . 2018. „Sextán hækur.“ Þýddar af Erlendi S. Eyfjörð. *Són: Tímarit um óðfræði* 16, 104–106.
- Sigurður A. Magnússon. 1963. „„Ljóðlistin er mannkyninu ekki síður mikilvæg en vísindin“, Einkaviðtal Morganblaðsins við grífska ljóðskáldið Giorgos Seferis, er hlaut bókmenntaverðlaun Nobels í ár.“ *Morganblaðið*, 25. október 1963. <https://timarit.is/page/1353762>
- . 1975. *Naktir stóðum við: 5 grísk nútímaskáld*. Reykjavík: Iðunn.
- Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson, ritstj. 2009. *Grikkland ár og síð: Bók belguð tveggja alda afmæli Sveinbjarnar Egilssonar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Kettir heilags Nikulásar¹

Allt um það syngur mér innst í barmi
einráður grunur, án lýrustrengs,
dapran harmaslag hefninornar,
horfinn líknandi von.
(Agamemnon, 990 o. áf.²)

„Mér sýnist að þetta sé skaginn þar sem kettirnir voru ...“ sagði kafteinninn við mig

og benti á lága strandlengju úti í mistrinu.

Það var jóladagur og enginn á ferli við sjóinn,

„... og þarna lengra í vestri fæddist Afródíta í öldum hafsins;
staðurinn er kallaður Rómverjaklettur.³

Hart í bak!“

Hún hafði augun hennar Salóme, læðan sem ég missti í fyrra
og Ramazan, hvernig hann starði á dauðann án þess að hvika,
heila daga í snjónum í Anatólíu
í frosti og sól,

heila daga án þess að hvika, aringuðinn smái.⁴

Ferðalangur, ekki staðnæmast.⁵

„Hart í bak“ muldraði stýrimaðurinn.

1 Þýtt úr grísku eftir útgáfu á vefsíðunni https://www.greek-language.gr/digitalResources/literature/tools/concordance/browse.html?cnd_id=1&text_id=3188

2 Tilvitnunin er úr leikritinu Agamemnon eftir Æskílos, hér í þýðingu Helga Hálfdanarsonar (1990, 34).

3 Þessi staður, sem heitir Petra tú Romiú (Πέτρα του Ρωμού) á grísku, er á suðvesturströnd Kýpur. Nafnið vísar til Grikkja ekki síður en þess fólk sem við köllum Rómverja því grískumælandi íbúar í Miklagarðsríkinu og síðar í ríki Ottómana kölluðu sjálfa sig Rómverja (Ρωμοί).

4 Hér minnist Seferis katta sem hann átti tveimur áratugum áður en hann orti ljóðið, högnans Ramazan sem dó í Ankara í Tyrklandi í október 1949 og læðunnar Túti sem dó ári fyrr. Seferis átti heimili í Ankara meðan hann var sendiherra Grikklands í Tyrklandi (Beaton 2003, 283).

5 Þessi lína vísar í eftirmæli sem Seferis orti þegar læðan Túti dó.

... vinur minn sem hefur ekki lengur fast skiprúm
gæti hætt þessu flakki,
haldið sig inni í litlu húsi með innrömmuðum myndum
og leitað að gluggum að baki þeim.
Skipsklukkan sló
eins og hent væri smámynt úr ríki sem leið undir lok
og minnti á ölmusur horfinna tíma.

„Undarlegt“, tók kafteinninn aftur til máls.
„Þessi klukka – kannski vegna þess hvaða dagur er í dag –
hún minnir mig á aðra, sem var í klaustrinu.
Það var munkur sem sagði mér frá henni,
hálfgalinn draumóramaður.

Þegar þurrkarnir miklu voru
– fjörutíu ár og ekki dropi úr lofti –
lagðist af byggð hér á eynni;
fólkidó dó og jörðin ól snáka.
Á þessum skaga voru þeir milljónum saman,
digrir sem mannsfætur
og eitraðir.
Nikulásarklaustrið var þá í umsjá
munka frá sankti Basil
og þeir gátu hvorki erjað ræktarlöndin
né haldið hjörðum til beitar;
kisurnar sem þeir fóðruðu urðu þeim til bjargar.
Í hvert sinn sem morgunn reis sló klukkan
og liðið hélt til orrustu.
Þær börðust allan daginn þar til sú stund kom
að hún kallaði til kvöldverðar.
Eftir mat sló klukkan aftur
og þær gengu út og börðust næturlangt.
Það var sjón að sjá þær, menn létu þess getið,
sumar haltar, sumar blindar,
vantaði trýni, vantaði eyra, feldurinn tættur.
Fjögur klukkuslög á dag og þannig leið tíminn,
mánuðir, ár.

Ævinlega meiddar og sárar en fullar af hamslausri þrjóska
útrýmdu þær snákunum og að lokum
hurfu þær sjálfar; þoldu ekki svo mikið eitur.
Eins og sokkið skip
sem skilur ekki eftir nein ummerki á sjónum
hvorki mjálm né hljóm í klukku.
Tökum strikið!

Hvað gátu þær gert þessir ræflar
sem börðust og drukku daga og nætur
eitrað blóðið úr skriðkvíkindunum.
Árhundruð af eitri; kynslóðir af eitri.“
„Tökum strikið“ endurtók stýrimaður og lét sér fátt um finnast.

Miðvikudagur, 5. febrúar 1969

Atli Harðarson þyddi úr grísku

Um Virgilio Piñera Llera

Virgilio Piñera Llera fæddist árið 1912 í bænum Cárdenas í Matanzas-sýslu á Kúbu. Hann var af fátæku fólkis kominn, einn af sex systkinum. Faðir hans var landmælingamaður og móðir hans kennari.

Árið 1934 lauk Piñera stúdentsprófi í borginni Camagüey, á austurhluta Kúbu, þangað sem fjölskyldan fluttist vegna atvinnu föðurins. Hugur hans stóð til frekara náms við Háskólann í Havana en ekki varð af því að hann hæfi þar nám fyrr en árið 1937. Hann stundaði nám í hugvísindum til ársins 1941 en þá hvarf hann frá námi og helgaði sig alfarið ritstörfum og þýðingum.

Eftir Piñera liggur mikið og fjölbreytt höfundarverk og sendi hann m.a. frá sér ljóðabækur, leikrit, smásagnasöfn, skáldsögur og ritgerðarsafn ásamt sjálfsævisögu. Hann var ötull þýðandi um ævina og þýddi höfunda á bord við Witold Gombrowicz, Charles Baudelaire og Imre Madách. Þá skrifadaði hann pistla, greinar og bókmenntagagnrýni í blöð og tímarit og hélt einnig fyrillestra um menn og málefni líðandi stundar. Piñera þótti óvæginn, mein-hæðinn og orðhvass í ræðu og riti og kom við kaunin á samferðamönnum og menningarfrömuðum í heimalandinu. Fyrir vikið reyndist honum sífellt erfiðara að fá verk sín útgefin. Einnig var hann útskúfaður og jaðarsettur vegna kynhneigðar sinnar. Síðustu æviárin lifði hann í sárri fátækt.

Ljóð hans og smásögur birtust til að byrja með í ýmsum tíma-rítum á Kúbu og einnig í Argentínu þar sem hann dvaldi með hléum á árunum frá 1946 til 1958. Fyrsti ljóðabálkur Piñera, *Las furias*, kom út árið 1941 og tveimur árum síðar sendi hann frá sér

kvæðabálkinn *La isla en peso* sem á íslensku hefur fengið titilinn Þungi eyjunnar (Piñera 2016). Hann kom að útgáfu ýmissa bókmennatímarita svo sem *Orígenes* og *Ciclón* á Kúbu og tengdist einnig hópnum sem stóð að *Sur*, einu þekktasta bókmennatímariti Argentínu. Þá ýtti hann úr vör tímaritinu *Poeta*, sem kom reyndar ekki út nema tvisvar sinnum.

Eftir Piñera liggja nokkrar skáldsögur, þekktust er án efa *La carne de René* (Hold Renés) frá 1952 sem er þroskasaga ungs manns skrifuð undir formerkjum súréalismu og absúrdisma. Í svipuðum anda eru aðrar skáldsögur hans t.d. *Pequeñas maniobras* (Óverulegar tilfærslur) frá 1963 og *Presiones y diamantes* (Þvingun og demantlar) sem kom út árið 1966. Kunnastur var Piñera sem leikskáld en með leikritagerð sinni þykir hann hafa markað upphafið að nútímaleikritun á Kúbu og jafnvel í allri álfunni. Eftir hann liggja á þriðja tug leikverka sem mörg má setja í flokk absúrdleikrita. Fyrsta leikritið sem vakti athygli var *Electra Garrigó* sem hann samdi árið 1941 og var frumsýnt árið 1948. Önnur kunn leikrit skrifuð undir formerkjum absúrdisma eru *Jesús* (Jesús) og *Falsa alarma* (Ástæðulaus ótti) sem hann samdi um og eftir miðja öldina. Undir lok sjötta áratugarins kom út *Aire frío* (Ferskt loft, 1959) sem var sett á svið 1962 og varð fljótt eitt vinsælasta leikverk hans.

Virgilio Piñera sendi frá sér tvö smásagnasöfn. Það fyrra, *Cuentos fríos* (Kaldar sögur), var fyrst gefið út í Argentínu árið 1956. Síðara smásagnasafnið titlaði hann *El que vino a salvarme* (Sá sem kom mér til bjargar) og kom það út árið 1970. Árið 1987, átta árum eftir fráfall hans, birtust tvö smásagnasöfn til viðbótar, annað með titlinum *Un fogonazo* (Eldblossi) og hitt ber heitið *Muecas para escribientes* (Grettur handa skrifurum) (Piñera 1999). Það sem einkennir Piñera er hversu kaldhæðinn og háðskur hann er í skrifum sínum og í mörgum smásögum hans rennur raunveruleiki og hversdagsleiki saman við fáránleikann.

Sögurnar sem hér birtast í þýðingu eru úr tveimur fyrstu smásagnasöfnum Piñera. Sagan „Læðan“ er úr *Cuentos fríos* (Kaldar sögur) frá 1956 en „Órjúfanlegt samband“ er úr *El que vino a salvarme*. Áður hafa birst í íslenskri þýðingu sögurnar „Andvaka“, „Helvítí“ og „Fjallið“. Þá kom sagan „Andlitið“ úr *Cuentos fríos* út á íslensku árið 2008 (Piñera 2008, 121–128).

HEIMILDIR

- Areta, Gema. 2015. „Estudio preliminar.“ Í Virgilio Piñera, *Ensayos selectos*, 11–51. Madríd: Verbum.
- Cervera, Vicente og Mercedes Serna. 2008. „Introducción.“ Í Virgilio Piñera, *Cuentos fríos. El que vino a salvarme*, 11–123. Madríd: Cátedra.
- Cervera Salinas, Vicente og María Dolores Adsuar Fernández. 2015. „Virgilio Piñera o las máscaras del teatro cubano.“ Í Virgilio Piñera. *Teatro selecto*, 11–8. Madríd: Editorial Verbum.
- Piñera, Virgilio. 1999. *Cuentos completos*, ritstýrt af Antón Arrufat. Madríd: Alfaguara.
- . 2008a. *Cuentos fríos. El que vino a salvarme*. Madrid: Cátedra.
- . 2008b. „Andlitið“. Í *Svo fagurgrænar og frjósamar. Smásögur frá Kúbu, Dóminíkska lýðveldinu og Púertó Ríkó*, ritstýrt af Erlu Erlendsdóttur og Kristínu G. Jónsdóttur, 121–128. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- . 2016. Pungi eyjunnar. Þýdd af Kristínu Svövu Tómasdóttur. Reykjavík: Partus.
- Ruiza, M., T. Fernández og E. Tamayo. 2004. „Biografía de Virgilio Piñera“. Í *Biografías y Vidas. La enciclopedia en línea*. Barcelona. Sótt 20. mars 2020, <https://www.biografiasyvidas.com/biografia/p/pinera.htm>.

Órjúfanlegt samband

Ást okkar kulnar með hverjum degi sem líður. Hún rennur okkur úr greipum, út um varir okkar, augu, hjörtu. Hjarta hennar leitar ekki lengur skjóls í hjarta mínu og fætur mínr ganga ekki lengur til móts við hana. Við höfum lent í því versta sem getur hent elskendur: við skilum andliti hvort annars. Hún tekur niður andlit mitt og fleygir því á rúmið; ég tek af mér andlit hennar og set það þjösnalega í tómið sem andlit mitt skildi eftir sig. Við hlúum ekki lengur að ást okkar. Það verður þungbært að fara hvort í sína átt.

En hvað sem því líður neita ég að gefast upp fyrr en í fulla hnefana og gríp því til minna ráða. Ég var rétt í þessu að kaupa tunnu af tjöru. Hún rennir grun í áform mitt og sviptir sig klæðum í einni svipan. Hún dýfir sér ofan í seigfljótandi vökvann. Líkami hennar bylgjast í svörtu þykkninu. Þegar ég tel að tjaran hafi náð að þekja allan líkama hennar skipa ég henni að stíga upp úr og leggjast á marmarahellurnar í garðinum. Og þá dýfi ég mér ofan í tjöruna. Sólin er hátt á lofti og hellir geislum sínum yfir okkur. Ég leggst við hliðina á henni og við sameinumst í þéttu faðmlagi. Klukkan er tólf á hádegi. Samkvæmt nákvæmum útreikningum mínum ætti hið órjúfanlega samband okkar að vera fullkomnað klukkan þrjú.

Erla Erlendsdóttir þyddi úr spænsku

Læðan

Gangurinn var nákvæmlega þrír metrar á lengd; hann virtist lengri vegna gulgrænna og köflóttra veggjanna. Innst á ganginum lá læðan með kettlinga á spena. Ég var í nýjum, gráum buxum; ég man ekki hvernig skyrtan var á litinn. Ég man aftur á móti að ég steig hægri fæti fram á ganginn skömmu eftir að hafa lagt bókina á rúmið mitt. Ég var vanur að taka einn kettlinganna og henda upp í loft fyrir framan læðuna. Til að gera það renndi ég vinstri fæti aftur og steig fram í hægri fót, sveigði líkamann, lyfti örmunum skyndilega og létt þá síðan falla hratt niður til þess að flugferð dýrsins varaði lengur og angist þess yrði meiri.

Með fránum augum fylgdist læðan með aðgerðinni sem ég endurtók dag eftir dag, dögum saman. Ég tók kettlinginn varlega af spena móðurinnar (ofurvarlega því læðan vissi orðið hvað ég ætlaði mér) og vippaði honum með snöggri hreyfingu úr vinstri hendi yfir í þá hægri.

Læðan gerði sig líklega til að fylgjast með skemmtuninni. Sem fyrr var vinstri fótur fyrir aftan, sá hægri fyrir framan, líkaminn sveigður. Hún beið eftir að sjá armsveifluna og dýrið litla svífa upp í loft: hún þurfti bara að fylgjast með flugferð skrokksins sem reyndist henni létt þar sem háls kattardýra er afar sveigjanlegur. Leikrænir tilburðir mírir gerðu annars áhugalausa læðuna oft standandi forviða. Svo henti ég dýrinu hátt upp og beið með útréttu lófana niðri við gólf og beindi sjónum upp til að fylgjast með fallinu niður. Ekki var hægt að segja í hvaða hæð kettlingurinn var þegar móðirin reis skyndilega á fætur, lagði loppurnar á axlir mér og sagði skýrt og greinilega: „Heyrðu mig nú, þetta er orðið gott! Heyrirðu það? Það er nóg komið!“ Um leið og ég steig vinstri fæti fram að

þeim hægri og buxnaskálmin skyggði á gula mynsturbekkinn á veggnum, svaraði ég með langdregnu mjálmi í þann mund sem kettlingurinn féll beint í lófa mína alveg niðri við flísarnar á gólfinu í ganginum sem var þrír metrar á lengd.

Erla Erlendsdóttir þýddi úr spænsku

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Atli Harðarson (f. 1960) er heimspekingur. Hann lauk doktorsprófi frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og er prófessor á því sviði. Netfang: atlivb@hi.is

Ásdís R. Magnúsdóttir (f. 1964) lauk doktorsprófi í frönskum bókmennitum miðalda og endurreisnar frá Háskólanum í Grenoble 3 (Stendhal). Hún er prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands. Netfang: asdisrm@hi.is

Bergþóra Kristjánsdóttir (f. 1952) lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Árósum, Danmarks Institut for Pædagogik og Uddannelse 2006 og starfar nú sem lektor i dönsku sem öðru máli og tvítyngi sama stað (DPU). Bergþóra hefur skrifað bækur og greinar um menntun í fjölmennigarlegu samfélagi. Netfang: bekr@edu.au.dk

Birna Arnbjörnsdóttir (f. 1952) lauk doktorsprófi í almennum málvíndum frá Texasháskóla í Austin og er prófessor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands. Netfang: birnaarn@hi.is

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir (f. 1949) lauk meistaraprófi í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hún var dönskukennari, norrænn kennsluráðgjafi, námsefnishöfundur og síðast forstöðumaður Tungumálavers Reykjavíkurborgar. Netfang: brynhildur-annar@gmail.com

Carmen Quintana Cocolina (f. 1986) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum og blaðamennsku frá Háskóla Íslands og Complutense Háskóla í Madríd. Hún er stundakennari í spænsku við Háskóla Íslands. Netfang: cqc@hi.is

Danila Sokolov (f. 1976) lauk doktorsprófi frá háskólanum Waterloo í Ontario í Kanada árið 2012 á sviði miðalda- og endurreisnarbók-

mennta. Hann er lektor í enskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Netfang: danila@hi.is

Eeva-Liisa Nyqvist (f. 1980) lauk doktorsprófi frá háskólanum í Turku, Finnlandi. Hún er nýdoktor við Deild finnsk-úgrísku og Norðurlandamála við Helsingfors universitet. Netfang: elnyqvist@gmail.com

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barselóna og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands. Netfang: erlaerl@hi.is

Geir Þ. Þórarinsson (f. 1978) lauk MA-prófi í klassískum fræðum og heimspeki fornaldar frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum og er nú aðjunkt í klassískum málum við Háskóla Íslands. Netfang: gtr@hi.is

Gíorgos Seferis (1900–1971) var grískt skáld sem hlaut bókmennaverðlaun Nóbels árið 1963.

Ibn Miskawayh (f. um 940) í Rayy í Persíu. Hann gegndi stöðu ritara og yfirmanns bókasafns í Bagdad. Skráði arabískar samtímaheimildir: „Örlög þjóðanna og árangur erfiðis“.

Núria Frías Jiménez (f. 1987) lauk MA-prófi í kennslu spænsku sem erlends máls frá Háskóla Íslands, Deusto-háskóla í Bilbao og Háskólanum í Barselóna. Hún er doktorsnemi og stundakennari í spænsku við Háskóla Íslands. Netfang: nfj@hi.is

Oddný G. Sverrisdóttir (f. 1956) lauk doktorsprófi í þýskum fræðum, málví sindum og norrænu frá Westfälische Wilhelms háskólanum í Münster og er prófessor í þýsku við Háskóla Íslands. Netfang: oddny@hi.is

Rósa Elín Davíðsdóttir (f. 1981) lauk doktorsprófi í málví sindum frá Sorbonne og Háskóla Íslands. Hún er ritstjóri íslensk-franskra

orðabókar auk þess sem hún sinnir frönskukennslu.

Netfang: rd@hi.is

Rúnar Helgi Vignisson (f. 1959) er prófessor á sviði ritlistar í íslensku- og menningardeild. Netfang: [rvh@hi.is](mailto:rhv@hi.is)

Vár í Ólavsstovu (1958–2021) lauk doktorsprófi frá Syddansk Universitet í menntunarfræðum með áherslu á færeysku. Hún kenndi við Fróðskaparsetrið í Færeyjum.

Virgilio Piñera Llera (1912–1979) var kúbanskur rithöfundur og skáld.

Washington Irving (1783–1859) var bandarískur rithöfundur og diplómati Frægastur er hann fyrir smásögur sínar „The Legend og Sleepy Hollow“ og „Rip van Winkle“.

Yuki Minamisawa (f. 1988) er doktorsnemi í máltaekni við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Netfang: yum2@hi.is

Pórhildur Oddsdóttir (f. 1953) lauk MA-prófi í dönsku með áherslu á kennslufræði tungumála frá Háskóla Íslands og er aðjunkt í dönsku við sama skóla. Netfang: tborhild@hi.is

Pórir Jónsson Hraundal (f. 1974) lauk doktorsprófi í miðaldafræðum frá Háskólanum í Bergen 2013 og er lektor í Mið-Austurlandafræðum og arabísku við Háskóla Íslands. Netfang: thorir@hi.is